

JÓN ARNASON LÆKNIR

Fæddur 10. sept. 1889. Dáinn 10. jan. 1944

Jón var sonur Arna Jónssonar bónda í Garði í Myvatnssveit og konu hans Guðbjargar Stefánsdóttur. Hann var þriðji í röðinni af átta börnum þeirra hjóna, en af þeim dóu tvö í barnsku. Vegna veikinda móður Jóns tóku barnlaus hjón, sem voru í húsmennsku í Garði hann í fóstur. Þau hétu Sigurður Guðmundsson, en Jón kallaði hann Di og Anna Jónsdóttir.

Jón komst yfir mikinn dyrgrip, litla svarta vasabók, sem gæti hafa verið fermingargjöf og hóf að skrifa dagbók árið 1904 14 ára gamall. Hann bjó þá ásamt fósturforeldrum sínum í Alftagerði í Myvatnssveit.

Pappírinn þurfti að spara og því fjallar dagbókin um það sem mestu máli skipti þá, þ.e. veður og fæðuöflun og síðar um ástæður þess að hann fór í skóla í stað þess að gerast bóndi. Hann skrifaði síðan móður sinni reglulega eftir að hann fluttist úr Myvatnssveit og hún geymdi bréfin. Síðasta bréfið er dagsett 13. 4. 1927 og því spanna dagbókin og bréfin 23 ár.

D A G B Ö K

Arið 1904

1. maí. Miðvikudagur. Rauð jörð, norðaustan stormur, frost lítið, hriðarhraglandi, festi þó ekki á landi. Eg var á dorg. Veiddi tvo.
2. maí. Fimmtudagur. Sama veður, minna frost og hrið. Eg var á dorg, veiddi fimm. Póstur kom í gær í Skútustaði, nóg blöð. Baldi var hjá okkur í nótt. Klukkan á eftir 10 mínútur í 4.
3. maí. Föstudagur. Sama veður og 1. maí. Eg var á dorg. Fékk 5.
4. maí. Laugardagur. Norðaustan, hvassari en dagana á undan og meiri hrið og frost. Eg var á dorg. Fékk einn.
5. maí. Sunnudagur. Í nótt sem leið snjóaði. einkum í framsveit. birti ögn til er á daginn kom svo nú (kl. 6) er hálfautt, ymist logn eða vestan gola, frostlaust. Eg var á dorg og festi.
6. maí. Mánudagur. Mikið frost í nótt sem leið, logn og heiðríkja í dag. Lítið eftir af snjónum á landi en varla klökknaði á ís. Nú (kl. 7) er suðvestan gola. Þám í lofti, ég var á dorg, fékk einn. Fátt tíðinda. Bensi skúti kom innan úr firði í dag með gráa hryssu.
7. maí. Þriðjudagur. Lítið frost í nótt sem leið, blítt veður í dag. Nú (kl. 6) er suðaustan gola og skyjað loft, eigi vel hlákulegur. Eg passa féð í dag, fór sem snöggvast á dorg og losaði ekki. Þi er niðrá Arnarvatni í dag við byggingar hjá Jóni Þorsteinssyni. Jónas Grani kom af skólanum í gærkveldi.
8. maí. Miðvikudagur. Í nótt var frost, en norðaustan bleytuhríð. Í dag festi þó lítt á landi. Nú (kl. 6) er norðan steyta, er ekki úrkoma, en útlit fremur ljótt. Þi er við sama starfa og í gær. Var þó heima í nótt. eg dunda allavega.

9. maí. Fimmtudagur. Norðan bruna hriðarveður í nótt og dag. Eins gráðu frost í morgun. en nú kl. 8 komið töluvert föl og hálffullir gluggar. Uppstigningardagur og lítið gert.

10. maí. Föstudagur. Í nótt hefur snjóað töluvert. Í morgun var sunnan gola en þám í lofti. Fór að hriða um hádegi. lyngdi og kl. 8 norðan gola og ljótur mjög. ekki hrið en töluverður snjór kominn. Eg var á dorg og fékk einn.

11. maí. Laugardagur. Í morgun austan gola og hlytt. át úr í nótt, sneri sér í suðrið með hrið, nú kl. 1 drungalegt loft, heiðríkur í suðri. Di fór ofan í Arnarvatn í vinnu til Jóns Þorsteinssonar. Eg fór á dorg og fékk tvo. Kl. 4 alheiðríkt, sunnan gola.

12. maí. Sunnudagur. Við Tryggvi förum kl. 5 í morgun á dorg og komum kl. 10, hvorugur losaði. Heiðríkt og frost í nótt, dró upp bliku í morgun, gerði austan hrið, snerist í suðrið með hægri hláku, nú kl. 8 mikið hreint loft, sunnan hlyinda gola. Eg fór á dorg aftur, varð ekki var, dúði alls í 20 vökum, fyrirmunað að losa. Læknir sóttur úr Arnarvatni í gær.

13. maí. Mánudagur. Frostlaust í nótt, 5 gráðu hiti í morgun. Þykkt loft, logn og blíða. Bar ein ær hjá Tryggva í nótt. Eg fór á dorg, veiddi fimm. 8 marka birting. Hvessti að suðaustan kl. 11, nú kl. 8 austan rumba.

14. maí. Þriðjudagur. Norðaustan kafalds bleytuhríð í morgun, alsnjóað í nótt, birti ögn úr hádegi, hvass að austan nú kl. 6.30. Eg fór á dorg, veiddi 13.

15. maí. Miðvikudagur. Norðaustan froststormur í allan dag, ekki hrið nú kl. 8 heldur að þynna í lofti og kyrra. Eg fór á dorg og veiddi einn.

16. maí. Fimmtudagur. Skafheiðríkt í nótt og dag, mest logn. Eg fór á dorg, veiddi 19. Brotið komið ofan í Hamarshóla, ís á vognum. Veiddum á suðurskörinni. Tryggvi 18 og ég 19. Fimm 14. kr. 10. Prestur 23. vænsti silungur.

17. maí. Föstudagur. Logn og bliða. Þám í lofti, kom sunnan gola með kveldinu. Eg fór á dorg, veiddi tvo.

18. maí. Laugardagur. Sunnan vindur, bliða og besta hláka. Eg fór á dorg með Skúta á byttu og fékk tvo. Verið að stífla ytri stífluna í dag.

19. maí. Hvítasunna. Í morgun losaðist ísinn af vognum og er nú autt út undir Bekra. Messað í dag, fjöldi fólks. 26 skírð, 9 fermd, 6 drengir, 3 stúlkur. Sunnan stormur. Fyrsta ærin okkar bar í dag. Eg lasinn, fór til messu.

20. maí. Mánudagur. Eg í rúminu, væg flensa. Agætt veður, logn og hiti. Di fór ofan í Geirastaði að vinna á.

21. maí. Þriðjudagur. Sama veður, ákafur hiti, ég skárri, Þó í rúminu. Di við það sama.

22. maí. Miðvikudagur. Enn logn og heiðríkja. 15 gráðu hiti í forsælu kl. eitt. Eg skárstur, flakka um túnið í dag.

23. maí. Fimmtudagur. Norðan rigning í morgun fram til kl. 11. Þoka í nótt, veðrið blítt nú kl. 1. Bláir jakar berast um flóann, leifarnar af ísnum, sem grotanði loks sundur í nótt.

24. maí. Föstudagur. Sunnan hlyindi í allan dag. Við Tryggvi lögðum net í gærkvöldi út í Vogkjafti. fengum einn. Di vinnur í Haganesi.

25. maí. Laugardagur. Þoka í morgun, nú sólskin kl. 2. Þessi vika hefur verið afbragðsgöð víðast, menn langt komnir að vinna á tünnum, sumir byrjuðu fyrir hátið. Flokkur kominn á laggirnar fyrir löngu. Ekki hef ég enn séð egg, en byrjað mun að verpa uppi á bæjum.

26. maí. Sunnudagur. Í gærkveldi fór ég upp í Garð. Fann stórugr. á 10 eggjum á Básunum. Var þar í nótt og allan dag. Þar var haldinn konufundur. 34 pilsmerar mættu og ráðslöguðu til

háttatíma. Logn og blíða, sólskin, fremur loftkalt. Þoka í nótt.

27. maí. Mánudagur. Sama veður og í gær. Di fór ofan í Geirastaði að vinna á.

28. maí. Þriðjudagur. Norðaustan kulda hriðarhraglandi. 2 gráðu hiti í morgun, nú á punkti kl. 5.30.

29. maí. Miðvikudagur. Mikið frost í nótt, ísaðir og hvítir af snjó allir pollar og smátjarnir. Í morgun norðaustan steyta og hriðarslitur í allan dag. Sólskin annað slagið. Piltar drógu, veiddu 31.

30. maí. Fimmtudagur. Frost í nótt. Logn í morgun, sólskin framan af í dag, norðan stormur nú kl. 9. Di í vinnu hjá presti bæði í dag og fyrradag. Kuldaveður og vart frostlaust. Eg fór suður um allar engjar í dag að leita að ám. Fann Bjartleiti mína með eitt lamb í stað tveggja, fann urt á 8 eggjum, duggönd á 3, rauðhöfða á 5, tók allt.

31. maí. Föstudagur. Lítið frost í nótt, sólskin í dag, ekki neinn hiti. Piltar drógu 3 drætti í morgun. fengu eina horgálu. Þingað í dag og rennsli hér mikið. Eg fór að leita að lambinu og fann ekki. Eg fann þó duggönd á 8 eggjum og tók allt, hrafnönd á 2 og lét vera og rauðhöfða á 5 og tók 2.

1. júní. Laugardagur. Norðaustan hriðarslitur, kalt og hvasst mjög. Eg gekk við ær og fann Dömu mína með eitt lamb í stað tveggja. Di er í vinnu hjá presti.

2. júní. Sunnudagur. Sama veður, við ferjuðum 19 ær ofan í Ketey. Gekk bærilega.

3. júní. Mánudagur. Norðan kuldastormur, sólskin. Við Tryggvi drógum 7 drætti og veiddum 16. Einnar gráðu frost kl. 9 í gærkveldi.

6. júní. Fimmtudagur. Nú hefi ég ekki skrifað í 3 daga vegna

rúningsanna. Á Þriðjudagsmorguninn fór ég upp í Garð og rúði þar um daginn fé úr Brunanum, einn sauð og 9 gemsá. FóR kl. 6 austur í Grjót á móti gangnamönnum. Við komum kl. 10 á miðvikudagsmorgun ofan í Garð. Þar rúði ég sauð og gemsá, einn var rúinn fram í Koti, vantar því fjóra. Svaf í Garði í sex tíma og fór síðan heim um kveldið. Í dag fór ég fram í engjar að leita að eggjum, kom með 14, 4 rauðhöfða, 5 hávellu, 2 hrafnсандar og 3 duggandar. Á Þriðjudag var logn um morgun, hvessti að norðan, er á daginn leið, frost um nóttina og sama veður í gær. Í dag er norðvestan hriðarslitur, einnar og hálfrar gráðu hiti þegar heitast var. Di í vinnu hjá presti.

7. júní. Föstudagur. Norðan stórvíðri með hrið, einnar gráðu hiti kl. 10. Tombóla var haldin á Skútustöðum Inn komu fyrir hana 224 krónur, kaffi selt fyrir 50 krónur. Skemmtifundur á eftir.

8. júní. Laugardagur. Sama veður, alsnjóaði um kveldið.

9. júní. Sunnudagur. Veðrið betra, sunnanvatns éljagangur. Baldi og Di fóru með farm af drasli ofan í Geirastaðaland kl. 9 um kvöldið, fengu ekki prammann fyrir vegna dráttarveiði presta.

10. júní. Mánudagur. Svipað veður og í gær framan af. Um kvöldið fór Di alfarinn úr Alftagerði með farangur sinn ofan eftir. Gerði mikla hrið um kvöldið.

11. júní. Þriðjudagur. Hriðarlaust í dag, en klofháir skaflar. Við Anna fórum alfarin úr Alftagerði snemma dags ofan í Geirastaði eftir eins árs og sex daga veru í Alftagerði. Þá er við komum ofan eftir voru þeir Di og Baldi farnir að bera heim draslið ofan frá ós. Við vorum við það til kvölds í slæmu veðri. Þó var frostlaust og lítil úrkoma.

Dagbókarskrif Jóns falla niður í 4 ár. Hann býr á Geirastöðum og er nú orðinn 18 ára gamall.

Árið 1908

Í dag er 26. apríl 1908. Eg fór að líta í skruddurnar mínar og rakst þá á dagbókarbrotið mitt, las það og hafði gaman af þó endasleppt sé. Eg er því að hugsa um að bæta úr því eftir föngum og minnst lítillega á veru mína hér á Geirastöðum, þó að mér finnist að vísu enginn ljómi hvíla yfir henni þegar ég læt hugann renna eða flögra sem soltinn hrafn yfir liðna tímann hér. Beri ég því saman æskustundirnar sannglöðu og sælu og nútíðina finnst mér nútíðin líkust viðbitslausri og brenndri flatbrauðsköku.

Jæja, fyrstu nóttina hér svaf ég hjá Jóni litla Jónssyni í hliðarrúminu undir austurhliðinni í baðstofunni okkar (það er búið að taka það burt nú). Daginn eftir var sólskin og logn. Þá fór Jón Marteinsson héðan með fólk sitt. Þann dag stungum við Baldi út úr húsi, það var mitt fyrsta verk hér. Skömmu síðar tókum við ærnar úr eyjunni.

Eggvarp fremur lélegt, nálægt 1000 í hlut. Veiðiskapur lítill í vor, þó kom dálítið skot af smásilungi, við drápum eina nótt 2-3 hundruð, en slepptum fjölda. Í þessari veiði voru aðeins 14 bröndur fullvaxnar. Nóttina eftir drápum við nálægt 60. Þetta var við Báruna og dálítið ofan við Hóla. Mjög lítið veiddist í ánni og hestadrættir voru aldrei dregnir. Hér var fært frá 52 ám, þar af nytkuðum við 20. Af þeim átti Jón Marti 4 og Baldi 2. Við pössuðum að 2/5. Ærnar voru geysilega óþægar þó vargur væri enginn eftir fráferur, sem dæmalaust mátti heita. Grasspretta var léleg hér fremur vanda. Sumarið kalt, en úrkomur eigi mjög miklar, helst hríð. Nyting heyja því fremur góð en heyfengur víða með minna móti.

Fjallheimtur margra slæmar en fjárprís góður. Haustið hið versta. Skömmu fyrir veturnætur, að mig minnir, kom hér bylur svo fé

fennti víða. Það mun annars hafa verið í septemberlok. Þó eigi hér í sveit sem teljandi var, en margt fennti í Reykjahverfi og Aðaldal. Þá var Jón Mart. fenginn með Lappa sinn og fóru þeir um allar trissur og fann seppi yfir 40 fjár. Fékk hann síðan hunda-pest og drapst því skæð hundapest geysaði. Aðfaranótt hreppamóts- dagsins drukknaði Brunka okkar gamla mitt á milli Belgjar og Sviðinseyjar, hafði ætlað að strjúka, en vatnið var nýrennt. Hún var þá 19 og hálfis árs gömul.

Veturinn hefur verið hinn besti, ymist rautt eða lítill snjór fram á Þorra og jafnan frostlitið. Óvíða tekið hér fullorðið fé fyrr en um fengitið. Rumir 70 sauðir gengu af Geldingsey. Á Þorra lakaðist tíðin og gerði allmikla snjóa. Góa þeysin og fremur slæn var þá jarðlitið. 5. apríl hlánaði og var þá ágæt tíð í hálfan mánuð, sífelldar hlákur og blíður svo tók upp snjó allan og gróður að byrja í maí, slepptu því nær allir um páska.

Við settum á í haust 55 kindur, af því átti Baldi 5, 1 kú, og kálf og 2 hesta. En þó veturinn hafi verið góður gerir ekki betur en heyin endist þó allt gangi vel hér á eftir. Við misstum sauð eftir nýárið úr vatnssótt. Hann var frá Jóni Mart. og rollu á Þorranum úr einhverri ótukt. Um páskana rak ég geldkindur okkar austur í Lúdent, en á Þriðja í páskum var norðaustan brunahrið, en festi þó ekki. Þótti mönnum þá skipt um. Daginn eftir meira frost. 5 gráður og gerði fól um kvöldið og næsta dag 23. apríl var sumardagurinn fyrsti. Þó veturinn væri góður voru þó margir snarpir byljir í honum.

Dagbók sumarið 1908

23. apríl, sumardagurinn fyrsti. Norðan brunahrið og renningur og 5 gráðu frost allan daginn.

24. apríl. Norðaustan gola. Þurrft loft. sólbráð svo snjórinn hvarf að mestu, loftkuldi mikill, jörð stálfrosin.

25. apríl. Norðaustan eljagangur allan daginn, festi ekki á landi. Eg fór á dorg. fékk einn í Hrúteyjarsundi.

26. apríl, sunnudagur. Norðaustan rumba, lítil hríð.

27. apríl, mánudagur. Svipað veður, lítið frost, minna en áður.

28. apríl, þriðjudagur. Allgott veður, austan gola, frost lítið.

29. apríl, miðvikudagur. Austan rumba, suðlægari í lofti, veður allgott. Eg heima við þessa dagana.

Nú er kominn 22. maí og hefi ég því ekki skrifað neitt rúmar þrjár vikur og get ekki öðru kennt um en bölv. leti og trassaskap, en því ekki um annað að gera en manna sig upp og reyna að hripa eitthvað. Eg sé að ég hef skrifað seinast 29. apríl, þ.e. á miðvikudag. Fimmtudag, föstudag og laugardag var gott veður. Á laugardag fór ég með gemlinga Markúsar í Geitafelli upp í Garð. Seinni part dagsins spilltist veðrið og hlóð niður snjó um nóttina.

Sunnudag var ég við messu, þá voru fermd 5 börn, var þá hið versta veður. Mánudag 4. maí og þriðjudag 5. var norðan bruna-hríð svo varla var beitarveður, voru nú komnar töluverðar fannir. Á miðvikudag 6. maí var norðaustan þíða svo át úr og varð hálf-autt. Fimmtudag og föstudag var norðaustan brunastormur, á laugardag bjartviðri og austanstormur. Þrjá síðustu daga vikunnar fór ég á dorg og á sunnudag 10. og fékk alls 9 bröndur. Sunnudag 10. maí var gott veður og síðan hafa verið sífelld góðviðri, allur snjór farinn. Ísinn losnaði af vatninu nálægt 18. maí. Þann 17. fór ég á dorg upp í Vík, fékk 3 svo alls fékk ég á dorg í vor 30.

Við lukum við að vinna á túninu mánudaginn 18. maí. Við höfum annað slagið verið að leggja upp á Alum og við Báruna síðan um sumarmál, búnir að leggja 14 - 15 sinnum og fá alls 57, þar af Baldi 5, Jonni 17 og ég 35, þar af 2 í morgun.

22. maí, föstudagur. Eg gleymdi að geta þess að 19. - 28. maí var norðan kuldarumba og hríðarkrapaslettingur, en í dag er sunnan hlákustormur og góðviðri svo vonandi eru nú öll vorhret úti. Guðmundur heitinn á Grænavatni jarðsettur í dag og fátt manna

heima hér.

Tíminn líður. Nú er komin hvítasunna 7. júní og ég hefi ekkert skrifað í 16 daga og búinn að gleyma mörgu sem skrifa hefði mátt um, einkum um veðuráttu. Tíðin hefur yfirleitt verið góð. 25. maí að mig minnir var alhvít jörð um morguninn, síðan hefur ekki snjóað. Við lögðum þrisvar skömmu eftir að ég skrifaði seinast og fengum alls 10, áður komnar 57, alls 67, þar af Baldi 7, Jonni 19 og ég 41. Við drógum á laugardag og fengum 61, síðan hefur stöðugt veiðst töluvert, mest 135 svo alls erum við búnir að veiða á dráttum í vor 404. Egg fundum við fyrst 24. maí.

Búið að rífa skemmu og bæjardyr og nóg að gera. Verið að kenna sund í Vogum, kennari er Lárus Rist, nemendur 15 - 20. Eg er búinn að vera við það í 5 daga og kominn upp úr að nafninu til. Kennslan á að standa í hálfan mánuð. Síðastliðna viku hefur verið hly austanátt og skúrir annað slagið, gróðrartið hin besta.

28. júní, sunnudagur. Nú er ég kominn í skömm með allar skriftir eins og vant er, hefi ekki skrifað neitt í 3 vikur. Ekki var ég meira við að læra sundið, vikuna eftir hvítasunnu var versta tíð mest af. Í 4 daga grenjandi norðvestan ofsi og oft krapahrið. Síðan hefur verið góð tíð, skúrasöm þó. Nú um tíma hly suðvestanátt. Í dag er besta veður, varp nær enda, mun það hafa verið fremur gott. Ásmundur á Grænavatni hefur verið hér þessa viku að smíða, hann fór í dag. Byggði langhús 5 alnir á breidd og 4 á lengd. Byrjað að færa frá, við rákum ær okkar upp á mela 18. júní. Nú er versti vargur um allt, en veiðiskapur enginn síðan um hátíð.

Arið 1909.

Arbók 15. júní 1909. Nú vantar 13 daga til að það sé liðið ár síðan ég skrifaði það, sem er efst á þessari blaðsíðu. Eg fór að gramsa í kofforti mínu, datt ofan á dagbókarbrot, las ögn og sannfærðist um að nauðsynlegt væri að bæta einhverju við. Margt hefur skrifandi skeð á þessu ári og þó að mér hafi fundist ymsir dagar langir þá finnst mér heildin stutt.

Réttast mun að reyna að brasa byrjunina við stúfinn gamla, segjum svo: Eggvarp var gott, alls rúm 2600, indæl tíð tók við þá ég hætti um árið að skrifa, heiður himinn dag og nótt, kom og brátt hitasilungur á Strönd, alls veiddist þá 11.000 að þeirra framtaki er áttu. Þurrt var að slá túnin, eigi man ég hvenær við byrjuðum. Þurrkar og besta tíð allan sláttinn, spretta var víða góð, hey-
aflí með allra besta móti, nyting ágæt. Haustið var ágætt að veðurlagi. Okkur vantaði afar illa af fjalli, 12 af 66, flest dilka. Fjárprísar voru allgóðir, ullarverð lágt.

Veturinn yfirleitt mjög góður. Fé gekk hér úti fram í desember, kom þá hriðarbálgur. Hlákur og blíða um jól fram á þorra. Góa slæm, batnaði snemma. Viku fyrir Pálma komu hreinviðri, hlákur um páska, síðan stillur lengi og þitt flesta daga, leysti því snjó hægt og lipurlega. Kaldar voru fyrstu sumarvikurnar til sauðburð-
ar, síðan góð tíð og nú heitari í hálfan mánuð. Nóttina eftir uppstigningardag gerði mikinn snjó og yfirhöfuð var maí vondur, sífelldir kuldar, hriðarhraglandi og norðaustanátt. Dorgarveiði var töluverð, ég fékk 103 alls. Sauðburður gekk vel, búið að ryja geldfé fyrir einni og hálfri viku, við höfðum okkar heima til rúnings, þá rak ég það fram í Sló. Í dag er Þykkviðri og rigning annað slagið, vargur mikill.

Árið 1910

Í dag var 21. febrúar 1910. Eg hefi því ekki skrifað neitt í 8 mánuði. Þeir hafa verið mér þungir í skauti eða 5 af þeim. Það var um tíma að ég vissi ekki hvort bæta skyldi við brot þetta, mér var ekki létt um að þurfa að hafa söguna eins og hún í rauninni er. Að lýsa nákvæmlega því, sem gerst hefur, get ég eigi, en aðeins punkta það helsta, sem snertir sjálfan mig, því nálega hefi ég hvorki gert né getað um annað hugsað nú um tíma...

Hér hefi ég þá hætt því að nú er 5. júlí 1910. Nú vil ég reyna að skrifa það sem mig brast þrek til fyrir 4 mánuðum síðan, enda er eg nú all hress í anda. Tek þar upp söguna er hún féll niður fyrir rúmu ári, en fyrst þarf ég að skyra ögn frá ástæðum.

Geirastaðahelmingur okkar kostaði 1160 krónur. Di þurfti að taka til láns (í banka) 500 krónur til að borga. Síðan reisti hann sér hurðarás um öxl með því að byggja hér, sem minnst hefur kostað 400 krónur. Ymis óhöpp með skepnur (kyr og hestmissir og fjár) ollu því einnig að vorið 1909 voru skuldir hans orðnar 12 - 1300 krónur og fastréðum við því að selja jörðina, sem okkur hefur aldrei líkað. Skyldi hún kosta 1600 krónur. Jón Marti var ekki frá því að kaupa, en þá gekk Sigurður Sigurjónsson fram og bauð að borga 1500 krónur fyrir hana strax (fyrir septemberlok 1909). Þetta unnum við til til þess að fá peninga svo visst og fljótt og var gert kaupbréf um fardaga og skyldi Di hafa fjórðapart allrar jarðarinnar til ábúðar 1909-10. En Sigurjón tók kúgildið allt. Brátt sáum við að við höfðum ekkert tveir að gera á 1/4 Geirastaða og fór ég því upp í Garð rétt fyrir sláttinn.

Síðan ég man eftir mér hefur það setið í mér að ég færi í Gagnfræðaskóla Akureyrar og það hefur Di alltaf viljað og þegar ég var á Kálfaströnd gat ég farið ef eigi hefði kjarkleysi ollað, en mest iðrast ég eftir að ég fór ekki á skólann úr Alftagerði. En sleppum því, slíkt sést aldrei til fulls. Úr Geirastöðum gat ég ekki farið nema setja allt um fyrr en búið var að selja, en aðal ástæðan fyrir sölunni var þó öll önnur, þó þetta hafi ef til vill ytt undir Di.

Eg var nú í Garði allan sláttinn, myrin var góð og við heyjuðum vel. Þurrkar voru svo stopulir að nálega kom enginn tryggur dagur helst voru glæfur á sunnudaga, voru því hvíldir engar. Mér var ætluð mikil vinna, en enginn hreystimaður orðinn (lasleiki í Alftagerði fór illa með mig svo nálega er ég ekki samur maður enn). Fór þá svo um síðir að rétt fyrir göngur, mig minnir 7. september, veiktist ég snögglega, læknir var sóttur, var það liðagigt er að mér gekk. Meðul fékk ég sem skjótt eyddu mestu kvölunum, en samt sem áður lá ég í 5 vikur í Garði og batnaði lítið, gat varla snúið mér í rúminu og kreppti mig um hnén. Ekki get ég lyst þeim helvítis kvölum, sem ég leið á sál og líkama, fátækt og skuldir aðstandenda minna og dauft útlit í framtíðinni lömuðu hugann, nú komst ég ekki í skólann heldur.

Loks var ég fluttur ofan í Geirastaði og er ég hafði legið þar í 4 vikur fór ég að reyna að klæða mig, hafði mér smábatnað þó hægt færi, ekki gat ég staðið fyrstu 2 - 3 vikurnar, en fór fram úr rúminu einu sinni til tvisvar á dag, smá fór mér fram líkt og barni, sem er að byrja að ganga þó hraðara væri. Mundi mörgum hafa bilað kjarkur fleiri en mér því mikil voru umskipti fyrir þann, sem hafði verið fóthvatur áður og litla von hafði ég um að verða nokkurn tíma albata, enda smíðar þessi veiki að manni og hefur haft illt í för með sér þó síðar komi fram.

Um jól gat ég gengið stutta bæjarleið. Á þorra fór ég upp í Garð og var þar um tíma og um þorralok gekk ég heim á einum degi. Á Góu fór ég fram í Baldursheim og var þar annað slagið þangað til 1. maí, þá fór ég inn á Akureyri og las undir próf. Í Baldursheimi hafði ég fengið tilsögn hjá Þórólfi. Lásuð við með Páli og Arna (Jón í Baldursheimi og ég) og vorum í heimavist, ég svaf á Sólheimum hjá Niels Stefánssyni og Jóni Halldórssyni. Tók ég próf og kom heim 24. maí, komst upp í annan bekk. Fékk ég þannig fram komið áformum mínum þó nokkuð væri á annan hátt en ég ætlaði í fyrstu og gekk ég að innan á dag í Einarsstaði og annan heim. Síðan hefur mér smábatnað, þó ekki jafngóður.

Hvað þá hefði ég ekki veikst?

Vorpróf í maí 1910

Íslenska	6
Danska	6
Enska	5 munnleg 6, skrifleg 4
Stærðfræði	4
Íslandssaga	6
Eðlisfræði	4
Landafræði	6
Náttúrufræði	4
Ritleikni	6 eða 7

Alls: 44 stig.

Bóklegar greinar:

41 stig í maí 1910
50 stig í des. 1910
53 stig í mars 1911
56 stig við vorpróf 1911

Eytt veturinn 1910 - 1911 samtals kr. 245.

Peningar haustið 1911:

Frá Jóni Þorsteinssyni	kr. 90
Atti heima ca.	- 15 - 20
Fyrir 8 kindur	- 121
Prentsmiðjustyrkur	- 27
Að heiman	- 15
Að láni	- 80

Meðferðis:

Blá ytri föt, önnur grá, (buxur og slopp) og peysu, milliskyrtur 3, nærskyrtur 2, brækur 2, vasaklúta 6, hálstau 1.
Róúmföt: Yfirsæng með tvö ytri ver, rekkjuvoðir 4, svæfill og tvö ver hans, þurrkur 2, koddaver 2, hálsklútur 1, koddí, 5 þör sokkar, tvennir vettlingar, skinnhúfa, ein sessa.

Jonni í gagnfræðaskóla

Mynd af Gagnfræðaskóla
Akureyrar

- Hér 15. okt. 1010

Kæra góða móðir,

Þarna sérðu nú skólahúsið okkar, það er að segja austurhlið og suðurstafn. Dyrnar sem þú sérð. eru bæjardyr Stefáns skólastjóra, en skríldyrnar eru norðan á. Svo eru dyr að vestan, það mega bakdyr heita, því um þær er til salernis gengið. Húsið er skeifulaga. Neðsta gluggaröðin er á kjallaranum. Önnur er á "Bekkjunum" að austan, en íbúð Stefáns að sunnan. Sú þriðja er á heimavistunum. Þú sérð að 5 af þeirri röð eru á suðurstafni. Sá austasti er á Sólheimum, næsti (opinn) er á gangi, sem liggur eftir loftinu, 3. er á lestrarstofunni okkar, 4. er á svefnstofunni. Geldingur er nefnilega sunnan á vesturálmunni syðri uppi, þar ofan við er háaloft, þar verður eitthvað búið því nú er allt fullt af fólki. 46 komnir í matarfélag, flestir þeirra eru í heimavist. Nú eru víst allir komnir. Þar eru allir hausalitir, hlандrautt og gult, svart og sámleitt, sem von er því hér eru samankomnir Mongólar og Malajar, Eskimóar og Hottentottar auk annars skárra og verra. Í dag er frí því það er verið að prófa ymsa nýkomna nýsveina í alla bekki. Í dag höfum við verið að kaupa ymsa búshluti því margs þarf með, svo sem: skólþötu, vatnskönnu, vaskaföt, vatnsglas, eldspytur, gardínur o.fl., en þetta er léttbært þegar við erum svona margir saman.

Það fór illa að ég gleymdi að senda þér bréf frá Ásu með Helgu Sigurjóns og svo verð ég nú að kaupa það í póstinn.

19. okt. Þó engar séu fréttirnar ætla ég að reyna að bæta við þennan miða eftir föngum því ég vil rispa örkina út. Nú eru komnir hingað 107, ég veit um einn ókominn. Alls eru 14 stúlkur. Fyrsta og öðrum bekk er skipt í tvær deildir hverjum. Í 3. bekk eru 35. Í öðrum bekk A eru 16, þar erum við Myvetningarnir. Í öðrum bekk B eru 17. Í fyrsta bekk A eru 20, en B 19. Við sitjum í 6 tímum á dag, 36 á viku.

Þeir skiptast svo á milli námsgreinanna: Íslenska 5, kennari sr. Jónas. Enska 5, Arni Þorvaldsson. Stærðfræði 5, eðlisfræði 1, kennari Þorkell. Danska 4, mannkynssaga 3, kennari Karl Finnbogason. Náttúrufræði 3, landafræði 2, kennari Karl Einarsson. Teikning 2. Hegðun 2, kennari St. Björnsson. Leiðinlegust er stærðfræði um það þer öllum saman. Það er vitlaus og óþarfur bókstafsreikningur. Íslenska er líka þurr, við lærum "Málamyndalysingu" eftir Wimmer. Svo eru kennararnir misjafnir. Skemmtilegastir þykja mér Karl og Stefán. Í dag hlupum við öll á milli tíma (við höfum 10 mínútur fríar af hverjum tíma). Ég held að Stefán hafi mátt vera ánægður með húskarlahópin og ærnar urðu þá ryskingar sem oftast.

Hér eru 3 nyir Þingeyingar. Haukur Ingjaldsson frá Garðshorni, Einar Guðjohnsen og Arinbjörn frændi. Hann býr með dreng sem heitir Svavar Pálsson, Bergssonar kaupmanns í Ólafsfirði. Hann er í 1. bekk B, þar er einn stærri en hann. Einar er hjá Sigurði Hjörleifssyni. Oft hef ég komið í "borgina" og fram á skip. Skemmtilegast er að heyrast hundsgelt þar neðra og sjá sveitamenn með lest sína.

Ég ætla að láta hér með kvittanir, sem pabbi á ef ég man. Ég vona að ég fái nú bréf frá ykkur með póstinum, ég nenni ekki að skrifa og hef engar fréttir núna. Ég held þér þætti gaman að horfa út um gluggann okkar stundum á hænurnar hans Stefáns þegar þær eru að tína í sig á daginn. Ekki veit ég hvað þær eru margar, flest hef ég séð 16 í einu.

Fyrirgefðu hvað þetta er vitlaust bréf. Ég skal reyna að hafa það betra á morgun móðir mín, lifðu svo vel og heil,

biður Þinn Jón.

Lækjargötu 12B, Reykjavík, 2. okt. 1912

Góða mamma,

Mér finnst það vera að róa á móti straumi forlaganna að ég skuli vera kominn hér. Það er ef til vill af því að mér hefur aldrei búið það í huga að koma í Reykjavík í slíkum erindagjörðum. Og mér fannst þetta alltaf á leiðinni, finnst það líklega þangað til önnur hvor árin brotnar og mig hrekur til baka. Ef til vill sney ég hana viljandi sundur....

Í hvert skipti, sem ég tek upp úrið mitt - en það hef ég oft gert þennan tæpan sólarhring, sem ég hef átt það - dettur mér þú í hug. Það er ekki það (úrið), sem mér þykir svo vænt um, heldur það sem liggur á bak við gjöfina.

Ég skrifaði ykkur dálítið rutlaður af Akureyri. Þar steig ég á hinn klárgenga Austra kl. 10 f.h. á laugardag. Allt gekk vel út fyrir Hrísey, ég var á þiljum og athugaði lönd á báða bóga. Eru þau fremur ljót og ömurleg. Eigi hefi ég séð aðra eins hamra og þá sem ganga fram í fjörðinn vestan megin norðan við Svarfaðardal. Nú fór að hvessa og kólna og þokubakki vonsaðist í norðrinu. Eg tók nú að æla með miklum harmkvælum, mér var líka kalt. Þokan skall yfir og Austri grenjaði voðalega á mínútufresti, 5 sek. í senn. Svo skreið ég í bæli mitt í afturstafni (öðru farrými) og sofandi. Vaknaði við það að skipið var að leggjast. Vissu menn þá eigi hvar komið var ferðinni og ekkert upp né niður nema það að dýpið var 9 faðmar.

Þarna lágum við alllengi. Svo fór að rofa, við héldum inn Skagafjörðinn. Lágur þokubakki og fjöll yfir í austrinu. Tunglið glampaði á öldunum. Þarna glitti í háan hamar. Það var Þórðarhöfði - eða Drangey...

↑ Svo vaknaði ég undir birtinguna og fór á fætur. Austri lá á Sauðárkróki, margir bátar voru að gaufa í myrkrinu. Allt var fullt af fólki á þiljunum, 30 nyir farþegar í lestina. Margar fallettar

ungar stúlkur - allar mestu blómarósir Skagafjarðar var sagt. Nú yfirgáfu þær flórinn og sakleysið og lögðu út - eða suður - í fínu húsin og spillinguna. Og ég fór að hugsa um öll þau ástar-ævintýri sem þær yrðu hetjur í í vetur - ef það kæmist í bók í vor yrði hún á stærð við Grágás - ég gaf þeim hyrt auga... Tindastóll gnæfði jötunvaxinn í norðvestrinu. Í vestur voru Gönguskörð. Þar er Veðramót og Heiði.

Dagbjarminn skreið upp á loftið. Blámóða og þoka vörðu hjarta-rætur fjarðarins, Þarna var Hegranes. Hvaða hæð er Þarna innan við fjarðarbotninn? Það er hóll og á honum bær, sem heitir Sjáv-arborg. Austri létti akkerum og rauk á stað. Nei, stefnum við inn á Sauðárkrók aftur, sagði ein skagafirska stúlkan. Hún var þegar orðin villt. Austri tróð öldurnar og stefndi út á hafsauga. Þarna lá "Krókurinn" sem Hörgur kallaði undir barðinu. Bærinn er á stærð við Húsavík. Mjallhvítt hús í fjörunni skar af, annað gnæfði yfir hin við bakkann, það var sláturhúsið og kirkjan, veglegustu byggingar og hjörtu íslensku borganna á fyrri hluta tuttugustu aldar.

Þarna fyrir handan tangann hóf sig svart þil úr hafi og móðu. Það var Drangey. Drangey er klofin niður til miðju, það hef ég ekki séð á nokkurri mynd. Skora (Þessi) gengur frá norðri til suðurs og sker hólma vestanaf. Sunnan við stendur mjór drangur upp úr sjónum. Það er Kerlingin í grárri dömukápu úr fugladriti. Mér var synt hvar upp væri gengið, Þarna hafði stiginn verið. Þarna mundi hnyðjan hafa legið í fjörunni - fótakeflið illa. Þarna voru kofa-brotin, báru í morgunroðann, þar var hann Grettir dauðvona myrtur - þar var hann Illugi leiddur út og höggvinn... "hugljúfa samt ég sögu Gunnars tel".

Nú heyrðist gubbað. Eg fór niður í bælið, það hvessti. Eg ældi, svaf og byltist í víxl yfir hinn veðrasama Húnaflóa. Ut um gluggann við höfðalagið fór ég að sjá glitta í hamrakarla, sem sátu samhliða á ströndinni, frosnir og sæbarðir. Það voru núparn-ir á Hornströndum. "Er langt eftir að Horni?" "O, það er svona 4 tíma stím, enn eftir yfir bugtina að Kappnúr, sem Norðmenn kalla" Loksins Horn. Grafkyrrðar tómléiki hvíldi yfir bjarginu mikla við náföla dagsetursglætuna. Kaldranalegt og tigulegt horfði það í

hinn mikla ísheim í norður.

Öldurnar hössuðu Austra, ymist vatnaði mitt Hornbjarg eða maður sá grásteinana í fjörunni af öldutoppunum. Isfirsku sjómennirnir sem komu af Siglufirði með sumarkaupið í vasanum, voru orðnir glaðir, þeir líka búnir með nokkra bjóra á 40 auro, yfir peningaspilunum. "Ekki veit ég hvað er gaman ef það er ekki að sitja við bjór þegar ruggar svona notalega", sögðu þeir. Mest ógnaði mér hvað þeir átu oft og mikið. Eg var feginn að selja þeim af nestinu mínu. Við fórum fyrir Hornvík og Hælavík, þegar eftir var fjögurra tíma stím til Isafjarðar sofnaði ég.

Nú verð ég að hætta við þetta bréf. Ása fær framhaldið ef vel gengur. Í kvöld (3. okt.) hefur Guðmundur Sig. boðið mér í afmæli. Nú kemur Þóra bráðum. Við ætlum að ganga ögn saman. Eg hef varla séð hana enn.

Vertu best kvödd af

Jonna

Lækjargötu 12, Reykjavík, 5. des. 1912

Kæra móðir,

Það er ekki heppilegt að byrja sendibréf þegar maður hefur "Haganesættarsansafall", en ég má til, það verður ekki lengur dregið. Ef til vill kemur þetta bréf til þín á sjálfa jólanóttina en því miður finn ég mig alveg ófæran til að skrifa bréf, sem vert sé að lesast þá. Eg get ekki gert mér það upp að jólin séu nú í kvöld, ef ég gæti það þá gæti ég sjálfsagt skrifað gott bréf. Einu sinni skrifaðir þú mér á jólanóttina. Það bréf syndi að það er satt, sem þú sagðir þá, "að á jólanóttina standa allar lindir hjartans opnar" - að minnsta kosti þeirra, sem jólahelgin hefur hrifið í æsku. Jólagleði - enginn trúir framur á gleðiboðskapinn, því erum við þá glöð á jólnum? Það eru leifar frá fyrri tímum. Nú eru þau hátíð endurminninganna. Nú gleðjum við okkur á jólnum við fornar endurminningar - ef við getum - og það getum við. Þegar ég fékk það bréf frá þér lá ég í rúminu, þá var hugurinn klökkur og heilsan léleg. Margra jóla minnst ég, engin jafnast við jólin í gömlu baðstofunni heima. Mér hefur aldrei fundist að það gætu verið jól í þeirri nyju. Einkum man ég eftir einum - þegar gamla Rauðka bar.

Nú verð ég ef til vill suður í Keflavík um jólin. Lúlli hefur boðið mér þangað. Það er töluverður sparnaður ef ég verð þar allt fríð og ekki sé ég eftir að fara úr Vík. Eg á eftir að tala um þetta við Halldór og Þuru. En helst vil ég fara þangað.

Það slettist dálítið upp á fyrir Siggju greyinu Sigurðar. Hún fékk ígerð í hnéð. Lá hún viku heima hjá Þorsteini, svo var hún flutt á spítalann og sprett í hnéð og er nú eftir fáa daga á góðum batavegi. Við höfum eftir mætti reynt að hafa ofan fyrir henni, því kjarkurinn er lítill. Hún ætlaði eigi að skrifa þetta heim, en er nú ráðin í að gera það, því hún er hrædd um að það fréttist einhvern veginn. Sannleikurinn er líka sagður sagna bestur - bara ef hún hefur nú stillingu til að segja frá því, eða gera heldur minna úr því. Sjálfri finnst henni allmikið til um það. Guðrún, kona Þorsteins er henni góð, en er annars engin hirðukona. Sigga

hafði mikið að gera og tók sér ekki lífið létt - Þá er líkaminn veikari til að standa á móti þeim óvinagrúa, er á sækir. Mér þykir leitt að Siggí og Bína fá þessar fregnir, en þau mega vera alveg óhrædd. Þetta er alls ekki illkynjað - aðeins komist óþverri í rispu á hnénu.

Hermann Jónasson er sagður vestur í Ólafsvík og sendi ég bréfið þangað. Á morgun á að jarða Björn gamla Jónsson. Frí í öllum skólum nema hjá okkur, aðeins frá 11. Ut af því miklar æsingar í dag og samþykkt í sumum bekkjum að koma alls ekki í tíma. Þetta er Pálma að kenna, sem mestu ræður við skólann. Er hann reiður út af tveimur skammargreinum, er hafa verið skrifaðar um hann í Isafold og Vísi út af skólastjórn hans. Þetta er líka "fornermandi" fyrir Björn heitinn, því við fengum frí þegar kerlingin, sem fórst við brunann var jörðuð. Annars höfum við oft frí, en eigi veitir af því, mikið er að gera. Eg er umsjónarmaður í mínum bekk og því vandlifað - fer í tíma í fyrramálið ef ég verð eigi mjög syfjaður, sendi annars vottorð að ég sé veikur, slíkt tíðkast mjög.

6. des. Nú gengur mikið á í Vík. Hún er stormasöm. jarðarförin hans Björns gamla, eigi síður en ævin. "Það er ekki friðurinn hjá andskotans karlinum heldur en meðan hann lifði", sagði einhver kerlingin. Lá við stórslysi við kirkjudyrrnar. Oft varð lögreglan að loka meðan kirkjan var að fyllast til að stöðva strauminn. Eftir 25 mínútur komst ég inn. Það fyrsta sem ég heyrði var: "eftir dauðann kemur dómurinn". Séra Haraldur var byrjaður fyrir löngu. Þú segir vel um það karl minn, sagði ég við sjálfan mig. Og dómurinn prestanna var ekki ljótur. Bardagi, starfsþrek, óvægni og mildi voru slagorðin. Seinni ræðan í kirkjunni var bara mynd af hinni fyrri. Eg fór heim og laugaði í þriðja sinn hið sama.

Eg hef oft verið truflaður við þetta bréf svo líklega er þráðurinn víða slitinn. Við sendum ykkur kort að gamni okkur. Kort Bjarnar græna bið ég ykkur að fá honum sjálfum. Eg bið að heilsa fólkinu. Líka nágrönnunum, skilið kveðju til Jónasar græna. Gleðilegra jóla og nýárs óskar þér

Jonni

Ódagsett hugleiðing, gæti verið skrifuð vorið 1913. Bréfsefni og skrift bendir til þess.

Til mömmu.

Þetta skrifaði ég kvöldið sem ég talaði síðast við Jón í Hlíð. Það var daginn sem Siggi Einars var jarðfaður. Jón sagði mér þá lát hans. Það er fyrsta ævintýrið mitt á pappírnum - kvöldhugsun vakin við það að tala heim. - Orðin sem ég mundi hafa talað við gröf Sigga frænda hefði ég fylgt honum til hennar. Hampaðu þeim ekki mikið.

-----"

Í hólma einum í vatninu uxu mörg fögur og sjaldgæf blóm. Það hafði ekki verið séð til þeirra, þau voru ekki einær. Þau uxu þar í skúfum, mörg upp af sömu rót, sömu rótinni, sem hafði fætt öll gömlu blómin, forfeður þeirra. Yst í einum toppnum stóð einstakt blóm. Það var eins fallett og hin, en anganin var önnur og það var rótinni að kenna og því að það stóð eitt.

Öll hin blómin litu hornauga til þess og sögðu: Til hvers eigum við alltaf að dragnast með þetta blóm og láta það sjúga rótina okkar. Það er ekki til neins gagns. Það hlífir okkur ekkert og þegar það fellir blöðin á haustin, þá gefur það vindinum þau en lætur þau ekki falla við rótina og rotna þar og frjófga jarðveginn síðar meir og svo verðum við að fæða það allan veturinn og hjálpa því upp á vorin. En þau vissu það ekki, blómin, að þetta kom af því að það stóð svo stakt.

"Og það er heldur ekki nytsemdarblóm eins og við", sögðu þau. "Það safnar ekki hungangi handa býflugunum". En þau vissu það ekki blómin, að þetta kom til af því að það stóð svo eitt sér og því var alltaf svo kalt, að það náði aldrei fullum þroska.

"Og þegar vindurinn þytur þá hristist það allt og skekst", sögðu hin blómin, "svo lemst það upp að okkur og þá stingur það okkur með broddunum, sem á því eru, bara stingur, en skylir okkur

ekki". En þau vissu það ekki blómin hin, að þetta kom til af því að blómið stóð svo stakt og náttúran hafði þess vegna smámsaman búið það út með þessum broddum til að verjast magnlaust í einverunni.

Þegar norðanvindurinn næddi yfir vatnið og blés fyrir klettinn, sem skyldi blómunum, þá skalf það og leit á hin blómin. Þá sögðu augu þess: "Ó hvað ég vildi að ég væri eitt af ykkur og stæði þarna í miðjum hópnum." En hin blómin skildu það ekki og sögðu: "Skó óhræsið, nú svignar það strax og beygist í áttina til okkar. Varið þið ykkur að það stingi ykkur ekki með broddunum".

- Þegar blómið var ungt hafði staðið gömul feyskja við hlið þess á sama rótaranum. En í einum bylnum f auk hún út á ísinn og hvarf. Síðan var blómið alltaf svo hrætt um að það færi sömu leiðina. Það var líka von, því þau voru bæði sprottin á sama rótaranum, blómið og feyskjan. En hin blómin hlóu að því og sögðu bara: "Nú kemur bylur og feykir þér, það væri líka það besta". Og þá skalf blómið. Nei, þau skildi það aldrei, það stóð svo stakt.

Svo einn haustmorgun, þegar blómin vöknudu, þá lá það fallið. Hvað haldið þið að þau hafi sagt: "Það er gott að það er dautt. Nú stingur það okkur ekki lengur og sygur ekki lengur rótina okkar. Nú eigum við þá næringu sem til þess gekk áður - nú eigum við það, sem það lét eftir sig". En það var ekkert nema hula, sem guð hafði gefið því til þess að það sæi ekki eins vel vonsku hinna blómanna og hana (huluna) sáu þau ekki, endu hefðu þau ekki viljað nýta hana. En þau vissu það ekki hin blómin að staka blómið rotnar við fætur þeirra og færir með tímanum nýjum kynslóðum frjómagm.

-----"

Þegar ég var ungur og hóf ferð mína yfir snævi þakta hraunið upp til háu roðafjallanna í austri var hann Siggi frændi einn af þeim sem næstir mér gengu. Förlin þeirra næstu sé ég hlið við hlið í snjónum. Slóðin hans nær ekki lengra. Við, sem eftir erum, þokumst nær hvert öðru til þess bilið hverfi - til þess að fylla

skarðið. Flestir munu segja að það sé auðvelt.

I gullnastokk bernskuára minna á ég margar fagrar perlur. Nú verð ég að fleygja einni perlunni. Það er því betur ekki sú fegursta, en mér var vel við hana af því að ég átti hana þegar ég var lítil. En ég á mynd af henni eftir, hugarmynd, sem ég geymi meðan ég á gullnastokkinn minn, en hann ætla ég að eiga þangað til mér þrytur máttur á leiðinni yfir hraunið.

J. A.

Lækjargötu 12B, 20. maí 1913

Kæra mamma,

Þegar ég fæ bréfin að heiman fæ ég jafnan löngun og mátt til að skrifa. En nú eru 3 dagar síðan pósturinn kom og þrumuveðrinu slotað sem bréfin gerðu í höfði mínu - eldingunni, sem ég ætlaði pappírnum, hefur slegið niður í undirdjúp daglegs doða og gleymiskunnar.

Það var daginn, sem þura fór. Hún segir ykkur líklega eitthvað af svaðilförum mínum og braski þá dagana. Síðan þá - Þegar ég missti 2/3 af kærustunum - hef ég verið rólegur - eftir mig. Ég er líka fluttur á miklu betra herbergi, samt í sama húsi. Það er á háa-lofti, "Þar uni ég best" - og 32 tröppur til jarðar - til dyra, til Vonarstrætis. Gluggi er mót suðri og ég anda að mér tómu sólskini allan daginn. Jafnvel kvensemin hefur fengið sér blund, hvað þá aðrar myrkrahugleiðingar. Ég er víst þunglyndur.

Gluggi er mót suðri. Hinu megin götunnar gnæfir eitt stærsta hús bæjarins, Iðnskólinn. Uppýfir dyrunum stendur "Agætt fæði" og á horni hússins " Vonarstræti" með hvítum stöfum á blásteindri járnplötu. Upp úr horninu gnæfir hár turn með 20 rúðu gluggum, hver rúða er á stærð við rúðurnar í kompuglugganum gamla. Það er einhver miðalda ævintýrablær á þessum turni, sem stingur í stúf við hinn staurslega veruleikastíl bæjarins. Svo er barnaskólinn fjær og Fríkirkjan með öðrum turni, sem minnir á tyrkneskan bænahúsarnum. Ég sé Fríkirkjuveginn allan suður tjarnarbakkann og næga rönd af tjörninni til að sjá hvaðan golan er. Ég veit nefnilega aldrei fyrir vist hvaðan hún er nema ég sjái í autt vatn. Fjær eru grænar ekrur biskupsins - dóttir hans klæðist nú svörtu, sem hlytur að vera mikill hnekkir og óþolandi til lengdar fyrir ungar stúlkur, ef svartí liturinn fer þeim illa - móar, hæðir og í fjaska blár fjallgarður með smáhnjúkum og dalverpum, vofinn dreymandi. Þyðri vorblæju, sem togar suður til sín í hraun og helgidóma Reykjanesfjallgarðar.

Þið skrifið að ég skrifi aldrei neitt, sem þið viljið vita. Hvað

viljið þið vita? Auðvitað skrifa ég það, sem ég skrifa af ásettu ráði. Eg er breyttur gagnvart náminu. Þegar ég var fyrir norðan gat ég ekki lesið tvær línur í öðrum bókum en námsbókunum með áhuga. Nú slokra ég allt nema þær með sama þorsta og ég drekk úr Austurfellslið, göngumóður úr Búrfellshrauni. Eg get sökkt mér ofan í allt, sem mér þykir vel ritað, helst Dekameron, Gröndal, Njálu, góðan Skírni o.fl. Einkunnir þykja mér lítilsvirði, en að vita eitthvað og vera maður þykir mér mikils virði. Skólinn hefur hrint mér frá sér með vesaldómi sínum í fang annars betra. ég syni honum "Þumbaldaskap" og hyski hans og versla bara við hann til þess að fá styrk.

Mér blöskrar sú ofboðslega setning frá Ásu að "ég segi ykkur EKKI EINU SINNI hvernig einkunnir ég fái" eða á þá leið. Noh, ég flyt svona ánægður með dálítilli viðurkenningu og hækkaði um 6 stig síðast úr hinni svívirðilegu jólaeinkunn. Fékk það lof seinast að engum hefði farið eins fram í þysku í bekknum og mér og las hana auðvitað verr síðan (léleg hafi víst kunnáttan verið áður) Æ, það er svo ansi þrifleg stúlka þarna í glugganum á móti og dómkirkjuklukkan slær 12 og minnir mig á að latína, þyska og enska vilji að ég sofi á nóttunni. Það er ómögulegt að sporna við því að ástamál (!!!!) standi manni fyrir þrifum. Drottins almættis ráðstöfun vill hafa það svo.

Eg heyri vagnskrölt. Salernishreinsarar eru komnir á kreik og aka um bæinn. Skjótast eftir fötunum inn í náðhúsin og hella í stóra kassa á kerrunum, aumingja hestarnir fyrir þeim hrísta hausinn mæðulega. Það er auðséð að þeir eru alveg að deyja úr skítalykt. Svei. ég kenni í brjóst um þá menn, er hafa orðið að sæta þessari leiðu vinnu að vera kamarmokarar. Þeir skjótast svo tindilfættir og feimnislegir inn í krókana eftir "sætisbölunum" eins og þeir væru að stela. Það er annars einkennilegt hvað allir verða undirfurðulegir þegar þeir ganga til salernis, eins og slíkt eigi ekki sama rétt á sér og það að ganga til borðs. En nú er orðið svo dimmt og lampaglasíð mitt dó úr óaðgætni og klaufaskap, sem stafaði af ástamálum mínum fyrir viku síðan.

- Eg held það sé kominn 27. og mig minnir að pósturinn eigi að fara bráðum. Það er líka með minnsta moti að lesa undir morgun-

daginn. Nú eru tímar úti á laugardaginn. Þá byrjar upplestur, það er fyrirkvíðanlegt helvíti.

- Það er alveg táknanndi fyrir mig að mér hefur ekki farið eins mikið fram í neinu í vetur og því sem ég kunni eitthvað í áður, eins og sundi. Það er svo lítið séð fyrir því að við höldum heilsu okkar hér í skólanum að við verðum að gera það sjálfir. Nú er leikfimispróf á laugardag í efri bekkjunum. Eg er að hugsa um að vera með, þó ég viti að það verði allt skólanum til skammar- ef til vill af því mér er ósárt um þó það fletti ofan af vanrækslu hans á þeirri nytsömu íþrótt.

Það er orðið hásumarlegt hér. Þó er vorhljóð í kríunum og þær garga svo glaðlega á kvöldin. Mér þykir vænt um þær fyrir að hafa verið svo vænar að líta hérna inn í bæinn. - "Suðræna andar um Myvatnsstrandir" og farið að verpa.

Búið

Jonni.

Þegar Jón kemur suður til Reykjavíkur haustið 1913 er kominn nyr leigjandi og kostgangari í Lækjargötu 12B. Það er Valgerður Sveinsdóttir frá Felli í Sléttuhlíð. Hann er þar einnig í fæði.

Suðurgötu 20, Rvk. 31. okt. 1913

Kæra mamma,

Eg rakst á það í latínunni hérna um daginn þetta orð "mamma", en þar þýðir það "brjóst konu". Börnin hafa því upphaflega átt við brjóstið þegar þau kölluðu mamma, en það er eðli hvers kvikindis að leita sér fæðu og fyrsta sjálfstæð hugsun. Síðar hefur þetta hróp barnsins færst yfir á móðurina í heilu lagi, hvort sem það er nú af því að fólk hefur misskilið krakkaræfilinn eða ekki. Líklegt er að börnin hafi nefnt brjóstið "mamma" af því að þeim hefur verið hægast að framleiða þetta m-hljóð. Eg ímynda mér nú samt að krökkunum hafi aldrei dottið í hug að nefna brjóstið mamma, heldur sé þetta bara eins og hvert annað smjatt í upphafi, t.d. eins og namm namm, ef til vill alveg það sama.

Sem þú veist eru eru latínan og íslenskan skyldar nokkuð fram í ættir. Báðar tilheyra málaflökki þeim, sem smíðaður er af afkomendum 20 barna Helga ættföður eranskra Þjóða.

Þú ræður af líkindum að eigi muni vera mikið til að skrifa um þegar ég byrja með að "fílósófera" um eitt orð svona í sendi-bréfi. En það er líka stórt orð í hugum allra og ég get vel sagt margt um það þó ég hafi aldrei verið á brjóst lagður.

Eg skrifaði Di með Siggú og hafi það bréf komist til væntanlegra skila, þá eruð þið búin að fréttu af ferðum mínum síðan, enda var sú ferðasaga ómerkileg. Minnsta kosti hefur Sigga líklega komið til skila og sagt ykkur að ég var bráðlifandi í Reykjavík þegar hún fór. Þau skötu hjúin til Hvanneyrar stóðu sig heldur "pattaralega". Reyndar áttum við nú heldur slæmt þar á þriðja plássi, en lífvænlegt var það þó.

Eg fór úr Hofsstöðum á þriðjudag í Litlutjarnir, svo inn eftir og varð að bíða í þrjá daga. Var ég í heimavist og matarfélagi og þurfti ekkert að borga nema að vera kátur og léttur í máli. Svo

fórum við af Akureyri á sunnudagsmorgunn, töfðum 12 tíma á Siglufirði og fórum þaðan kl. 4 á mánudagsmorgunn. Töfðum á Isafirði. Atum vætu og drukkum kaffi hjá Rebekku. Boggu Bjarna sáum við ekki. Hún er nybúin að missa mann sinn og berst illa af sem von er til. - Svo komum við á fjörð hins helga Patriks biskups. Talið var að þaðan mundi hafa verið um þrjú hundruð manna með skipinu, enda var frágangurinn á mörgu góðu guðsbarni hinn hræðilegasti þegar við komum til Reykjavíkur að morgni miðvikudags 15. okt. Eg fór strax til Halldórs, sem sagði mér að hann hefði beðið um fæði handa mér í sama stað og í fyrra, en húsnæði var þar uppgengið. Lofaði ég þá guð og hinn helga Þorlák biskup. En sú góða frú Anna var búin að útvega mér húsnæði í Suðurgötu 20. Það er bara skínandi gott, helst ofgott - bara alveg eftir mínu höfði.

Kl. 11. Herbergið mitt er svona 4 álnir á breidd og 4 1/2 á lengd en tæpar 4 eða 3 1/2 á hæð í miðjunni, pappalagt allt nema ræma í loftinu - gólfið líka. Ofurlítill skonsa við hliðina og dyr í hana - dálitlar hrútakofadyr, þar má ég hafa dótið mitt. En fólkíð er samt ennþá betra. Eg er neyddur til að drekka kaffi tvisvar á dag. Sætt á morgnana og ósætt um miðaftanið, en ég hef oft ekki verið heima um það leyti á kveldin, svo spurði frúin mig í gær hvort ég væri að flylja kaffið, sagði að þau hefðu aldrei leigt nokkrum manni og hún kynni ekki við að gefa mér ekki kaffi um leið og hinu fólkinu, svo nú verð ég að drekka fyrir hana kaffið þá skikkanlegu frú, enda þykir mér það ekkert vont. Ef ég kem ekki heim snemma á kvöldin þá er látið loga ljós í forstofunni, en lykil hef ég að húsinu. Yfirhöfuð er ég í vandræðum með þetta góða fólk, ég er orðinn svo vanur við að tala við fólk og semja, sem aldrei talar af heilum hug, að mér bregður við. Svo man ég nú ekki meira í bráð, ég er orðinn svo syfjaður. Góða nótt.

Eruð þið sofnuð? Getur verið. Eða bara hrytur pabbi, en Arnþór er að umla fyrir ofan hann í þann veginn að sofna. Ljós logar á bilinu ofan við þig, en þú vakir. Hefur mikið undir höfðinu á stutta rúminu, ert með gleraugu að lesa í bók. Hurðin fellur að stöfum, en er ekki lokuð. Þura og Ása eru komnar inn og það logar á 66 aura lampanum uppi yfir þeim. Ása er að lesa, en Þura að

leggja frá sér bókina og vill að Asa geri það líka. "Æi, þegiðu nú," segir Asa. "Ævinlega ertu jafn andskoti leiðinleg", segir Þura. Halli er sofnaður, en Björggi byltist og vill að stelpur fari að slökkva. Nei, þau eru kannski sofnuð, ég ætla að laumast út, þei.

Móri liggur undir þilinu og ég veit að Rauðka liggur á hægri hliðinni með hausinn hálfan á fjölinni, hún sefur. Bærin er klínkaður. Net er á uglunni utan við dyrnar og dauð húsönd á sillunni fremst í sundinu. Allt sefur undir brúnaþunga himinsins. Sandhólarnir eru svartir og kvosirnar dimmar. Þar sofa ærnar við klettana. Enginn veit um Stórvoginn, sem laumast inn í hraunið, grunnur og dimmur, en þar vaka þó uppsprettur og tala í hálfum hljóðum hver við aðra. Slyjatjörnin er lögð og héluslettur á hlöðuveggjunum heima. Eg sé rétt á endann á Bláfjalli, endann sem er eins og mannsandlit, skeggjað, mér finnst það ævinlega vera Halldór heitinn á Kálfaströnd, góðlegt Garibalda andlit. En við hnykilinn út af flæðunni hefur hængur ánetjað sig - -

En hvað borðið er hvítt og bjart, þarna er líka lampinn og penna-stöng í hendinni á mér. Eg hef líklega sofnað og dreymt - það er líka mál að fara að háttu. Háttu og sofa og dreyma, mig dreymir ævinlega svo vel.

4. nóv. Nú fer pósturinn þann 6. og þetta er fyrsta bréfið en engrar vægðar von hjá þúkunum í Svartaskóla. Svo er ég svo illa upplagður nú í kvöld að sitt er nú hvað. Aldrei hef ég verið eins latur að lesa og nú. Eg nenni að lesa allt nema fögin, t.d. tók ég í gær á Þöku sögu Natans og Rósu. Þótti mér það hin merki-
legasta bók og stórvél rituð (Br.J.) Las ég í henni fyrst til miðaftans. Þá neyddist ég til að gera íslenskan stíl um helvítið hann Filippus II Spánarkonung. Svo las ég ofurlítið en lauk við Natan og Rósu í nótt. Svo kemur nú syfjaður haus á morgnana og svo illt skap til hádegis og svo áfram.

Það sem lærum er latína 6 tíma á viku, enska 4, franska 4, Þýska 4, danska 2, íslenska 3, stærðfræði 2, sagnfræði 3, náttúrufræði 2, leikfimi 2, söng 2, fornaldarfræði 1, kristinfræði 1. Alls 36. Latínuna kennir rektor (G.J.?) Bókin heitir "De Bellum Gallieni"

(Gallversku stríðin). Hún er eftir sjálfan Cæsar og segir hann þar frá hreystiverkum sínum er hann lagði Gallíu (Frakkland) undir Rómverja. Bókin er skemmtileg - tómir bardagar og ágætar lýsingar á okkar fornu frændum, Göllum, á milli, t.d. var sá einn siður þeirra að þegar ófrið bar að höndum kvöddu þeir til vopnabings. Þar voru allir vopnfærir menn skyldir til að mæta. Sá er seinastur kom til þings var gripinn og drepinn með miklum harmkvælum. Mun slíkur siður vel fallinn til þess að venja menn á að mæta stundvíslega á hreppamótum og öðrum mannfundum, en því miður niðurlagður bæði í Reykjavík og Myvantssveit.

Bráðum hættum við við Cæsar en förum að lesa ræður mælskumannsins Cicerós, sem var samtímamaður Cæsars. Hann skrifaði ræðurnar þegar hann var búinn að flytja þær - skrifaði hann þá eigi eins og hann hafði talað heldur eins og hann hefði viljað tala, en þetta gera þingmennirnir okkar líka áður en ræðurnar birtast í Þingtíðindum.

Þetta er orðið dugandi bréf og því sjálfsagt að láta staðar numið Þó Haganesættin sé á hinn bóginn eigi vön að láta vera eina línu óskrifaða á öftustu síðu sendibréfa.

Þinn Jonni.

Suðurgötu 20, 21. marz 1914

Góða mamma,

Eg verð að senda þér nokkrar línur þó ég geti ekki sagt að þú sért dugleg að skrifa mér. Eg held þú sért farin að telja mig glataða soninn og það sé ekki til neins að tala við mig lengur. En það er svo skrítið að ég verð ævinlega barn þegar ég les bréfin að heiman, hvort þau eru gömul eða ný og um hvað sem þau eru. Og að vera barn, fullorðið barn, er sama sem að vera góður maður. - Svo þakka ég þér fyrir sendinguna. Það var mér þegjandi vottur. Eg veit að mig mundi ekki vanta peninga ef þú ættir þá nóga. Í fyrra gafst þú mér allt sem þú eignaðist og nú tístir það í barmi mínum, en undir svæflinum mínum á nóttunni.

Arnþór er orðinn áskrifandi að Æskunni. Eg keypti líka síðasta árgang á 75 aura. Hann ætlar að vera duglegur að lesa hann. Eg sendi honum kvittunina til þess hann sjái hvað hann er orðinn mikill maður. Mér var lofað að honum yrði sent hitt með þessum pósti og mynd af Hallgrími Péturssyni í kaupbæti. Hana gefur hann þér fyrir 75 aura bókina.

Eg hef aldrei frið til að skrifa, nú kom til mín stelpudjöfull og bað mig að hjálpa sér með íslenskan stíl. Og nú er ég kominn í bardagaskap.

- Hérna um daginn var ég að blaða að gamni mínu í gömlum Framtíðarritum á Landsbókasafninu. Framtíðin var og er félag í Menntaskólanum til að æfa sig í ræðu og riti. Þá fann ég þar ritsmíð er mér þótti einkennileg. Það var eins konar leikrit og eru tvær persónur - karl og strákur að tala saman. Strákurinn spyr, en hinn svarar. Eigi man ég nöfn þeirra. Þetta er í raun og veru samsafn af vitleysum Jóns heitins Tómassonar, það sá ég fljótt. Fæst af því hef ég áður heyrt og efast um að það hafi nokkurn tíma verið haft eftir Jóni. Reiddist ég fyrst fyrir hönd karlsins og okkar Myvetninga, sem alltaf höfum litið á þetta, sem haft er eftir Jóni sem ofvitsupþursuðu úr viskupotti þeirrar göfugu kynslóðar er byr við Myvatn og Laxá. Og víst er það að það hlýtur að koma við hjartað í hverjum Myvetningi hvernig þessu er fyrirkomíð

hjá höfundu greinarinnar. En er á leið greinina sá ég margt, er ég hefi heyrt haft eftir Jóni Tómassyni og sem er eins vitlaust og hitt í fyrrihlutanum (t.d. dritið í Hrótey). Datt mér þá í hug að hér væri eitthvað sem Myvetningar vildi ekki láta glatast. Undir greininni stendur Asgeir Bjarnason, gagnfræðingur. Getur það verið bróðir Steinþórs? Var hann í Menntaskólanum?

Enginn getur fengið að sjá þessi rit nema þeir sem eru í félaginu Framtíðin. Og enginn fær að taka afrit nema stjórn þess félags og þó eigi nema undir vissum kringumstæðum.

Hefur ekki Hjálmar frændi skrifað eitthvað upp eftir Jóni Tómassyni. Góður væri hann ef hann sendi mér afrit af því og skrifaði það upp sem hann man og hefur ekki skrifað ef nokkuð er. Eg mundi geta náð því sem er á safninu með einhverjum ráðum. Ef þér þykir þetta nokkru skipta þá skrifaðu mér um það.

Nú verð ég að hætta í þetta sinn og láta nægja að biðja að heilsa. Segðu þabba að ég vonist eftir að hann sporni eigi á móti því að þú skreppi hingað.

Góða nótt segir

Jonni

Suðurgötu 20, Reykjavík. (ódagsett)

Góða mamma,

Það er páskadagur. Eg verð að breiða fyrir gluggann til að geta skrifað við mjallhvíta borðið því nú skín sól í heiði. Hanarnir gala og börnin hlæja úti á blettinum. Það eru allir svo hissa á því hvað veðrið er gott að margir ruglast. Eg t.d. sest inn og fer að skrifa, en þó hefur varla verið farandi út á götu í marga daga fyrr en nú.

En ég er svo syfjaður og latur af ofáti áðan. Eg er gjörsamlega andlaus í dag. Bráðum fer ég út og hressi mig upp.

Búinn er ég að vera úti og hlusta á hornaspil á Austurvelli. Fólkið óð pollana og drulluna í skóvarp í kringum völlinn. En margt var þar manna og misjafnt, einkum kvenþjóðin. Hér er nú kosningarimman afstaðin, gerðist þar margt hlægilegt og mjög var kvíkt á götunum í nótt meðan atkvæðin voru talin saman. Sveinn fékk 700 en Jón Magnússon 655.

Þú minnst á skóla vorn í bréfi þínu. Það er fljótsagt að álit mitt hefur eigi breyst á honum þó ég hins vegar sé orðinn sljórrí fyrir göllum hans. Og eigi kasta ég eins þungum steini á nemendur og áður. Mér finnst það eigi geta öðruvísi farið en hið betra í þeim gugini í slíkum skóla og þeir leiti sér ánægju og svölunar í því sem hendinni er næst og bæjarlífið byður - réttir okkur jafnvel fremur en öðrum. Og það eru oft þeir piltarnir sem best finna skortinn í skólanum og sem mikilhæfastir eru - mest starfsfjör og framkvæmd hafa, sem fjarlægjast skólann mest og taka ymislegt fyrir sem er óheppilegt og betur varð ógert látið.

Það er annars allmikið rætt og ritað um Menntaskólann í vetur. Aðra hliðina - mórölsku hliðina, ræðir biskupinn allvel og viturlega. Hinn straumurinn hefur komið frá fúlum hvelfingum Safnhússins. Kemur andi sá frá mygluðum vitum Arna Pálssonar, öfugsnúnum skoðunum yfir rannsókn fúlla skjala og kálfskinna og of mikilli aðdáun á því liðna. Bókaverðir lifa í gamla tímanum fyrir

nútímann. En nú er hjörðin búin að stanga undir sig hirðinn og Arni grenjar nú ógurlega og heimtar breytingu á skólanum fyrir munn latínu og grísku. Vill hann láta setja þær í sitt forna öndvegi. Um þetta var mikið rætt og rifist á stúdentafélagsfundum í vetur og að lyktum kosin nefnd í málið. Ymsir vilja stytta gagnfræðadeildina og hafa hana aðeins 2 bekkir eins og áður var. Hafa síðan einn undirbúningsbekk og þungt próf upp úr honum upp í 4. bekk. Við þetta yrði gagnfræðamenntunin minni en efri deildin léttari, sem líka er bryn nauðsyn á. Einnig yrði þetta til þess að færri mundu halda áfram að loknu gagnfræðaprófi en nú gerist og á því er bryn nauðsyn. Þó mun aldrei sú heimska stöðvuð meðan báðar deildir eru í sama húsi - efri og neðri deild - að hver skussi svo að segja haldi áfram námi að loknu gagnfræðaprófi. Skólarnir þyrftu að vera tveir, þ.e.a.s. sinn í hvoru húsi.

Kennarar Menntaskólans hafa ritað um tillögur Arna í skólablaðið, Jón Ófeigsson og Böðvar. Eru þeir - einkum Böðvar, á móti því að auka latínukennslu og taka upp grísku. Latínan og grískan hafa lengi setið við stýrið í latínuskólum Evrópu. Loks voru þær brotnar um hrygg og við Íslendingar tókum það eftir öðrum þjóðum. Og blettur væri það á okkur sem eigi yrði af þveginn ef við yrðum nú einir til þess að hníga aftur í gamla þrældóms, andleysis og einstrengisfarið. Hið eina á þessum umræðum, kennsluhliðin, sem ég get aðhyllst, er breytingin á bekkjarskipuninni af því hún yrði til þess að létta efri deildina, sem nú er alltof þung og til þess að færri héldu áfram gegn um skólann allan. Sumir vilja líka, að erlendum síð, skipta efri deildinni í tvennt og kenna í annarri þeirri deild málin en í hinn stærðfræði og náttúrufræði.

En það er ekki kennsluhliðin sem ríður mest á að breyta, það er moralska hliðin og henni verður eigi breytt með orðaskvaldri og nýjum reglum heldur með nýjum mönnum, sem veittu inn nýjum straumum, t.d. nýjum rektor, sem væri maður. En menn kalla ég skólastjóra eins og Stefán og séra Magnús Helgason.

Við höfum rætt í félagi okkar í efri deildinni, Framtíðinni, biskupshliðina. Þar voru haldnar margar ræður og stórar. Voru þar allir á einu máli, með biskupi, nema stöku kennarasleikja. Og hixta hefðu kennarar vorir mátt hafa daginn þann. Á sunnudaginn

kemur ræðum við hina hliðina. En hvað getum við nema rætt og rifist.

Ég gæti skrifað um þetta miklu meira og miklu ytarlegar en ég hefi gert, en þú hefur sjálfsagt lítið gaman af því og nú er nótt og mál að hætta. En þú getur séð að ég er óbreyttur í álitinu mínu á skólanum. Biskupinn hefur ekki komið með neinn nýjan sannleik því allt sem hann talaði um fundu bæði ég og margir aðrir, samanber bréf mín í fyrra. En hann á þökk skilið fyrir að hafa ritað um þetta opinberlega.

Svo bið ég bara að heilsa, ég er kominn í hernaðarhug og get ekki farið að "fílósófera" um neitt nýtt.

Góða nótt, kæra mamma og gleðilegt sumar,

Jonni

Suðurgötu 20, 6. 5. 1914

Kæra mamma,

Meðan ég man er það tvennt, sem ég þarf að skýra. Annað er línið hans Einars. Eg bölvaði og skammaðist mín þegar ég minntist þess. Eitt mitt fyrsta verk í haust var að reyna að fá það því ég ætlaði að senda það með Siggju Sigurðar, en þá var það ekki til. Svo gleymdi ég því alveg, helvítis líninu, ég fyrirgef sjálfum mér það - ég hef svo mikið og margt að snúast í - hvað sem aðrir gera. Nú mun ég reyna að fá það og senda karlfuglinum í vor. Hitt er svar við spurningu frá Siggju Sig. Hún bað mig í fyrra að skila bréfi frá Gjallanda til Tryggva Gunnarssonar. Nú heldur Gjalli að bréfið hafi aldrei komist til skila. Þetta er vitleysa. Eg labbaði með það ofan í Kolasund og fékk Tryggva það sjálfum. Ekki var um að villast því samkvæmt síðustu manntalsskýrslum borgarinnar er Kolasund fámennasta gatan, í því búa tvær hræður, Tryggvi og bústyra hans og auk þess þekki ég karlinn. Svo segi ég bara skítt með allar "forretningar" en hvað á að setja í staðinn.

Þúra símaði til mín af Isafirði og ég mannaði bát og sótti hana um borð. Hún er frísk og feit. Eg hafði hana í rúminu mínu mínu í Þrjár nætur, en svaf sjálfur úti í bæ. Svo gengur nú allt vel með hana, ég vona að ferð hennar kosti ekki fé. Eg þakka þér fyrir að þú ætlar að gera hvað þú getur til að ná saman leifum gamla Jóns. Eg mun reyna að ná í það sem er á safninu að vetri. Reyndar álít ég að fæst af því hafi nokkuð að gera á prent því það getur lítið gildi haft nema fyrir Myvetninga sjálfa.

Illa líst mér á það að Þið fáið sr. Jónmund, Þið munuð reyna það er hann er sestur á laggirnar að hann hefur fáa þá kosti sem Þið viljið að prestur hafi. Hann mun verða ráðríkur og afskiftinn og brátt mun kotkörlum Þykja þrengra fyrir dyrum en meðan sr. Arni var hvað engið snertir. Sveitamenn þurfa að fá nýja andlega holla strauma inn í sveitafélagið, t.d. með gáfuðum, ungum kandidat sem hefði staðið fremst í mörgum góðum og nytsömum félagsskap á skólaárum sínum eins og t.d. Asgeir Asgeirsson, sem útskrifast að vori og er ekki frá að sækja. Með sr. Jónmundi fáið Þið enga góða

strauma, bara einn nyjan eigingirnishund í viðbót til að rífast um hnútur magurrar sveitar. Það þarf engan snilling til að sjá það að hann er ykkur of grófur, hann mun skemma eða slíta þá strengi í brjósti ykkar, sem sannur prestur gætið fengið úr fegurstu hljóðin.

- Ekki veit ég hvað ég geri af mér í vor, en vera má að ég verði óvenju snemma laus við nefnilega 12. júní, en það er óútkljáð af kennurum hvernig prófum verður hagað. Svo bið ég að heilsa ykkur öllum, líka gamla frænda með hrokkna hnakkann.

Þinn sonur Jonni

Valgerður hætti í Kennaraskólanum og kenndi á Ólafsfirði þennan vetur.

Styrimannastíg 7. 5. nóv. 1914

Kæra góða mamma,

Eg er hræddur um að kærustunum mínum hefði þótt það snubbótt hefði ég ekki skrifað þeim í misseri. Það er vist um það bil síðan ég skrifaði þér. Þú hefur það fyrir meinleysið og næggjusem-ina hvað sjaldan ég skrifa þér, en satt að segja er ég alveg hættur að skrifa bréf, t.d. öllum þeim, sem ég skrifaði þegar ég var seinast heima. Þó eru þeir sumir svo tryggir að skrifa mér annað slagið og ég svara einu sinni á ári.

En sá er gallinn að ég er orðinn fjaska syfjaður. Klukkan er farin að ganga eitt að nóttu og póstur fer í fyrramálið. Eg er staddur hjá Jóni Friðriks og þeim hjónum. Lúðvík kom í dag með Flóru. Eg hafði ekki séð hann í þrjú misseri. Hann fór ekki út vegna striðsins. En ég er syfjaður vegna þess að ég hef svo lítið sofið síðustu nætur. Það hefur verið ágætt skautasvell á tjörninni og ég verið á skautum fram á rauðar nætur. Gljáandi svell, leiftrandi tunglsljós svo hægt hefur verið að lesa á bók. Hundruð manna sveiflast æpandi um svellið. Hér og þar leiðast tvö og tvö. Stúlkurnar bera það ekki við að skauta einar. Eg er frá í handleggnum af því að leiða þær. Eg hafði ekki stundlegan frið fyrir þeim. Stundum þutu tvær í fangið á mér í einu. Það er ekki lítil kurteisí, sem lipur maður getur falið í því að leiða stúlku á skautum. Og halda uppi uppbyggilegu (tvíræðu) samtali!

En gamanið fékk skritinn enda í fyrrakvöld. Eg og strákur í Háskólanum (gamall skólabróðir) leiddum eina stelpu úr 6. bekk á milli okkar. Hólmi er á tjörninni - við komum, saman að honum í galsa. "Við skulum fara yfir hann", sagði ég. Og við gerðum það. "Nú förum við í vökina", sagði Siggi og um leið stóðum við öll í botni. Vatnið var í mitt læri. Siggi (svo hét pilturinn) var í nýjum spjátrungsbuxum. Þær urðu heldur óhreinar. Hann tapaði líka dýrum hring í tjörnina. Stelpan var á nýjum skautum (8 kr.) og tapaði öðrum til fulls. Siggi skaust upp úr um leið. Eg lyfti undir stelpuna og sökk þá svo djúpt í leðjuna að það varð að

draga mig upp. Fjöldi manna safnaðist að og sagan flaug, en komst þó ekki í Morgunblaðið. Það er búið að hlæja svo mikið að þessu að það margborgaði sig. - En nú er ísinn ófær og ég hef verið að spila við Lúlla og Jón í kvöld. Í kvöld gifti Böddi sig dóttur Th. Thorst. Þau voru þússuð upp á kontor og engin veisla haldin. Við gáfum þeim málverk eftir Asgrím (Sólarlag í Hornafirði). Það kostaði 100 krónur, ramminn 11 kr., silfurskjöldur 13.40, alls 124.40. A skildinum stóð Böðvar Kristjánsson og frú hans. Með hlyrri kveðju frá nemendum Menntaskólans 5. nóvember 1914.

Ja, nú fór ég að drekka kaffi og nú er klukkan 2 og Lúlli vill fara að fara heim, því hann sefur hjá mér í nótt. Eg á eftir að botna bréf til Asu og labba með allt saman í pósthúsið. Þuru get ég ekki skrifað núna þó ég héti því þegar ég fékk seinasta bréfið frá henni. Eg skrifaði henni með seinasta pósti og sendi henni myndir, ég vona að hún hafi fengið það allt.

Fyrirgefðu þetta svefnrugl. Bið að heilsa öllum,

frá þínum Jonna

Styrimannastíg 7, 6. apríl 1915

Kæra góða mamma,

Klukkan slær 11. Í fyrramálið á ég að fara í skólann. Fríð er á enda og ég er þreyttur eftir allar þess "Udskjejelser". Eg veit ekki hvernig það hefur liðið en víst er um það að ekkert hef ég gert og þó aldrei verið aðgerðarlaus. T.d. hef ég þó tekið fyrir að rífa mig úr bréfaskuldum, gömlum og mygluðum. Eg hef skrifað fjórum, sem ég var stórsyndugur við. Það er best að þú fáiir að heyra nöfnin svo þú sjáir hvað kunningjarnir eru marglitir. 1. Margeir Jónsson, kennari á Sauðárkróki. 2. Sigtryggur Jóhannesson bóndi, Framnesi, Skagafirði, karlægur. 3. Elísabet E. gömul skólasystir og trygg. 4. Víglundur frændi. Eg hef lesið enskar, þyskar og færeyskar bókmenntir, annars lítið lesið, aðallega flækst og drukkið kaffi. Eg þekki margar skikkanlegar fjölskyldur hér í bænum, en heimsæki þær sjaldan. Oftast kem ég til þessara:

1. Jóns Friðrikssonar, gamals skólabróður, þar kem ég minnst einu sinni á dag.

2. Til Péturs frænda svo sem einu sinni í mánuði eða vel það.

3. Í Suðurgötu 4 viðlíka oft. Til Stjána og Gyðu og í Suðurgötu 20 svo sem svipað og svo til Þjónustunnar, sem er skikkanleg kerling og treður í mig kaffi þegar ég færi henni "gat" eða peninga. Þá er og "portner" Menntó, sem ég geng um hjá eins og grár köttur.

Þá er víst upptalið það gamla fólk, en við unga fólkíð eigum allsstaðar stefnumót. Á bíó hef ég einu sinni farið um þessa páska og einu sinni í leikhúsið, á "Ímyndunarveikina", skopleik. Öfugt við það sem var í jólafríinu hef ég sofið á nóttunni en vakað á daginn nema hvað ég vakti til 5 í morgun bara til að gá að hvað snemma rennur dagur. Við vorum saman ungt fólk, 2 piltar og 5 stúlkur og spiluðum og fórum í leiki. Við enduðum með borðdansi því ein stúlkan var fyrirtaks miðill.

Fyrst kom í borðið stúlka austan af Jökuldal, er hafði dáið 30 ára úr tæringu. Hún kom hvað eftir annað, enda átti hún kunningja hjá okkur. Margt sagði hún liðið og óskeð. t.d. átti eg að fara

heim í sumar, giftast eftir 5 ár og eignast 6 börn, verða ekkjumaður. Hún sagði að ég væri góður maður, en töluverður kvennamaður. Hún náði í Sigga Einars og var svaði á karli. Sagði hann að sér liði vel og að hann gerði vísur enn. Eg minnti hann á: "Nú er búið að negla pott". Alla frændur og kunningja er ég nefndi var hann búinn að hitta. Hann kvaðst sjá ykkur heima. Þú værir frísk og hefðir verið á fótum í dag (annan í páskum). Ása væri enn á Arnarvatni, en Halli á Grímsstöðum. Eg lofaði að skila kveðju.

Stúlkuna af Jökuldal bað ég að láta þig dreyma mig þá þegar. Skyldi ég í draumi þínum sitja við borð í herbergi mínu, styðja hönd undir kinn og vera að lesa í bók. Hún lofaði þessu. Það var klukkan 4. Eg trúí nú reyndar lítið á þetta allt, en sumt hitt fólkið því meira, enda þótti því draumalegt þar sem við sátum á seiðhjallinum í myrkrinu. Það er því mest eftir þessa fólks óskum að ég bið þig að segja mér hvort þig hafi dreymt mig þessa nótt (aðfaranótt 6. apríl) og skrifa mér það.

Sunnudagur 11. Klukkan er að ganga eitt. Bráðum lýkur mánudagurinn upp augunum, en þá sef ég. Eg ætla að segja þér hvað ég hef gert í dag. Eg fór á fætur kl. 10 og þvoði mér. Því næst settist ég við að skrifa nefndarálit - undirbúa fund í Framtíðinni. Kl. 12 kom ég í matinn, en fór síðan á fundinn. Þar var rætt um þegn-skylduvinnu. Talaði ég þar allmikið. Eg er eigi sem best máli farinn enn og eigi vanur við að halda ræður, ég hef fyrst æfst ögn í vetur. Þá borðaði ég miðdegismat, en eftir hann náði ég í Þórólf. Hann er nýkominn úr langferð austur um sýslur. Sagði hann mér alla ferðasöguna. Þeysti hann um sveitirnar á gæðingum Sunnlendinga. Þórólfur er eigi aðgerðarlaus hér. Vinnur sem tröll að ymsu, sem þið munuð síðar sjá merki um. Hann hefur ritað hér í blöðin, flutt fyrirlestra og talað í félögum og getið sér góðan orðsty. Eg er mjög ánægður með hann og Jónas í Hriflu í sjöunda himni. Þórólfur er karl í krapinu og ég vona að hann eigi eftir að sýna það fullkomlega norður þar.

Klukkan 6 fór ég á fund í Ungmennafelagi Reykjavíkur. Þar hélt ungur maður fyrirlestur, maður sem ég er bálskotinn í, Bjarni Asgeirsson frá Knarrarnesi, skáld og ágætlega máli farinn. Því

næst át ég kveldmat og eftir dálítið rjátl úti fór ég inn með skólabróður mínum þeim er mér þykir í flestu mest varið í. Hann er mælskumaður og skáld og verður vonandi síðar frægur maður. Hann er fullur af brennandi áhuga, metnaðargjarn og berst eldheitur fyrir öllum fögrum hugsjónum. Við rifum sundur ritningarnar þangað til kl. 12. Þá fór ég heim. Arni sneri sér og sofnaði aftur.

Mig dreymdi í nótt að ég var heima á hlaði í Garði og því draumurinn var langur og undarlegur hefur hann verið að veltast fyrir mér í allan dag. Þess vegna er það víst að ég settist nú við að skrifa einmitt þér. Það er líka frí á morgun. Fára manna bernskudraumar held ég geti verið tengdir fastar við bernskuheimilið en mínir voru. Og draumarnir okkar systkynanna sýndu sig svo berlega í verkinu við Ullarlindina. Og alltaf hafa þeir verið tengdir við það heima. Nú fyrst finn ég að þeir eru að hverfa þaðan. Nú er mig stundum farið að langa til að berjast á kappleikvelli Þjóðarinnar, en ég er orðinn svo fjaska syfjaður. Góða nótt.

12. Nú fer póstur í fyrramálið. Eg skrifa utan á bréf og rannsaka hvað ég þurfi að senda. Eg ætla ekki að skrifa stelpunum núna. Segðu þeim að flyta sér að ná í strák, ég sé búinn að vera fjórum sinnum trúlofaður og standi til í fimmta sinn.

Kl. 5 eftir hádegi. Regnið streymir úr loftinu en blekbyttan er tóm. Forin á götunum er í ökkla. Eg borðaði í miðdegismat "fylligraut", sem bræður vorir kalla og siginn fisk. Eg sendi Arnþóri kort, en kom ekki öllu á það, sem ég þurfti að skrifa honum. Mér er sagt að Fríða á Kálfaströnd væri ekki búin að borga Æskuna en vera mætti að það væri rangt innfært. Það var bara strákur í afgreiðslunni. Eg ætla að rekast í því betur seinna. Ekki líkar mér rétt vel erfiljóð H. heitinnar. Þ.e.a.s. búningurinn. Það er nú svo margt af andlega "produkti" þeirra heima, sem ekkert hefur að gera fyrir almenningssjónir þó það sé gott fyrir sína sveit eða þyki gott þar. Það er slæmt að það skuli vanta fæðingardaginn. Þið hafið líklega ekki vitað hann. Þið kærlega að heilsa öllum.

Þinn sonur Jón Arnason

Haustið 1915 kemur Valgerður Sveinsdóttir aftur til Reykjavíkur og innritast nú í Kvennaskólann.

Nylendugötu 24, 8. okt. 1915

Góða mamma.

Eg hef verið að lesa núna Þingeyskar bókmenntir, var að leggja frá mér "Æskuástir" Huldu. Nafnið er fagurt, æska og ást, en mér liggur við að spyrja: "er ást til nema í æskunni eða er hún til nema að hún byrji í æskunni?" Fáir munu komast yfir æskuárin án þess að elska og fyrsta ástin er sterkust, nálega sú eina rétta ást. Það er þetta tvennt sem allar sögur snúast um og sem líka er það eina sem til er í mannlífinu, einu hvatirnar sem barist er fyrir, mér liggur við að segja innibindur allar þær hvatir sem náttúran hefur oss í brjóst lagðar, annað er hvötin krafa líkamans að afla sér fæðu og klæða, hitt er hvötin til að viðhalda mannkyninu. Á byrjunarstiginu felur hin síðarnefnda sig og sveipuð himinborinni draumofinni slæðu hálfveruleikans heitir hún þá ÁST en æskan er morgunroðans og draumanna land. Það er því nærri óþarfi að segja æskuást heldur bara ást. Og þó að nú sé ef til vill til miðaldursást og jafnvel elliást þá eru þær svo tengdar fyrri hvötinni, þeirri að skýla og næra skrokkinn, að oftast munu þær standa í sambandi við skynsemi eða girnd. Ja, en geta þær þá heitið ást? Oft er þráttað um hvort ást sé til, hvort hún sé ekki bara girnd. Eg lét það mál útrætt, en vísa í það sem ég sagði um "slæðu hálfveruleikans".

En eitt er áreiðanlegt. Æskuástin er vanhaldasöm. Hverfandi fáir eru þeir sem njóta hennar. Jafnvel þó þau séu bæði jafnskotin. Aður fyrr var það oft vilji foreldranna, sem hamlaði, oft er það einhver geðveila annarrshvors. Öfyrirsjáanleg atvik, stundum bara hrein tilviljun, sem stíar. Og svo koma önnur og þriðja ástin, stundum fjórða og fimmta o.s.frv., en alltaf verða þær magnminni seinast hringlandi ástamangsgrautur ef maðurinn sleppir sér alveg, en allar skilja þær eftir opna und þegar þær rofna, sú fyrsta þá stærstu.

Sælustu og sárustu minningar gifta fólksins eru því flestar frá þessum árunum - eru þessa eðlis. (Eg á hér auðvitað ekki við heimalninga, sem feðurnir semja um við vörðubrot, sem stendur upp úr skafli á háheiði, heldur nútímans unga fólk sem ber sig um á sjó og landi). Og allar þessar minningar, þessar óskrifuðu sögur virðast okkur, sem ekki erum hetjurnar í þeim, ymist broslegar eða grátlegar, en fjöldi þeirra er efni í fyrirtakssögur ef vel er með farið.

En hvernig tekst nú Huldu að lýsa þessum ljúfsáru ævintýrum? Því miður hörmulega. Margur mun opna þessa bók fullur tilhlökkunar, nú muni hann sæll teiga beiskan bikar meðan hann flettir blöðunum. Svo fór mér. En ég henti skræðunni bölvandi þegar ég var hálfnaður og mér fannast ég kenna í brjóst um Huldu að henni skyldi ekki hafa dottið í hug að fá Baldvin í Víðiseli til að skrifa sig fyrir kverinu.

Þó las ég allar sögurnar. Bókina í gegn skæla viðvaningsskapur, smekkleysa meyrri tilfinninga og fákunnáttu í ástamálum hvað framan í annað. Eg lét nú persónuvalið vera. Oftast eru það "saklaus sveitastúlka" og "menntamaður", sem eigast við. Það er nú náttúrulega algengt í veruleikanum þó hinsvegar sé óþarfi að hafa það allsstaðar. Sögubráðurinn má líka víðast vera, enda er hann undinn í hnykil, oftast heldur fyrirferðarlítill. Það mætti líka fyrr vera ef bráðurinn væri ekki þolanlegur, því flest viðburðarrás er tekin trúanleg þegar um slík mál er að ræða. En efnismeðferðin er grátleg, það fúnar undir afllausu tárastreymi þar sem það liggur við grytta braut ráðalauss höfundar.

En eitt er verst. A fátæklegan sveig efnisins er allsstaðar fleygt óviðeigandi flækjum náttúrulýsinga. Náttúrulýsingar geta farið vel í sögum (sbr. Upp við fossa), ef þær eru haglega ofnar í á viðeigandi stöðum, en tuggulegar veðralýsingar, sem fylla helming hvernar síðu eiga ekki heima nema í náttúrufræðariti.

Hulda er bersynilega innilegur föðurlandsvinur og hrifin af íslenskri náttúru, en löngun hennar til að syna það í sögunum (auðvitað í góðu skyni) og það hve ákaft og þó klaufalega þeim tilfinningum er slett í sögurnar, eyðileggur þær þó gjörsamlega sem skáldrit.

Sögurnar gerast flestar á einskonar samsteypu úr fegurstu landkostabrekkum þessa lands. Því engin heil jörð með fylgjandi húsum og ábúendum mun vera annar eins kjörgripur og þessi "kjarnalönd" í heila Huldu. Synir það meðal annars magnleysi höfundarins að allsstaðar búa söguenglarnir í einskonar himnaríki fyrir syndafallið til þess að fallið verði sem hæst og grátlegast ofan í þau göturæsi mannlífsins þar sem persónurnar hverfa sjónum vorum. Sem sagt, sögurnar líta út fyrir að vera ritaðar af konu og það veiklyndri, svo veikri að hennar eigin væl hleypur með hana í gönur svo smekkleysa verður úr. Ennfremur er það auðséð að hana vantar lífsþekkingu og reynslu og gagnrýni á mönnunum.

Eg er nú búinn að vonskast heilmikið út af þessu kveri. Eg held blöðin hæli því af því það er eftir Huldu og mér er líka nærri sama þó þau geri það af því það er Hulda - hún sem orkti um grágæsamóðurina.

Þá kem ég að 12 sögum eftir Guðmund Friðjónsson. Mér þykir ennþá vænna um Guðmund eftir að hafa lesið þær. Sumar þykja mér mjög góðar svo sem Gamla heyið, Trúlofun o.fl. Margar dágóðar og nokkrar hálfgerð rugl. En hvenær flytur Guðmundur úr afasetinu á Búrfelli og sest upp í bifreið í framtíðarlandinu með fjörugum, horskum drengjum? Hvenær hættir hann að predika nurl og kyrrstöðu?

Eg hef ekki lesið fleiri nýjar bækur enn. En komið er fleira á markaðinn svo sem Vesturlönd og Drauma- Jói eftir Ágúst vorn. Ljós og skuggar, Sögusafn sr. Jónasar. Framhald yfirstandandi sagnabálks Jóns Trausta (3 sögur - ein bók) og flestar sögur Gunnars Gunnarssonar á íslensku o.fl.

Þessa dagana stendur yfir uppboð á bókum þeirra Þorsteins Erlingssonar og Jóns Jenssonar. Margt fer fyrir geypiverð, en Upp við fossa á 40 aura!!!

Jæja mamma. Þetta bréf átti að vera um allt annað, síðasta bréf þitt meðtekið á Siglufirði og þá braut sem ég er kominn út á og hvernig ég komst það. En það mál verður allt að bíða. Nú er

kominn 12. okt. og Bárður fer í fyrramálið.

Regnið bylur á kolsvörtum glugganum. Á borðinu ljómar lampinn. Þar er líka vatnsflaska, námsbækur, Morgunblaðið og Vísir, reyktóbaksbætur, blekbytta, Arbók háskólans og reyfari (opinn). Öllu þessu hafa tilviljun og dagsvefn raðað meistaralega síðan griðkan tók til í morgun. Hjónin eru í háa skrafelsi niðri að afklæðast en vinnukonan ýlir víxlaðan lagstúf í herbergi við hliðina á mér. Klukkan er hálf tólf.

Stólarnir eru hér og þar um gólfið eftir síðustu gesti, tvær kvennaskólastúlkur, sem báðu að leggja út með sér ensku (forresten voða sætar). Á þilinu nyrammaðar myndir af okkur í Gagnfræðaskóla Akureyrar og stúdentunum í vor o.fl. Upp yfir dyrunum í myrkrinu rauðhöfðinn minn (teikn.Ak.) Það er Myvetningur og skal gæta dyra. Sófi er við fótagafl og tvö koffort í horni, skólþfata og þvottaborð með tilheyrandi.

Vertu svo best kvödd
af þínum Jonna.

Nylendugötu 24, 3. des. 1915

Góða mamma,

Eitt sinn var það að ég hlakkaði til jólanna. Eg hlakka ögn til þeirra enn, en öðru vísi en áður, hlakka til að geta slæpst og sofið og gefið mig letinni á vald. Það er að því leyti réttlætangelgt að þetta er í raun og veru eina hvíldin mín á árinu. Í þetta sinn verður hún með lengsta móti ef enginn landssjóðssjúklingur verður svo slæmur að deyja, þá lendir jólafríð allt í skrokkinn af honum, svo fór það hjá þeim í fyrra.

Mér finnst ég nú í fyrsta sinn vera orðinn fullorðinn eða hér um bil það. Ef "barnið" væri ekki eins ríkt og það er á mörgum sviðum í oss af Haganestæinu þá finndist mér ég vera orðinn gamall. En ég finn það að ég er og verð barn í mörgu alla mína ævi og ennþá er mín besta skemmtun að leika mér við krakka. Eg er líka svo heppinn að hér í húsinu eru tvö indæl börn, að öllu öðru leyti en því að þeim kemur bróður og systurlega illa saman. Magnús varð 13 ára 27. nóv. Laufey 9 19. júní. Þú sérð að ég skrifa um þetta eins og ég ætti þau sjálfur. Eg segi líka stundum að það sé klaufaskapur að ég skuli ekki eiga dreng um fermingu þegar ég verð læknir! Já, það er bjánalegt að ganga svona með fé sitt og setja það ekki á vöxtu!!! Nógir eru bankarnir.

Eg hef víst ekki skrifað ykkur af Helga frænda Björnssyni. Hann skrifaði mér í haust og bað mig að útvega sér atvinnu, á Seyðisfirði væri ekkert að gera á veturna. Eg auglýsti og rann á milli skósmiðanna og fékk enga áheyrn nema hjá einum norskum karli, ef Helgi kæmi í byrjun nóvember. Þetta sagði ég Helga símleiðis og réði honum ekki til að koma, en bað um ákveðið svar það fyrsta. En það beið fram í miðjan nóvember, þá fékk ég skeyti þegar Helgi var kominn á stað. En af hundaheppni gat ég þó útvegað honum húsnæði og atvinnu einmitt þegar hann var að koma inn á höfnina. Svo allt er nú gott í bráð. Hann er, sem þú veist, fótlaus en áhugasamur, greindur og mun vera duglegur, enda engin skræfa.

Sr. Arni gamli frændi kom með sömu ferð og varð ég allhissa að

sjá karlinn er ég kom um borð. Eg hefði getað trúað að hann hefði verið í sveltí síðan hann hvarf úr sveitinni. Þó er hann sæmilega feitur enn, en hörundsdökkur og þunnleitur og að mér finnst að byrja að verða gamalær (ekki gömul ær). Enginn vissi hér um komu hans fyrr en hann kom. Hann var að leita sér lækninga við slæmsku innan í nefinu og fékk hana held ég fullkomlega. Hann dvaldi hér um hálfan mánuð og fór á sunnudaginn var (28. jan.) Eg var lítið með honum en hittí hann þó nokkrum sinnum. Hann virtist vera öllu kunnugri heima en ég. Um Helga í Hörgsdal sagði hann að þetta myndu vera tafllok fyrir honum. Heldur þótti karli dauft heima, Gísli á Eiðum en Gunnar innra með Þóri. Ykkur yfirsést að skrifa mér hvaða fólk leitir sér menntunar innan sveitarinnar og mörg önnur tíðindi af bæjunum.

Heldur þykir mér vinur Þórólfur færast í aukana. Varið ykkur, Myvetningar á Þóra litla, það sem knýr hann er sterkt og hyggjan mikil. Bara að hann nú beri þetta allt, hafi hæfileika til þess. Þetta nýjasta sem ég á við er "Réttur". Eg þykist vita að hann verði ætilegur og kjarni í honum, bara að viðbitið ekki vanti. Það er þarna matsveinsins veika hlið.

En hvað um það. Eg þekki Þórólf betur en nokkurn annan sveitunga minn á okkar aldri (nema ef vera skyldi Valda) og ég hef líka mestar mætur á honum fyrir flestra hluta sakir og ann honum þess sem hann er þeirra best kjörinn til, en það er að verða þeirra mestur maður. Mér finnst bara það að honum að hann vill sigra í öllu, hvort sem hann hefur nokkra hæfileika til þess eða eigi. Gott dæmi er það þegar hann dirfist að troða upp sem skáld, en þar yfirsést honum. En samt, við mann eins og Þórólf vildi ég sverjast í fóstbræðralag eða að öðrum kosti vera fjandmaður hans. Við erum nú svo aðskildir að hvorugt mun verða, en þó síður það síðastnefnda.

Svo ég vaði nú úr einu í annað, eins og sjálfsagt er í bréfi, biskupinn þinn varð sextugur í gær, en ekki eru myndirnar af honum vel andlegar núna í blöðunum, svei mér ef það er ekki töðulykt af þeim. Í dag gaf hann saman tvenn hjón, Kjartan Thors (Jensen) og Agústu systur Ólafar B. og Ólaf Thors og hana þarna dóttur hans Indriða, hvern fjandann hún heitir. Veisla engin nema

fyrir nánustu í annan og þriðja lið, nú er það víst allt háttað eins og gengur því klukkan er að ganga eitt.

Hjónin sem ég by hjá eru fyrirtak. Sérstaklega er Arndís óvenjuleg kona. Eg hef aldrei kynnst jafn geipi greindri konu og skörulegri. Þó er hún að því er virðist laus við allar "litterærar Intresser", hefur víst aldrei lent inn á þær brautir. Hún er geysilega skrafhreifin og hraðmælsk, full af heilbrigðu viti og drengur hinn besti. Stórlynd er hún mjög, einkum við bóndann, en þar fær hún þó þéttustu mótstöðu og er þó samkomulagið gott. Það þarf nú víst ekki að taka það fram að við erum fyrir löngu fínustu vinir í fullu skikkelsi.

Jóhannes er hæglátur en þybbinn og það svo fastlega að eigi hrekkur húsfreyjan við ef hann rís upp á afturfætturna. Hann er maður lítið eitt haltur síðan hann lá austur á Rússlandi í fóta-meini í misseri. Eg segi krökkunum dálítið til og hef fyrir það ókeypis rausnarlegt morgunkaffi og annars venjulegt kaffi tvisvar á dag, stundum þrisvar og svo verð ég náttúrulega að bragða á öllu nýnæmi, sem kemur í húsið. Mun þó húsfreyjan fara varlega með efni og er reglusöm mjög og hreinlát. Sá ljóður er á ráði hennar að hún er heilsulítil, lá hættulega í botnlangabólgu í fyrra en er svo hnífhrædd að hún þorir ekki að láta skera sig upp. Er hún veik síðan og má búast við öllu því versta í næsta kasti.

Atlæti það er ég nýt hér kemur sér vel því fæðið sem ég hef er hálfgerð ómynd, en var ágætt í fyrra. Mun það hvortveggja að karlinn er á hausnum og matarskortur er í borginni nú í ár. Gaman væri ef þið sæuð ráð til að senda mér vel sigið hængband seinnipartinn í vetur, það kostar lítið með skipi.

Meðan ég man, þú ættir að senda mér betri mynd af þér en ég á nú, annars get ég ekki verið nógu stoltur yfir því að móðir mín hafi verið piltagull þegar hún var ung.

6. des. Hér í bænum skarta nú "rauðir hundar" og eru komnir hér í húsið og byst ég við að fá þá í jólagjöf. Mikið er ég þér þakklátur fyrir allan kveðskapinn um dagana. Það er mitt mesta

yndi að fá slíkar sendingar. Eigi vil ég láta hýða vin minn Jón í Hlíð upp úr hlandi þó hann eigi það skilið. Já mér finnst æskilegt að nýja frænka heiti Gudda, óvíst að hún komist upp á annan hátt. Ekki held ég nafninu við. Mér getur aldrei þótt Guðbjörg fallegt nafn og svo hef ég líka fjöllað við fjórar Guðbjargar.

Þessi frétt um prestinn - mig - er helvíti leiðinleg fyrst þið gátuð ekki vitað það sanna. Mér hefur ALDREI komið til hugar að láta kjörin kúga mig til slíks ranglætis gagnvart sjálfum mér. Hitt er merkilegra að allir virðast álíta sjálfsagt að ég yrði prestur og ég hafði ekki við að bæla þann oröróm niður í sumar. Sumir voru jafnvel svo ósvífnir að reka það framan í mig að ég hefði sagst ætla að verða það, sem auðvitað var lygi því að ég sagði alltaf að ég vissi það ekki, en helst yrði það norræna eða læknisfræði. Fréttir eru bara upplognar til þess að hrella ykkur.

Best jólakveðja frá

Jonna

Þann 8. desember 1915 bar Jón Arnason upp bónorð við Valgerði Sveinsdóttur frá Felli og fékk jáyrði og voru þau þar með leynilega trúlofuð. Þetta gerðist á afmælisdegi hennar þegar hún varð 20 ára.

Nýlendugötu 24, 2. jan. 1916

Góða mamma,

"Gleðiríkt og farsælt nýbyrjað ár með þökk fyrir það gamla", segja póstkortin eða eitthvað þessháttar og fólkið, sem maður mætir á götunum. Og þegar ég svo lít yfir öll kortin liggur við að mér finnist þessi orð hljómlaust og einskis nytt rugl. Þau eru eins og "Komdu sæll" og "vertu sæll", einskisnýtir blikkpeningar, sem allir hafa fulla vasa af, sögð fyrir siðasakir í hugsunarleysi. En ef við förum að hugsa um þau finnum við hvað þau eru falleg, en við hugsum ekki um þau nema þegar við segjum þau af tilfinningu, segjum þau til þess að segja EITTHVAÐ MEÐ ÞEIM, en ekki til þess að segja eitthvað. En eitt er einkennilegt í öllum þessum hamingjuóska ólgusjó, t.d. mér er innilega vel við margt af því fólki, sem ég segi þessi orð við, ég ann því allrar hamingju og vil þakka því það sem ég hefi að þakka og það er kannski mikið. En ég segi samt ekki þessi orð til þess að þakka og óska heldur fyrir siðasakir því í dag er það síður, en á morgun síður. Nei þau eru orðin eins og faðirvorið, sem guðhrædda fólkið les á hverju kvöldi til þess að lesa "faðir vor", en það þarf nú kannski líka að taka koppinn áður en það sofnar til þess að sofna ánægt.

Eg veit þú skilur hvað ég á við þó ég sé ekki upplagður til að "fílósófera", en þetta er fánytt rugl og best að hætta strax.

Og nú finn ég það allt í einu hversvegna ég aðallega skrifa þér og mér er það svo létt, léttara en nokkrum öðrum. Það er af því að þú skilur mig, minnsta kosti allt sem þú veist að vaknað hafi hjá mér, en ég reyni að þegja um nokkuð, nokkuð sem er afleiðing af því sem þú ekki skilur af því þú hefur ekki kynnst því og þó mundir þú ef til vill skilja það.

Þegar ég var lítill var ég oft óánægður við þig af því að þú skildir mig og notaðir það ekki sem best. Á ég að segja þér dæmisögu. Einu sinni í rökkrinu sat ég uppi á borðinu fyrir ofan og var að lesa Sigrúnu á Sunnuhvoli. Þá fór ég að skæla út af sögunni, en það mátti enginn vita af hverju það var. Og ég grét beisklega. Stúlkurnar leiddu að því ymsum getum af hverju ég skældi og ég reyndi að dylja hið rétta, en þú sagðir glottandi: "Ó, það er bara sagan sem hefur fengið svona á hann." En ég fyrirgef þér það aldrei. Og það var líka rangt af þér að segja þetta, það var að brjóta lykilinn, sem þú áttir að hjarta mínu í skránni. En ég veit af hverju það er eðlilegt að þú sagðir það. Þú varst að hefna sjálfrar þín á lífinu án þess að vita það, eins og mennirnir sem standa við hálfbyggt hús hugsjóna sinna, vitandi að þeir geta ekki byggt það, hæðast að ungu skáldunum sem eru að berjast við að byggja sitt og svo segja þeir: "Sér þú ekki ungi maður að það er leir, sem þú rogast með, þetta sem þú heldur að sé gull." Það var gull.

Ég á nú auðvitað ekki við það að þessi orð þín hafi gert mér annað en fæla mig frá þér í bráð. Sjálfur hefi ég nýlega sagt við mig: "Ég á ekki efnivið og þó ég geti byggt mér dálítið hús sem stendur þá get ég ekki búið í því í þessu kalda landi." En ég get ekki að því gert ég held stundum áfram að grafa fyrir grunninum á "húsinu mínu" og þá finnst mér mig vanta verkfæri og þá leiðist mér Reykjavík og langar til Hafnar til nýrra strauma og nýrra vinda. Þessi löngun til að skrifa ætlar mig að drepa. Nú held ég að ég geti ekki skrifað svo barn gráti þegar það les það. Ég ætla að lækna barnið sem grætur, það er hlutverk líka. En mig langar til að skrifa og sú löngun ætlar að drepa mig. Og svo skrifa ég þér af því þú skilur mig. Mér er það nautn eins og sitja hjá tveim vinum mínum á Menntaskólanum, sem dást að Hamsun og Þýða Poe og Heine og yrkja um "Svörtu höllina" og allir höfum við barist hlið við hlið og gert uppreisn gegn andanum eða andleysinu, dauðanum, djöflinum í Menntó og krafist nys lífs og þá var ég foringinn að nafnbót. Nú er annar þeirra það þó utanskóla sé af því hann fékk ekki að sitja í skólanum. Kennararnir höfðu fælt hann frá sér og sett sinn svip á bækurnar.

Svona get ég nú t.d. aldrei skrifað Di og þó þykir mér vænst um hann allra manna á jarðríki.

Þökk fyrir síðasta bréf. Það var bara svo rækalli upp með sér. Sinn yfirdómurinn í þrem orðum um hverja bók. Og misskilnings rugl um mín fyrri bréf, auðvitað af því að ég hefi ekkert sagt skýrt í þeim. Nú hefi ég gert það. Þú talar um flökkulíf, ég hef aldrei ætlað að verða Sígauni. Og umhyggju og ástúðar nyt ég nokkuð jafnt hvar sem ég flækist. Gættu að því að ég hef nú verslað fyrir eigin reikning í 5 ár. Þú öfundar mig af "knjám Gústa". Efnið sem hann fer með er gott en hann veldur því varla og er klaufi að setja saman. Það vita allir.

Búskaparpistill þinn í endinum er afbragð. Eg sé í anda búkonuna móður mína með lyklakippuna í svuntuhaldinu standa í eldhúsi og segja: "Vantar enn þrevetra hrútinn, tóa að drepa í Sellöndum." Jæja, við tölum ekki um það, ég skil þig dálítið líka og hef gaman af svona fréttum þó stuttar séu.

Rauðir hundar búnir með mig og voru ekki gráðugir í piltinn. Lasinn í 3 daga. Jólafríið fyllerí og kvennafar, sætt kaffi og sælgæti, dans dufl og kossar fyrir innan borð og framan. Vakað allar nætur, sofið til hádegis. Krambúleraður á líkama og sál. Farið þrisvar í kirkju og staðið í þrengslum og loftleysi og hugsað um ræfils fólkið og trúarþörfina og trúna og allt þetta dæmalausandi endemi úr prestunum og svo hefi ég sökkt mér ofan í sálfarlífsflækjur, en ekkert fundið nema það að mér líkaði ekki ræðan.

Svo er ég nú slokknaður í bráð og segi: Bið að heilsa öllum,

Jonni

Nylendugötu 24. 25. janúar 1916.

Góði pabbi,

Þakka þér innilega fyrir bréfið um daginn. Það er eiginlega það eina bréf, sem ég hef fengið í vetur að heiman, sem meir en eitt prósent af viti hefur verið í. Eg get ekki fullþakkað þér allar fréttirnar og upplýsingarnar svo sjaldgæfar sem þær eru því mamma og systur eru hreinustu snillingar að sneiða hjá öllu þessháttar, varla að þær minnst einu sinni á hneykslismál og óléttar konur og ef Di skrifaði mér ekki afbragðsvel um veðuráttu og nokkurn veginn sveitarfréttir þá væri ég á klaka staddur og mundi smám saman gleyma því að ég er þó í rauninni Myvetningur og að þar hafa verið "þrjár mínar" og eru "Þúsund rætur". Af stíl þeim er þær heiðurskonur móðir mín og systur skrifa mér dreg ég þá viturlegu ályktun að þeim getist vel að sniði minna bréfa, því sjálfur skrifa ég oftast rugl, enda get ég ekki skrifað mikið um þann heim sem ég lifi og hrærist í af því að þið þekkið hann ekkert.

Heldur þykir mér þú hafa fátt á föðrum og átti ég von á að fleira væri, en vel ef þú hefur grynnað á skuldum þetta ár, sem mér þykir líklegt þó ég viti eigi um annað en þetta sem þú sendir Kristjönu. Hún mundi ekki baun um það í haust hvað þú skuldaðir sér. Þú gleymir að geta hrossa þinna, en líklega lifa þau Móra og hvíti fákurinn eða hvað hefur þú heima?

Eg þreif gogginn í huganum þegar ég las um hængina, þeirra get ég aldrei ógrátandi minnst og færi Ása mér ekki bragð þá ræð ég mig af dögum. Fæði það er ég hefi hér í Vík ét ég bara af hlyðni við líkamsþarfirnar og þó með illu og er ekki von að nokkur maður haldi fjöri og náttúru með slíkum skratta. En hefði ég haft alltaf hængsilung værir þú orðinn afi fyrir löngu því ekki stendur á stelpunum þótt grannar séu.

Annars eru þið veiðimenn við Myvatn vitlausustu menn undir sólinni nú á tímum er allir fara eins langt og þeir komast, og

svo hafið þið alltaf verið. Svo má að orði kveða að til skamms tíma hafið þið glaðir hýst og alið ferðamenn og flækinga ef þeir bara hafa verið svo náðugir að bera frá ykkur heilar klyfjar indælasta matar með nokkurn veginn hyrum svip og nálega jafnþunga pyngju og er þeir komu. Hvernig í helvítinu stendur á því að þið reynið aldrei að hækka silung svo í verði að eigi sé meir en hann rétt gangi út, þá mundið þið græða á honum og þá munduð þið losna við mikinn átroðning. Eins og nú er, eða réttara hefur verið, gengur andvirði þess er þið seljið allt í góðgerðir handa sníkjendum. Margur borgar ekki meir fyrir silung þarna er hann fær en veitingar þær kosta er hann þiggur á heimilinu um leið. Og margur fer með silung í sér en engan á sér. Að vísu er nú verðið þolanlegt sem stendur ef eigi fylgdi átroðningurinn. Mér finnst þú eiginlega hljótir að vera búinn að selja silung fyrir nokkur hundruð krónur í vetur. Ef ég væri bóndi í Garði mundi ég ekki gefa mikið fyrir matarást sveitarbúa en reyna að fara að dæmi nágrannanna að græða. En þú ert alltof góður maður og réttlátur handa heiminum. Fúlmenskuna hef ég sumpart úr móðurættinni, en mest af henni hefi ég lært og gefst þryðilega. Reglan er þessi: Leita ekki á aðra menn, en sé þér gefið utanundir þá gef þú beint á kjaftinn í staðinn. Þetta er sú siðfræði, sem allir heilvita menn aðhyllast nú á dögum og allir góðir prestar lifa eftir.

Ég hef að vísu fátta að segja þér af mér en þó dettur mér í hug að segja þér frá balli, sem ég var á í fyrrinótt, því hér er mikið um böll í vetur sem endranær og ekki svo lítið af "leikunum" (Hadda Padda o.fl.) Ég geri ráð fyrir að þú fylgist með því og hefi talandi dæmi fyrir mér að þú hafðir smekk fyrir kvenfólk áður fyrr og ert maður gamansamur. Jæja, strákur nokkur bauð þrem meyjum forkunnarvænum á ball og mér og öðrum herra til þess að skemmta þeim. Samkvæmt samningi lagði ég af stað að loknum kveldverði að sækja eina þeirra. Allt kveldið hafði ég staðið fyrir spegli, rakað mig frammi fyrir spegli er stækkaði tíu sinnum, þvegið hendur mínar átta sinnum, skafið neglur og greitt hár. Guðhrædd og tárhrein piparmey hafði hreinsað og þrytt, brotið og bætt fót mín og skyrta og flibbi voru sem snjór, hvíldu á brjósti mér sem ny fönn á eldfjalli, skór voru nyir og ósnertir með öllu, frakki, stafur og hattur í besta standi og nógar sigarettur í vasanum handa dömumum. Eg gekk því alveg ólotinn

til dómunnar.

Hitti ég hana fáklædda heima fyrir. Var hún í sæ-himin-blá-grænum silkikjól, nálega ermalausum, í hvítum sokkum með svarta flauels-skó. Í hári hennar höfðu starfað 12 þernur um daginn og fært það í öldur með glóandi járnum svo það leit út sem helluhraun neðan við Bláfjall. Allt hvarf þetta þó fyrir andliti hennar er var rautt sem rjúpnablóð og hvítt sem ull á útigangssauð, en fram hjá því mesta geng ég mér því ég fæ því ekki lyst, en það voru augun, enda var hún að fara á ball. Hún sveipaði sig nú nokkrum guð-vefsslæðum og lögðum við síðan út á hinar hálu brautir höfuðborgarinnar, náttmyrkursins og kærleikans og það mannbroddalaus og þó bæði á besta aldri en þá sneiða menn minnst hjá hættum. Komum við nú til annarrar meyjjar. Var sú svipað búin hinni fyrri en þó með stóra slaufu á mjóhrygg undir hinum órannsökuðu nýrum og líktist slaufan reipalykkjum á snoturlega bundnum stararbagga.

Eigi höfðum við þar langa viðdvöl haft er herra sá kom er bauð og með hin þriðja dama. Var hún á peysufötum og fögur sem sjóðheit kaffikanna á búrborði. Héldum við nú ofan í Iðnó og safnaðist þangað brátt hinn ljúffengasti æskulyður borgarinnar, háskólamenn og menntaskóla, kaupmenn kontoristar og aðrir hvítbrystingar og dómur allskonar, allt frá kotunga til ráðherradætra og í allavega litum kjólum og sokkum og skóm og allar ungar og feitar og saklausar sem veturgamlar ær á haustdegi. Í húsræflinum loguðu gasljós og rafljós og steinolíuljós þó dauf mættu þykja hjá öllum öðrum ljósum er þar voru kveikt - og slökkt.

Var nú hafinn mars. Frk. Dandelina, fínasta spiladós borgarinnar sat við píanóið. Á gólfið hafði verið niðurskafið 20 kíló af vaxi og varð það því brátt hálla en slægingaplássið á Byttuflötinni. Já, svo fór nú öll rófan í marsinn og það eru nú engar smáræðis "serimóníur" við það, t.d. hverri maður á nú að bjóða upp á eftir, svona fyrir pilti eins og mig sem allar eru vitlausar í þó ég sé ljótur eins og þú. Þetta hringsnyst annars allt fyrir mér enda gleymdi ég mér í faðmi meyjanna. Þeir dansar voru dansaðir. Heitir einn vals og hann hefur þú oft séð. Karl og kona vefjast örmum og hringsnúast og hringsnúast og færast þó áfram. hreyfingin er sú sama og jarðhnattarins um himingeiminn, bara

hreyfa sig en hér til að talast við. Annar heitir "one step" sem Þyðir eitt skref (í áttina). Hann er í flestu hinum líkur nema bara að menn geta látið eins og þeim líkar á gólfinu svo hann getur varla dans heitið. Flestir kjósa þó að hafa hægra hnéð á milli fóta dömunnar því ofar sem þeim er hærra til hnésins og svo er róíð og ruggað um gólfið. Þriðji heitir "lansche" og er franskur og fagur. Hann dansa 4 og 4 þör saman en þó svo að hver hefur sína og heitir það "quadrilla". Er þá oft skipt um lag. Stundum snyst eitt par í faðmlögum en hin horfa á, stundum snyst allt en stundum hefja menn dömuna upp á bringu og snúa henni eins og Sali strákunum og Friðu. En eftir hvern lansche var farið upp á loft og spanderað upp á dömurnar (en ekki dömunum)kaffi, citron og öðrum djöfulskap. Eitt sinn sungu fjórir menn og heitir það "quartett". Hvíldu aðrir sig á meðan og tóku af sér vettlingana því hér var dansað með vettlinga, hvíta skinnvettlinga sem fljótt saurgast rétt eins og þeir væru eitthvert heimsis glys. Svo kom líka dálítið sem heitir "orkester" en það voru menn með píanó og margar fiðlur, sumar 4 álna háar og digrari en Abba gamla og líka trumbur o.fl.

Svo þegar klukkan var 6 um morguninn og þú varst búinn að gefa kúnum voru allir orðnir þreyttir. Þá fóru menn heim. Ærið var það þó aðgangshart því norðan stormur var, versta veður sem ég hef séð sunnanlands. Það var ónotalegt að vakna til þessa lífs armæðu upp frá ástardraumunum í Rauðuborgarkofa en þó er það gaman eitt hjá slíku kaldabaði, þó maður geri ráð fyrir að allar tölur séu hnepptar áður en út er farið. Þú hefur sjálfsagt oft séð fiðurlítinn kríuunga húka úti á Lambhöfðaeyri þar sem tekið er að í sumarhreti og séð vatnið rjúka yfir hann. Líkt eru dömur vorar staddar í öllu þírumpárinu í slíku veðri sem þá var. Eg meira þar mína en leiddi heim til hennar og snaraðist svo út af mikilli karlmennsku, rétt eins og þegar við Stefán frænda minn vorum að ganga við rollur í Geirastaðahrauni í haustbyljunum. En ég hafði þá gleymt lyklinum heima og varð að skriða inn til stráks og sofa þar við mikla drauma í 4 tíma. Síðan heyrði ég að fleiri hefðu ekki bælt sitt eigið rúm þá nótt - - -

Nú er fimmtudagsnótt og ég orðinn hundsyfjaður, póstur skal steðja af stað á morgun. Svo bið ég að heilsa í bæinn.

Þinn sonur Jonni

Nylendugötu 24. 30. apríl 1916

Kæra mamma,

Það sem ég ætla að segja þér er svart eins og nóttin og ömurlegt og ógnandi eins og loðin ógæfuhöndin eða svo fannst mér fyrir fáum dögum þó veri megri að birti og breytist til hins betra. Það er í fæstum orðum að Arinbjörn frændi (sonur Hjálmars fiðluleikara móðurbróður Jóns) hefur tekið lungnatæringu og er kominn á Vífilsstaðahæli. Þú verður líklega búin að heyra það þegar þetta bréf nær til þín.

Arinbjörn hefur nú í tvo vetur búið á Iðnó, krossgötum og gólfperu bæjarins, í vetur síðan Víkin brann. Herbergi hans var leiðinlegt, móti norðri, og húsið hjallur. Í öllu arginu var dálítið afdrep á því herbergi og óspart notað af skólabræðrum hans og skólabræðrum þeirra marga samkomunótt. Þeir félagar voru of meinlausir gegn átroðningsmönnum og afleiðingin varð óreglulegt líf þeirra með svefn o.fl. Ég get þessa af því ég get vel ímyndað mér að það eigi þátt í því hvernig komið er, óreglan veiklað og átroðningur misjafnra manna getur fært marga slæma gesti sem allsstaðar liggja í leyni og sitja um færi, sóttkveikjur. Þó má eigi skilja mig svo að Arinbjörn hafi sjálfur verið óreglumaður. Það var hann eigi á annað en lestur og framkvæmdir eins og við erum svo margir.

Í vetur fékk hann gyllinæð og var töluvert lasinn heima, síðan slæmt kvef og þetta allt veiklaði og vildi ekki batna. Einu sinni brann hús í norðan brunarokí. Iðnó var í hættu og Arinbjörn fór út og varð kalt. Honum smáversnaði þó hann væri stundum í skóla og þá lasinn. Loks lagðist hann til fulls, hafði hitasótt og slæmt kvef. Guðmundur Björnsson landlæknir og læknir Menntaskólans hafði oft skoðað hann frá lasleikabyrjun og álitid ekkert athugavert. Svo var Sigurður Vífilsstaðalæknir látinn skoða hann fyrir páskana og sagði að hann yrði að fara uppeftir. Svo var hrákinn rannsakaður og fundust berklar.

Því verður eigi neitað að hann er orðinn allislæmur og magur. Hann er að mörgu leyti hraustbyggður, en safamikil jurtt og ef til vill

er að mörgu leyti hraustbyggður, en safamikil jurt og ef til vill viðkvæmur ef lítið er í honum af þessum seigu þurru sinum. Hann hefur ekki vel góða brjóstbyggingu, dálítið innfallið brjóst. Við fórum með hann í bíl á Þriðja í páskum uppeftir og frú Elísabet o.fl. Hann er hugsandi og talsvert reyndur og ber þetta vel, ágætlega.

Ekki er hann enn hitalaus. Hitinn 38 stig. Þó svona sé nú komið eru þó miklu meiri líkur með en móti að hann fái bata. Veikin er enn eigi komin langt og hann er feitlaginn, hraustur og geðrór.

Hér er engum hægt um að kenna nema ef vera skyldi landlækni, en vandi er mikill svo eigi er ráð að varpa þungum steini að honum.

Eg er annars ekki með neinar harmatölur út af ættinni okkar, það eru svo margar ættirnar, sem verða fyrir slíku nú á dögum. En ég veit að þetta fær á Hjálmar. Getur verið að fyrri kona hans bendi og segi: "Svona fór með þinn part". (Hjálmar og fyrri kona hans voru skilin og hún fluttist til Ameríku með tvö yngri börnin) En hvað sem því líður mun Arinbirni hafa verið vandfengið betra fóstur en hjá séra Helga, svo mikið veit ég gegnum Arinbjörn að séra Helgi er flestum mönnum betri, þó allt gangi vel er þetta þó hnekkir. Það tefur Arinbjörn. Hann hefði án efa orðið stúdent annars í vor.

Þú mátt ekki búa þér til neinar grillur um að ég muni fara sömu leið. Eg er orðinn svo gamall og vona ég svo þveginn í hlandpollum lífsins að ég sleppi héreftir.

Þú segir Hjálmari þetta. Eg hef sagt það blátt áfram og yfirhilm-ingarlaust því ég álit sannleikann betri skynsömu fólki en gyllingarvonir, þær fá svo oft tæringu. En mér finnst þetta eitt það versta sem mig hefur snert.

Af mér er annars ekki nema gott að fréttu. Innilega þakka ég ég ykkur öllum fyrir bréfin, sem ég fékk í dag með Goðafossi.

Fermd voru 100 börn í Fríkirkjunni. Þar á meðal Magnús og mikil veisla haldin. Er ég sat. Yfir barnið rigndi 10 skeytum, ógrynni

af bréfum og gjöfum fyrir sennilega 100 krónur. Þegar ég kom heim frá fermingunni (minni) var ær sem ég átti borin, mig hryggir það svo innilega að muna ekki hvað hún hét, og var tvílembd. Eg varð eins glaður og Magnús.

Ekki líkar systur minni við mig. Um það ræði ég ekki frekar en allt sem ég geri gagnvart henni geri ég af yfirvegun. Eg get ekki haft það öðruvísi. Eg VIL vera henni góður.

Ovíst er að ég komi heim í vor og síst til þess að stansa mikið. Þó fer ég nú að hætta við Siglufjörð. Það þarf sterk bein til að þola illa daga ekki síður en góða. Eg tek verklegt efnafræðipróf nú í miðjum maí, heimspekispróf í byrjun júní og munnlega efnafræði sennilega 23 - 25 júní. Þetta vor verður mér litlu óstrangara en í fyrra. Þó hræðist ég ekki kennarana, þ.e. Asgeir, en heldur er Menntaskólabragð af Agústi, enda hefur hann verið þar kennari.

Svo segi ég punctum finale og bið kærlega að heilsa í bæinn.

Þinn
Jonni

Nylendugötu 24. 31. maí 1916

Kæra mamma,

Af því að ég hefi svo mikið að lesa ætlaði ég ekkert að skrifa með þessum pósti, en nú segist Ása ekki skrifa, hefur víst haldið að hún yrði jafnfljót pósti, sem er misskilningur. Svo hripa ég þetta til þess að þið fáið þó pappír og blek.

Engar fréttir. Eg les heimspeki nú og tek próf með hrellingu á mánudaginn 5. júní. Þá er eftir efnafræði munnleg 22. júní, svo er ég laus. Verklef efnafræði búin og gekk bærilega. Övíst er þó að ég geti tekið efnafræðipróf. Fyrst og fremst eru nú þessir helvítis mislingar. Fáir ég þá tek ég hana ekki í vor. Svo liggur kennarinn, Ásgeir Torfason í nyrnaveiki og geti hann ekki sjálfur prófað okkur í rúminu eða á fótum, viljum við helst ekkert próf taka í vor. Ut af öllu þessu er ég í fúlu skapi.

Verði ég búinn að fá mislinga áður en ég fer í vor og orðinn svo ég smiti ekki, mun ég skreppa heim í vor, annars ekki því ég vil ekki bera þá, síst til Di og Önnu. sem hvorugt hefur fengið þá. Og Myvetningar ættu að verja sig því hætt er við að mislingar yrðu linir við vorverk og slátt.

Arinbjörn er því miður mjög slæmur, óhætt að segja að að búast megi við því versta. Berklarnir eru sem sé komnir í magann líka og hitinn er alltof mikill. Á sunnudaginn var hann heldur betri í maganum, en það má annars ekkert upp úr svo litlu leggja. Eg má ekki koma að Vífilsstöðum af því ég hefi ekki fengið mislinga.

Eitthvað var Ása að segja um Friðu og Jósep áðan. að þau mundu fara með Goðafossi seint í júní. Þau eru ógift enn. Ása fer með Goðafossi og ég ef til vill líka. Hún byst ekki við að fara neitt austur í Torfastaði héreftir. Hún er feit og sperrt og áhyggjulaus, en þess þarf hún held ég með fremur öllu öðru.

Þá er ég nú held ég ruddur. Tíðin er góð og allt í blóma til lands og sjávar. Bílar orga og eimreiðar hvína og hamarshögg heyrast frá höfninni. Fiskur í klof á öllum götum. Hjólreiðamenn og hjólatíkur Þjóta um húshorn og nýir hattar og silkisokkar, gúmmihælar og aðrar líkamlegar lystisemdir frygðast um göturnar. Jæja, skítt með það og hvað meira.

Bið kærlega að heilsa öllum,

Þinn Jonni

Jón og Valgerður settu upp hringana 1. júlí 1916. Hann var ráðsmaður í Felli um sumarið. Valgerður var kennari í Haganesvík næsta vetur.

Nylendugötu 24, 8. okt. 1916

Kæri faðir,

Það er nú orðið langt síðan ég hefi sent þér línu og verð ég að byrja á því að þakka þér fyrir að þú tókst hleypidómalaust og skynsamlega fréttunum um hina nýju ráðabreytni mína að því er ég heyri sagt. Hefi ég í hyggju að heimsækja þig næsta vor með kærustunni og verður þú þá að vera vel birgur af silungi.

Aðal erindið við þig er annars fyrir Svein í Felli, tilvonandi elskanlegan tengdaföður minn. Svo er mál með vexti að hann er að þurrka upp vatn í landi sínu, er það minnir mig um 200 engjadag-sláttur. Hefur hann grafið skurð mikinn og girt vatnið með öðru engi og kostað til miklu fé, en fær ekki enn meir en 60 votabandshesta úr því. Vatnið er grunnt orðið. Mun það hvergi meira en liðlega í hné, en verður dýpra að vaða um það, því botn er afarillur, leir og leðja. Engi það er upp er komið í því er að mestu þurrt, ræmur með löndum og graslag líkast á því og á Grænavatnseyrum, puntur og fífa, en stór engin. Nú er svo mál með vexti að hvergi er til blástör í Sléttuhlíð og varla í öllum Skagafirði. En með því dypji, sem er á vatninu, gætu hún vaxið um það allt og orðið þannig undanfari annars gróðurs, myndað rót og grynnað vatnið. Hún yrði líka fljótust af öllu grasi að útbreiðast, en síðar mundi bleikja og önnur betri grös útryma störrinni er vatnið þornaði. Til þess þarf að dypka skurðinn enn og lengja hann eftir vatnsbotninum því það er grynnt að sunnan við skurðinn.

Nú er hann að hugsa um að biðja þig að hirða í vetur salla af gólfum, þar sem stór hefur verið hrist og láta í svo sem einn til tvo poka og senda sér. Vitanlega verður meginið af þessu rusli skítur, ryk og moð og salli, bæði frá störrinni og öðru heyi, en vera má að innan um leynist nokkur stararfræ, en þessu rusli ætlar hann að varpa á vatnið. Þokunum gætir þú komið til Húsavíkur og sent þaðan með skipi til Siglufjarðar (fremur en Sauðárkróks).

Eg þykist vita að þú hefur slegið eitthvað af stór í sumar, t.d. er Slyjatjarnarstör afbragð. Líka gætir þú kannski fengið rusl hjá náungunum ef vantaði á þokana. Þetta borgar hann auðvitað samkvæmt reikningi frá mágafólkinu.

Eg er hingað kominn fyrir tveimur dögum, auðvitað limlestur á allri sálinni nýskilinn við kærustuna og skrifa því lítið. Heyskapur gekk allvel í sumar. Spratt þó seint, en sölnaði líka seint, enda aðeins tvær frostnætur komnar seinasta september. Voru allir við heyskap þangað til og eigi hirt í Felli fyrr en núna í vikunni. Við losnuðum eigi úr túninu fyrr en í 18 viku eða síðar. Það er stórt og þyft (24 dagsl.) og annað tún er gefur af sér kyrfóður að auki. Voru rekkjur framan af og erfitt með þurrk þó brakandi væri hjá ykkur. Svo kom þurrkakafli. En rétt fyrir höfuðdag brast í ótíð hina verstu, áttum við þá 100 hesta þurra og uppsetta úti. Náðum við loks kringum 10 sept. 200 hestum þurrum, var það fyrsta útheið. Gekk á með sunnan rokem og norðan hvellum í nær mánuð og voru þrjár algerir innisetudagar. Seinast hinn 19. var versta veðrið, en eigi snjóaði þó. Síðan var besta tíð en óhægt um þurrka vegna þoku og lágrar sólar. Heyjuðum við vel eftir fólksfjölda eða á 7 hundrað hesta þurrabands, enda var spretta hin besta er Sveinn mundi eftir og eigi slegið annað en það sem heygott var.

Eg fór í göngur og er verið hálfan dag í þeim. Eru það fjöll og hamrar einir, en Fellsfé gengur allt í heimalandi, er það höfði mikill í sjó fram, hið besta land, girtur af með enginu. Landrymi mikið í Felli, enda á það þriðjunginn af hreppnum, en erfið fjárgeymsla því fé er allt haft á beitarhúsum tvennum og hey flutt þangað.

Í Sléttuhlíð er ekkert forystufé og vilja þeir fá kindur að austan, var í ráði að reyna það í haust, en varð ekki ur og má vera að síðar verði reynt. Þú ættir að svipast eftir góðum kindum fyrir mig í vetur. Gaman þætti mér ef þú gætir komið til mín nokkrum hængjum af Þústaragrunni í vetur og eigi illa til fallið að Myvetningar sendu frá Auði bragð um leið. Við mundum þá slá saman í veislu. Með bestu kveðju.

Þinn son Jonni

Nýlendugötu 24, 26. okt. 1916

Góða móðir,

Innilega þakka ég bréf frá lok september móttekið í dag því póstur kom viku á eftir áætlun, lá í Borgarnesi. Og af því það er léttasti dagurinn á morgun opna ég blekdallinn, enda hefi ég erft frá þér kjaftæðið á pappírnum.

Nýja mynd af mér segir þú. Það geri ég auðvitað við tækifæri og hana góða. Það var tilviljun hvað sú síðasta var vond því ég er venjulega glaður og sagður breytast lítið hver fjandinn sem á gengur. "Hvað er að?" spyrð þú. Það er ekkert að sem um er vert að ræða. Þú veist að alltaf hefur verið eitthvað að. Réðist ég ekki í glannalegt fyrirtæki, nám langt og erfitt of gamall og félaus. Skildi ég ekki eftir þá sem mér bar að sjá um, fósturfor-eldra og rúði þá smátt og smátt. Vann ég ekki undir drep og skuldaði þó. Og það sem verst var, ég bar í brjósti tilfinningar og hugmyndalíf, sem streymdi öfugt við nauðsynina. Sveif fyrir ofan sky og vildu ekki lítillækka sig. Þetta veistu allt. Og svo segirðu: "Eitthvað að enn". Hvað ímyndar þú þér að hafi breyst? Nei reynslan hefur kennt mér að halda mig við jörðina og þó ég sé trúlofaður og sæll á sinn hátt, með kjarkmikinn förunaut, þá varpa ég ekki frá mér öllu eins og rómanahetjurnar nytrúlofuðu, sem sjá enga þröskuldi og tóm t sólskin. Ég kvíði ekki lífinu og berst glaður áfram, glaðari og öruggari en fyrr, en ég horfi í kring um mig áfram. Stúlkan mín, fyrir hverju gekkst hún? Fríðleika, auði. Nei, basl og fjarvera hvort frá öðru er það synilega, sem okkar bíður. Nýjar þrekraunir. En við sigrum samt. Sú glóandi stjarna læknaskólastúdent, Jón Arnason, sem fyrir eigin rammleik er kominn þetta á loft og víða hefur lof hlotið, menntaður, fjörugur og nú nytrúlofaður ríkri stúlku, má gjarnan halda sér í augum þeirra er þannig líta á. En enginn veit nema hann og unnusta hans hve erfitt sú stjarna á með það að lýsa og getur hrapað þá og þegar.

Það er hart að geta ekki lifað lífinu þegar öll andleg og líkamleg skilyrði eru fyrir hendi, aldur, ást og starfslöngun. Agætasta og sæluríkasta hlutanum úr ævi okkar rífa ástæðurnar í

tætlur. Og hver veit nema heimurinn verði búinn að gera okkur að djöflum þegar leyfið kemur.

Þessar 5 línur eru ljótar og þú mátt ekki halda að við séum svona svartsyn. Nú sem stendur gerum við okkur ekki rellu út af neinu nema því að geta ekki verið saman í vetur. En það er bara af klaufaskap. Eg vildi í fyrra að hún yrði heima í vetur, áleit það heppilegra upp á lestur minn og svo var ekki hugsað fyrir öðru, enda þótt hún ætli sér og þurfi á hússtjórn. Og svoleiðis harmur er nú auðvitað bara mynd kærustupara viðkvæmni. Og þegar við hittumst í vor ætlum við að skreppa austur að Myvatni og gleyma öllu, bæði gær og morgundegi -

Þú baðst mig einhverntíma í sumar að komast fyrir hvað orðið hefði um dót Ara heitins. Frú Ingunn á Iðnó, húsmóðir hans, sendi það allt til Sighvatar Bjarnasonar, sem sá um útförina, bækur og föt og því ert þú að spyrja um það? Geta ættingjarnir, sem skiluðu honum nöktum í æsku í annarra hendur verið þekktir fyrir að krefjast arfs eða yfirhöfuð látið sér detta í hug að þeir eigi hann? Kona þessi hefur lofað mér að sýna mér leiði hans. Þá hefi ég vissu fyrir að það gleymist ekki.

31. okt. Eg hef bersynilega verið í því versta skapi, sem ég á til þegar ég skrifaði þetta hér á undan. Meira að segja hikaði ég í fyrsta sinn á ævinni þegar ég las það nú og var að hugsa um að rífa það sundur, en ég er annars vanur að láta fljóta við þig, þú ert líka svo góð að sýna engum sum bréf frá mér. Eg var bara fokvondur þarna um daginn yfir því að geta ekki farið að gifta mig úr því ég á nú rúmið!!! En það gerir ekkert, maður fær líklega leið á kerlingunni nógu snemma samt. Eg vil nefnilega ekki gifta mig nema ég sé viss um að geta lifað sómasamlega í því ástandi og svo tra la með það. Nú er ég víst í betra skapi, legg frá mér lesturinn um mjaðmabyggingu kvenna, sem er sérlega "interessant" málefni, en þó held ég að ég kvíði fyrir að "sitja yfir konum." Þær eru svo helvíti þröngar margar og fordjarfaðar frá æsku. Eg var annars að éta silung núna og það var nú nynæmi, hann var úr Þingvallavatni, 45 aurar pundið.

Annars hef ég engar fréttir. Eg er hættur að sjá hér nokkuð nytt

eða nokkuð sem ég hef gaman af. Skólalíf er ekkert í Háskólanum. Noh, þarna varð ég að hætta og nú er annað komið efst í hugann. Eg legg í þetta bréf 4 kvittanir. Ritstjóri Æskunnar segir að Fríða hafi aldrei borgað í 17 ár og þessvegna hafi verið hætt að senda blaðið. Eg fer nú að hugsa um það hvort það geti verið mér að kenna. Sum ár hef ég borgað fyrir krakkana. En ég man ekki til þess að ég hafi verið beðinn að borga fyrir Fríðu nokkurntíma. En ég hef mörgu að sinna og gleymi stundum. Komist eftir því og segið mér á hvern hátt blaðið átti að hafa verið borgað þetta ár. Hún fær nú sent allt saman. - Hver andskotinn, nú var ég kallaður niður til þess að búa 5 kerlingar undir andlát sitt og þegar ég kom aftur reykti lampinn og lá við að allt væri komið í hölvun.

7. nóv. Sem sagt hef ég lítið að segja af mínu lífi, því nú er ég skikkanlegur. Það eru um 60 manns í Háskólanum. Þar af munu vera 6 í lagadeild og sennilega 23 í guðfræði, af þeim taka allmargir fullnaðarpróf í febrúar. Þá er það sem eftir er í læknadeild eða um 30, sennilega 32. Læknadeild skiptist í tvennt, efri og neðri. Efri eru þeir, sem búnir eru að taka fyrri hlutann, þ.e.a.s. eiga eftir að vera 2 ár eða minna. Á læknaskólanum eru menn nefnilega minnst 5 ár og þurfa auk þess að sigla (á fæðingarstofnun) og vera þar helst 6 mánuði. Best er auðvitað að geta dvalið lengur erlendis, því þar eru fullkomnari spítalar en hér og fleira að sjá. Á þessum 5 árum taka menn þrisvar próf, sem öll eru fullnaðarpróf í sinni grein. Hið fyrsta eftir einn vetur, efnafræði. Annað eftir 3 vetur (4 fög) og hið síðasta eftir 5 ár. Tengjast einkunnir allra þessara þriggja prófa þá saman. Efnafræðiprófið tók ég í vor. Eg er því nú í fyrrihlutanum, þar sem hann er strangastar. Það sem við lærum er líffærafræði (Anatomia) 6 stundir vikulega, kennari Guðmundur Hannesson. Það er einskonar landafræði líkamans, byrjar á beinum, þá vöðvum, æðum, taugum o.s.frv. Er hún á þysku nema beinafræðin, sem er skrifuð eftir Gvendi. Landafræði höfum við í 6 bindum og kostar 50 krónur en bókin sjálf um 30. Hún er lesin í þrjú ár upp aftur og aftur, að vísu líta fæstir í hana fyrsta vetur vegna þess hve efnafræðin er erfið. Líffærafræði er stærsta grein neðri hlutans, ákaflega minnisverð og mjög áriðandi, t.d. undirstaða allra handlækninga. Þá kemur Hygiene, heilsufræði 2 stundir, kennari Guðmundur

Hannesson. Það er stór bók á Þysku en óþarflega margorð, eiginlega óhæf kennslubók. Hún er um allan áránn, t.d. mat, fót, byggingar, vatnsból, o.fl. ofl., allt í sambandi við heilbrigði og sjúkdóma. Þá kemur lífeðlisfræði í 3 stundir, kennari Gunnlaugur Claessen. Hún er á ensku um 900 síður mjög djöfulleg. Hún ræðir um efni og áhöld, um byggingu einstakra líffæra, allt frá smæstu einingum. Þá kemur almenn sjúkdómafræði, Phathologie, Þysk, 2 stundir, kennari Guðmundur Magnússon. Efnið skýrir sig sjálf. Þá er sjúklíngarannsóknir, Þysk, 2 stundir, Jón Hjaltalín. Sú bók kennir rannsókn á sjúkum og loks er handlækniðfræði 2 stundir, Guðmundur Magnússon, um sár og handlækningar. Þá er svæðalýsing, Guðmundur Hannesson, lík líffærafræði. Þetta eru 12 stundir á viku og er það ekki mikil skólaseta, en þess meiri er lesturinn undir tíma. Þá bætist og við spítalaganga annanhvern mánuð, vist á ókeypis lækningastofu og uppskurðir á líkum ef verkefni fæst, því hver maður þarf að vera búinn að rífa sundur hálfan mann eftir 3 ár frá byrjun. Það er harla ógeðslegur starfi, ekki svo mikið að maður fái spikaðar vinnukonur, heldur bara tærða ræfla af Kleppi o.s.frv. En þó þetta sé fúlt mun þó mörgum eigi minna hreystiverk þykja að fást við hálfdauda og vera við svakalega uppskurði. Og það er óhjálkvæmilegt að menn breytist nokkuð (einkum tilfinningalíf) og harðni áður en langt er liðið eða bogni ella. Eg fyrir mitt leyti finn að ég er mun kaldari fyrir þessu en í fyrra. Svo held ég nenni nú ekki að vera að þessu lengur. Eg skrifa líka svo mörgum, þér, þúru, Di og svo auðvitað í Fell og þessar skriftir duga ekki.

Bið að heilsa

Jonni

Reykjavík, 21. júní 1918

Góða mamma,

Þökk fyrir bréfið síðast og samtalið. Eg hef mjög vanrækt að skrifa nú um tíma sem eðlilegt er. Það hefði, held ég, orðið mér mátt að falla á þessu prófi, Eg hefði tafist um eitt til eitt og hálf t.ár og skaðast um 2 - 3000 krónur auk alls ergelsis. En nú hafði ég það. Eg hélt ég yrði ekki óánægður ef ég bara hefði það, en svo fór nú samt að ég er ekki sem best ánægður. Fékk þó aðra einkunn betri, var hvorki hæstur né lægstur, tveir fyrir ofan og tveir neðan. Við höfðum það allir 5 í gegn, en ég var í okkar hópi talinn vissastur með prófið áður en það byrjaði. Það er ekki svoleiðis að mér þyki ekki vænt um að félagar mínir fái góða einkunn, en ég hefði gjarnan viljað hafa meira upp á lokaprófið, sem þetta leggst við. Daginn sem ég talaði við þig gekk það ágætlega og horfur voru góðar með fyrstu einkunn, en svo fór seinasti dagurinn með mig - að mér og öðrum fannst miklu verr en ég átti skilið. Það er ekki svoleiðis að við, sem hnútana hér þekkjum gerum mikið með einkunnir, en heimurinn gerir það, reiknar jafnvel með þeim einum, sem er nú nálega jafnviturlegt og að reikna gagnsemi dyra eftir rófulengd. Og undir þessum heimsins mælikvarða getum við talsvert átt framtíð okkar - þ.e.a.s. hvort við fáum embætti, en svo kemur aðalprófið - próf lífsins, sem oft kollvarpar rófukeningunni. Há einkunn er laus við það að fela í sér að maðurinn verði góður þetta og þetta (t.d. læknir) vegna þess að hann sé vel að sér. Bendi hún á nokkuð gott þá er það að maðurinn sé duglegur, energiskur. En óbrigðult er þetta þó ekki. Sumir eru sjón næmir, en eiga ekkert energi. Aðrir geta ekki vegna ástæðna sinna beitt energi sínu að fullu við námið. - Þetta er nú annars lengstu skrif, sem ég hef spanderað upp á einkunnir og mál að hætta. En þér að segja í laumi þá fannst mér próf þetta mesti skrípaleikurinn af því tagi, sem ég hef lent í, að undanteknum heimspekíprófum. Það álit fer ekki dult í okkar hópi að sumum sé ætlað að falla, fyrirfram ætlað, á þessu prófi. Eg var víst ekki einn af þeim í þetta sinn. Skárri væri það líka að vilja fella giftan manninn. Þig mun undra að þetta verði

framkvæmt. En það hefur verið lenska í vetur á prófum og nú í vor að við höfum tekið miðana í óvissri röð eftir því sem þeir lágu á borðinu, sá fyrsti þann sem næstur var o.s.frv. Tilviljunin réði þessu fyrst. En við bæði þessi próf hefur staðið svo á að hinir grunsömu hafa verið seint í stafrófinu, gengið seinast upp og ekki átt marga kosti því miðar eru jafnmargir mönnunum. Nú vildi svo til í þetta sinn að ég var á milli þessara tveggja, sem við höldum að kennararnir hefðu lítið álit á. Milli G og K, sem var seinastur. Í fyrsta faginu og langstærsta dró nú G minn miða, ég veit af vissu atviki að mér var hann ætlaður, eða þykist vita, en prófessorinn hefur óvart ruglað. G fékk þarna góðar spurningar, stóð sig vel, fékk góðar spurningar upp frá því og varð efstur!! - Skæbnens Ironi. - Eg fékk hans, langverstu spurninguna, stóð mig vel, en var gefið illa fyrir og það svo að kennarinn hafði sagt út í frá (Guðmundur Hannesson) að hann hefði verið óánægður allan daginn. Það duldist ekki að hver okkar átti sína hjálparhelli í liði kennara og prófdómenda, mín var Guðmundur Hannesson og það er nú meira að tiltölu en í Menntaskólanum, þar sem ég átti bara Pálma gamla einan. En svei þessu slúðri, og að svo stöddu hirði ég ekki um að það berist, það gæti slegið í baksegl síðar. Í einu orði eru kennarar því miður bara breyskir menn, allir kennarar.

Þetta er orðið lengra en ég ætlaði og mál að sofa. Átti að vera um dóttur mína, sem ég hef aldrei séð. Eg veit ekki hvort hún tilheyrir 31. maí eða 1. júní, giftingardeginum. Eg held hún hafi fæðst fyrir miðnætti kveldið 31. maí. Var 14 merkur og 55 sm. löng, sem mér finnst nú ekkert langt. Haldið að hún sé eygð líkt og ég. Meira veit ég ekki um dóttur mína. Um nöfn hugsa ég lítið. Björg og Guðbjörg þykja mér ljótt og Anna er biblíunafn. Sagt er að fæðingin hafi gengið sæmilega, en þó heldur sein, en kerlingarnar segja að svo eigi það að vera í fyrsta sinn.

Nú er laugardagsnótt, aðra nótt fer ég með Stellu, mótorskipi frá Akureyri til Siglufjarðar og ætlast til að þetta fari í póst á Akureyri.

Bið kærlega að heilsa.

Jonni

Felli, 18. okt. 1918

Elsku mamma,

Gautlandaréttardagur og versta veður auðvitað. Norðan grenjandi hrið. Kemur það sér illa því í dag þarf að koma Björgu héðan til Siglufjarðar í skip. Hún fer suður að læra yfirsetur. Svona er þá ástandið að vetur leggst að á slætti. Við eigum ofurlítið af heyi úti en eftir að heyja í viku ef nokkur mynd á að vera á heyskap. Heyfengur miklu minni en í fyrra og heyin verri. Tíð annars bærileg í sumar, en grasleysi mikið. Af túni hér fást nú 85 hestar í staðinn fyrir mikið á þriðja hundrað í fyrra. Utengi skárna, en þó hvergi gott og óverjandi fyrir skepnum. Öll skepnan hegðar sér feigðarlega nú. Þetta er annars ljóta helvítis tíðin. Nú hefur snjóað í 3 nætur, en þó tekið um daga. Aður voru frost svo eigi klökknaði um hádegi. Eg talaði við Björgvin bróður í gær. Ef hann giftir sig í haust þá sendi ég honum allar mínar hamingjuóskir fyrirfram, ég byst ekki við að vita hvort eða hvenær það fer fram. Heilbrigði á okkur nema Di, sem ofkældi sig á Ogidiusarnótt á því að rjúka út fáklæddur og reka hesta úr túni. Er samt orðinn góður. Hann skreppur kannski austur í vetur með skipsferð til Akureyrar eða Húsavíkur. Það er lystitúr úr fásinninu á Siglufirði, en í haust eigi farandi landveg. Grani verður hér í vetur.

Övíst enn um okkur. Þrengjast klifin enn, klungur fjalla, enda eru hamrar oft hátt í brekkum. - En nokkuð upp á brún enn. Við fáum enn hvergi húsnæði syðra, reyndi ég þó mikið í vetur og vor og sett ymsa út í sumar.

Bið kærlega að heilsa öllum heima.

Jonni.

Felli, 24. okt. 1918

Kæra tengdamóðir.

Þakka þér bréf í vor og allt gott. Eg veit að þig langar til að fá fréttir af okkur, en ekki höfum við getað sagt neitt ákveðið um hvernig við myndum hafa það framvegis fyrir en á síðustu stundu eða rétt áður en Jón fór. Þá er það nú svona einu sinni enn. Eg sit heima með Önnu mína, en bóndinn les læknisfræðina syðra. Kannski er það gott og vel til fallið að hafa það svona á þessum tímum, þar sem jafn dyrt er að lifa í Reykjavík, en ekki var það þó búmennsku vorri að kenna eða þakka í þetta sinn að við fórum ekki bæði, heldur var það húsnæðisleysi, sem gerði okkur það ómögulegt. Jón skrifar ykkur ferðasögu, ég hef enga línu fengið enn, sem ekki er von því hann kom til Reykjavíkur á laugardaginn var (nú er fimmtudagur) og talaði á mánudag, leið þá vel. hafði verið 4 sólarhringa á leiðinni. Við Anna litla höfum það ágætt hér heima. Eg lifi áhyggjulausu, góðu lífi og Anna hefur noga mjólk, svo henni fer vel fram. Bara ef bóndinn gæti skroppið heim til okkar á jólnum. Anna mín er skemmtilegasta barn, öll í þabba síns ætt segir fólkið. Verður eflaust skáldkona. Nú er Di kominn til Siglufjarðar, hann var hér í sumar og höfðum við öll gaman af því, ekki síst Jón minn. Hann lá í hálfan mánuð veikur, sagði læknir að það væri lungnabólgusnertur og hætti fljótlega, en við vorum hrædd um hann á tímabili, nei karl hafði það af og er nú kominn til bróður síns og lifir í allsnægtum. Við óskuðum oft í sumar að Anna væri komin líka, hún yrði þegin hingað með rokkinn sinn, en Di byst ekki við að hún vilji fara úr sveitinni. Vetrarstúlka var tekin hingað í haust, kona með 9 ára gamlan dreng, svo nóg er hér af börnunum. 2 á fyrsta ári, 1 á öðru, 1 á tíunda, 1 á níunda og 1 á tólfta. Þessum eldri þremur fer ég að kenna eftir veturnætur. Það verður vinnan mín í vetur að kenna þeim 4 tíma á dag og svo þjóna okkur Önnu litlu, það er létt verk, en ég kvíði fyrir að troða í krakkagreyin. Nú er Björgvin kannski giftur. Eg bið kærlega að heilsa þeim hjónunum og sömuleiðis hinum systkinunum og Árna. Gaman væri að fá línu frá ykkur einhverntíma, það er svo langt síðan ég hef frétt nokkuð að austan. Anna biður að heilsa afa og ömmu.

Vertu best kvödd af þinni tengdadóttur

Valgerði

Tjarnargötu 37, 2. nóv. 1918

Elsku mamma,

Það er orðið langt síðan ég hef skrifað ykkur eða látið vita nokkuð um mig. Í "Kampens Hede" verður eigi öllu sinnt. Svo fór nú það að við fengum ekki húsnæði hér, kannski var það líka best. Ferðir eru engar nema glæfraferðir eða Golgatagangur, sem sé mótorskip í hausthretum eða Þriggja vikna Sterlingsferð. Auk þess aldrei það veður í haust að fært væri með barnið til skips, hvað þá lengra. Mjólk handa þeirri litlu mundi hafa kostað kr. 0.80-1.00 á dag o.s.frv. Gott að vita þær í góðum húsum heima nú á þessum ógnartímum harðinda, eldgosa, styrjalda og drepsótta. Hitt sem móti vegur, skilnaðurinn margendurtekni er smár í augum ykkar gamla fólksins -

Einhvern Þriðjudag lagði ég svo af stað að heiman og komst eftir krappan dans í náttmyrkri og illviðri af skarðinu til Siglufjarðar. Fór þaðan daginn eftir með motorkúttur Ester og var sólarhring í besta veðri til Dyrafjarðar, en þar er hálfnað og 3 sólarhringa þaðan í landsynningsrokum til Hafnarfjarðar þar til kl. 7 að kvöldi sunnudag. Það hefur líklega verið 20. okt. Eg hljóp af stað og fór í bifreið í Kópavogi og gekk vel hingað. Eggert var búinn að síma til mín norður og bjóða mér herbergi með sér, svo við búum nú saman hér hjá prófessor Lárusi H. Bjarnasyni syðst í Tjarnargötu, en nyrst á Skildinganesmelum og höfum ágæt tvö herbergi með miðstöðvarhita og kostar það 50 krónur á mánuði með hita og er það ekki dyrt eftir því sem gerist nú. Húsið stórt og vandað og í því skrölta 5 hræður, við tveir og Lárus og ráðskonu skötubarð og prófessor Sigurður Nordal, einhleypur. Eg sá það strax að langt var að ganga í mat til Margrétar minnar þeirrar í fyrra, sem mér líkaði mjög vel að éta hjá, nefnilega 15 mínútna ganga. Réðist því á ráðherrann frænda vorn, því höll hans er hér fast við. Eað hann vetrarvistar og gerðist hirðmaður hans. Ekki er hann líkur Hálfðáni konungi hinum milda og matarilla. Fæði er gott og kostar kr. 80 á mánuði og líkar mér það vel. Er það jafndyrt og hjá Margreti, en stórum þægilegra fyrir mig. Þekkir þú þau hjón svo ég þarf ekki að hæla þeim, en annað gæti ég ekki fyrir mína reynslu. Auk hjónanna, Þormóðar (í l. bekk Menntó).

Fríðu og Steina er þar Theodór Líndal að öllu og von á Jönu og kannski Ragnari á Ljótsstöðum.

Eg er nú farinn fyrir nokkru og síga á seinni hlutann. Hann mun vera skemmtilegri talsvert en fyrri hlutinn, en víst meira að gera og var þó nóg áður. En geti ég stundað hann betur en ég sá mér fært að stunda fyrri hlutann, ætti það að ganga bærilega.

5. nóv. Hjartans Þökk fyrir gott bréf meðtekið með kvöldmatnum. Það var meðal annars saltreiði. Kona Bárðar sendi Kristbjörgu 8 reiðar, góðar birtingsbröndur. Eg tapaðu mér þegar ég sá þær. Svo tók ég um "sniðilodda" minn og skordaði stykki af og troddaði því upp í mig. Það var gott að ég var ekki búinn að loka bréfunum. Póstur fer í fyrramálið. Það er trúlegt að ég hafi gleymt að svara þabba. Hitt er víst að ég fór þá til Þórðar Sv. strax (viðskiptafélaga) og hann sagðist ekki geta útvegað það fyrst Sigurjón Pétursson, sem siglt hefði í þeim erindum einum að fá netjagarn hefði ekkert fengið og Sigurjón eða aðrir höfðu ekkert. Svona var það þá í vor. Í haust hef ég ekki minnst þessa, en byst við að ekki sé greiðara um en síðast, en skal þó reyna nú strax áður en Sterling fer ef ég verð á löppunum.

Þú segist ekki hafa fengið bréf frá mér úr Felli, en áreiðanlegt er að ég skrifaði þér í haust, ég man að Di var búinn að liggja þá (byrjun sept.) Þú biður um titil. Auðvitað lét ég hann góðfúslega (!!) Það mundi vera hr. stud. med. & chir. o.s.frv. Tjarmar-götu 37. Þú ert meistari í að skrifa mér það sem ég vil vita, t.d. um búskap, miklu betri en aðrir. Hjá okkur gekk það ekki sem best, en þó að vonum. Byrjað viku seinna að slá en í fyrra og hætt viku fyrr vegna snjóá. Heyskapartíð annars dágóð. Þó kalt sumarið en norðaustanátt ríkjandi, sem er okkar þurrkát þar. Af túni fengust 85 hestar, en í fyrra hátt á þrija hundruð. Uttheyskapur var í meðallagi að vöxtum, en sinurubb mest, sumt úr 12 ára sinu, því engi er mikið að vöxtum og fátt slegið ár eftir ár. Haustið afleitt. Fór í þrennar göngur, allar í snjó og skít auk annars, vinnumennirnir í lamasessi og ég mæniás. Af 6 kúm ein seld og ein leigð. Búið að farga um 120 fjár þegar ég fór, en eftir að skera til bú. 90 dátar fluttir heim. Lómbin voru 120 svo fénu verður víst lítið fækkað, enda allmiklar fyrningar til.

Gráni minn settur á. Fé var vænt að vana og Fellsdilkar sagðir bestir af því fé er í Hofsósi var slátrað. Búskapur því í nokkru horfi. Mér þætti vænt um að slysalaut gangi meðan ég legg þar hönd að.

Di fór til Siglufjarðar eftir miðjan september. Eg hittti hann þar hálfum mánuði síðar þegar ég fór, vel hressan og hraustan. Hefur alla aðhlyningu þar svo góða sem best getur verið. Herbergi einn og rafljós við rúmstokkinn og dýrlegan fagnað í mat og drykk. Hirðir eina kú og nokkrar ær. Það er þá bara það eftir að ekki er útilokað að honum geti leiðst. Eg skrifa ekki Önnu núna, en geri það næst og bið ykkur að lofa henni að fréttu úr þessu bréfi eða sjá það. Di skrifar henni. Verst ef hún treystir sér ekki til að skrifa honum. Bjöggi ætti að skrifa honum fréttir. ef hann lítur nokkurntíma á annað en honum - humm -.

Bið kærlega að heilsa öllum, líka gamla góða frænda Balda. Valda á Kálfaströnd og þeim þar, Greirastaðasystkinum o.s.frv.

Þinn Jonni

Hef ég aldrei sent þuru kvittunina fyrir 19. júní - 9 krónur? Mitt heilabú er oliufat fullt af súr, lungum og görnum. Syndu Önnu bréfið það fyrsta.

Tjarnargötu 37. 29. nóv. 1918

Elsku mamma,

Póstferðum er frestað um óákveðinn tíma, en ég skrifa samt. Eg ætla ekki að sinni að fara að lesa harmatölur yfir pestinni, en þó byst ég varla við að skrifa um annað, því um annað er ekki hugsað né talað og hvert handarvik, sem gert hefur verið til skamms tíma, hefur snert þetta fár - hjúkrun eða þessháttar. Margur var búinn að halda að hann yrði vitlaus af gleði, eða í öllu falli fengi sér ærlegan skudda þegar friður kæmist á (þ.e. vopnahlé með vissum friði). En sem í draumi, og honum slænum, tóku menn fregninni og fáir munu hafa sagt meira en "nú" á seng sinni. Fögnuðurinn 1. des. verður víst líka meir til þess að sýnast en af skýlausri gleði svo lamað er þetta bæjarrassgat. Þið munuð fá blöð ef þið fáíð þetta bréf og þau, m.k. Tíminn, munu fræða ykkur rækilega um þessa pest og hvað hér hefur á gengið. Eg get litla lýsingu gefið því ég hef haldið mig inni við. Veiki þessi er ákaflega næm. Kom hér rétt fyrir síðustu mánaðarmót og var fljót að sækja í sig veðrið, flaug svo allt í einu um sem eldur í sinu svo minnsta kosti 10 - 12 þúsund hafa legið í einu af 16 þús. í bænum. Það var roska fólkið sem slapp eða veiktist lítið. Ur því kom yfir 40 ára held ég að algengt hafi verið að fólk slyppi og fáir fengið veikina á sextugsaldri. Á ungum börnum var hún víst líka vægari. Ákaflega margir fengu lungnabólgu, sennilega 1 - 2 þúsund og enn fleiri slím bronchitis etc. Í fyrradag voru dauðir 230 en farganið að mestu af, svo fáir deyja líklega héreftir. Mestri neyð olli það að í bænum hvað veikin breiddist fljótt út og allir lögðust í einu og fáir voru aflögu- færir. Ymsir reyfarar ganga um fólk sem fundist hafi steindautt og aldrei neinn komið til í byrjun og mun ekki fjarri sannleika.

Eg varð lasinn daginn, sem póstur fór síðast og kennsla hætti í háskólanum 6 nóv., hafði reynt að verjast þangað til. Háttaði í rökkrinu með hita en var góður um kvöldið og daginn eftir, en lá þó samt að mestu. Þessi byrjun var ekki svo óalgeng og mjög varasöm ef fólk klæddist strax aftur. 8. nóv. var ég verri og hafði svo 40 stiga hita 1 2 - 3 solarhringa. Þá var ekki hlytt hjá okkur. 15 gráðu frost úti einn daginn og norðan rosi upp á

gluggann og furða að ekki fór verr með okkur. Þá kvefaðist ég á þriðja degi og lungun fylltust af slími og drullu. Lá þar við skömm en varð ekki af. Fékk meðöl og skánaði kvefið, var lengi með 39, en hitalaus áttunda morguninn. For í fót á 4. degi þar frá og gat varla staðið. Þá kom læknir og sagði mér að liggja í 6 daga alls hitalaus og það gerði ég og nú er 10. dagurinn minn á fótum (30. nóv.) og heilsan eftir atvikum góð en þó ekki nærri jafnhgóður reyndar því fólk er bara undarlega lengi að hálfðrepast eftir á. Afleysi, höfuðþyngsli, sviti, hrollur og svoleiðis djöfulskapur eltir mann lengi. Eg held ég hafi svitnað á hverri nóttu þangað til í nótt og verið með kuldaflogum þangað til í gær. En það er nú af slappleika. Eg hef labbað mikið úti í nokkra daga og er að verða hress.

Þetta er nú annars ljóta bölvæð rausið, en sem sagt hef ég ekkert annað að skrifa. Hefði ég ekki orðið svona slæmur og getað verið á fótum mest. Þá hefði ég getað gert mikið gagn og innunnið mér mikla peninga. Þeir strákar, sem búnir voru að taka fyrri hlutann eins og ég, fengu fullt læknisleyfi - fullan rétt til lyfseðla o.s.frv., þ.e. þeir sem á fótum voru. Og svo voru þeir sendir út um land á eftir veikinni svo ég held 7 séu eftir af 15, þar í við 5 sem próf tókum í vor, eðlilega álitnir heldur vitlausari og höfum heldur ekki getað farið flestir. Annars ættum við nú að geta komið fram sem fullkomnir læknar við þessa pest. Svo höfum við kynnst henni.

Norður og Austurland ætla að verjast og það er nú rétt, en ég er ákaflega hræddur um að það takist aldrei nema þá einstöku hreppum og einstök heimili geta alltaf varist. Veikin er um heim allan. Og sé tafið fyrir henni og varist verður hún því lengur á ferðinni. Verði hún lengi í þeim löndum, sem við höfum samgöngur við, má alvarlega vara sig, því pest þessi er alveg lygilega næm. Það er nefnilega dofandi áhugi og asnaskapur, sem ég geri ráð fyrir, en ekki það að ómögulegt sé að verjast. Það er auðvitað hægðarleikur fyrir þessa landshluta, ekki síst af því öll skip geta komið hingað fyrst og síðan gengið skip með nægum mannafla til upp- og útskipunar á N. og A. landi svo engin mók þurfi við fólk í landi að hafa.

Heldur fær nú landlæknir og heilbrigðisstjórn orð í eyra og eru þó nokkuð skiptar skoðanir manna. Eg fyrir mitt leyti er viss um að verja hefði mátt landið með miklu minni tilkostnaði en nú þegar er orðinn við varnir, frekari útbreiðslu og hjálparstarfsemi hér í bæ, ég sleppi legunum og mannlífunum öllum. Nú á þessum samgönguleysistímum er hægt að verjast. Svo kemur Botnía, eina skipið sem gengur til Norðurlanda og með henni ein veik stúlka og héraðslæknir gerir sína skyldu, en landlæknir og forsætisráðherra, sennilega eftir tillögum landlæknis - já þeir herrar segja: Engar sóttvarnir. Stúlkan sykir bróður sinn á vélskólanum, hann skólann og svo var fjandinn laus. Eftir viku lágu 13.000 manns, eftir hálfan mánuð fór fólkið að stráðrepast og eftir 3 vikur fór mönnum að detta í hug að hefta útbreiðsluna.

4. des. Póstur í Sterling þarf að vera kominn kl. 6 og ég er í skömm með skriftir. Tímar byrjaðir og mikið að gera. Við erum líka bara 5 hér á læknaskóla, við sem tókum próf í vor. Eg er nú búinn að vera á fótum í hálfan mánuð og þó vantar á að ég sé jafngóður, þó held ég færi nú út á land ef ég væri beðinn, því það er vel borgað og ábyrgð minni en oft ella þareð um aðeins eitt er að ræða og því erum við nú orðnir nokkuð kunnugir. En vonandi þarf ekki að siga fleirum burt.

Þið sjáið reglurnar í Tímanum um meðferð sjúklinga í flensunni, eftir Þórði á Kleppi. Þær fá andmæli flestra lækna hér, einkum sulturinn. Eg get ekki dæmt það mál. Ef Þórði er fylgt má ekki út af bregða í hinu minnsta, t.d. ekki hafa sykur í vatninu. Þórður er andatrúar og hefur reglurnar frá öðrum heimi Annars virðast mér þessi ráð góð nema sulturinn. Komi veikin til ykkar þá held ég þetta sé gott: Háttið strax og lasleiki finnst og látið það ekki svíkja þó hitinn virðist detta úr manni strax, hann getur vaxið aftur. Hafið hlytt og súglaust inni, rakt loft og svo gott sem unnt er án súgs og kulda. Borðið léttan og lystugan mat (laxera mun gott, en þá verður að forðast áreynslu og að kuldi komist að). Meðul þarf ekki ef ekkert slæst að. Hita-meðul léttu, en lækna ekki að ráði. Komi mikil brjóstþyngsli eða hosti með uppgangi og hryglu í lungum er rett að vitja læknis, þó eigi séu lungnabólgu-einkenni eða hún sjálf. Farið ekki á fætur fyrr en tveimur dögum eftir að hiti hvarf. Á fyrsta lagi. Sé

skitur í lungum verður að liggja lengur. Í munni heilbrigðs fólks er alltaf grúi af bakteríum, geta verið lungnabólgubakteríur o.fl., sem ekki vinnur á ef ekkert kemur fyrir. En við veikindi nota þær tækifærið. Skolið því munninn rækilega nokkrum sinnum, (2 - 3) á dag úr saltvatni.

Þetta er ónákvæmt raus, en ekki held ég það skaði. Það er ekki gott að segja hvað lengi hver og einn verst fyrir flensunni. Þessvegna skrifa ég þetta. Hræðsla er hættuleg, þetta er enginn Svartidauði. 1 - 2 af hundraði hafa dáið hér. Og margir sleppa. Enginn, sem ætlar að verjast má láta aðkomumenn reka nefið inn í sín hús né koma sjálfir annarsstaðar.

Gleðileg jól ykkur öllum.

Jonni.

Reykjavík, 6. nóv. 1919

Elsku mamma,

Þakka þunnt blað með þuru. Langt síðan ég hef skrifað, enda ekki árað til þess. Við fórum frá Felli 15. sept. og vissum eigi annað en að við ættum víst húsnæði hér. Ferðin var fljót og gaf vel með Gullfossi frá Siglufirði. Þó gekk mjög erfiðlega með pláss og frá Ísafirði urðu þær að vera hjá mér í lest, en þangað á 1. farrými. Hingað komum við 19. september. Þá um kvöldið hafði ég fengið vissu fyrir því, að við vorum vegalaus, vissan og aukavonir ymsar að engu orðnar. Eg fór þá til bráðabirgða í herbergi til Helga frænda fótlausa og hef verið hjá honum síðan, en borðað hér og þar og lesið mest hvergi. Fjórum dögum eftir hingað komu var þeim mæðgum vísað út, við höfðum farið til kunningjafólks Valgerðar. Eg gekk nú um bæinn til allra minna "bestu vina" og bað um húsaskjól fyrir þær nokkrar nætur. Margir búa þeir rúmt, en þær máttu vera á götunni fyrir þeim. Loks gat ég komið þeim inn til tveggja náttu, en fór þá með þær til læknisins í Keflavík og þar hafa þær verið síðan og eru enn og liðið svo vel sem það fólk hefur best getað í té látið. Eg hef farið þangað þrisvar og verið alls viku. Nú síðast fór ég þar um allt hérað fyrir lækninn. Eg reyndi nú allt hvað unnt var að fá húsnæði og að lokum fór ég að reyna að kaupa hús er kostað 20 - 25 þusund krónur. Var það mjög á gadda slegið, en þó litlar horfur orðnar á að það tækist vegna fjármálastefnu bankanna. Lysi ég því eigi nánar, en ég þóttist viss um að eigi mundi ég tapa á húsinu. Ætlaði ég að selja það strax aftur eða fljótlega. Seljandi var Jón Þorláksson, verkfræðingur og var hann mér meir en liðlegur, enda frændi Valgerðar. Annað hús ætlaði hann að selja og voru bæði í smíðum og hafði hann fengið kaupanda að því, Helga Hafliðason, kaupmann á Siglufirði. Nú kom það upp að Helgi girntist frekar mitt hús og vildi þá Jón vita, sem vonlegt var, hvort ég keypti eða ekki. Þá bauð ég Helga mitt hús, eða rétt minn á því, sem þó var vitanlega enginn með því að eg fengi húsnæði í því. Þessu boði var hann svo vænn að taka og grunar mig að hann hafi ekki verið ovitandi um það að húsið gæti hann fengið án þessa, nefnilega að eg gæti alls eigi keypt. En þó hefði það líklega orðið ef Helgi hefði

eigi komið eins og fjandinn úr sauðarleggnum og stytt þennan frest, sem ég hafði. Sem sagt endaði þetta á heppilegasta hátt. Því kaupin gátu gert mér skell, en hagnaðarvon lítil. Húsið verður líklega til næsta Þriðjudag, 11. Þ.m. og þær koma nú um helgina. Anna hefur verið vel frísk, en var þó að fara um af ómatnum hér og flækingnum. Þegar þær komust suður. Þar hefur hún þyngst um fimm pund. Og hennar þroski er uppskeran, sem allt annað basl er sáð til, svo allt gengur vel.

Eg veit að það er ekki til neins og skrifa þetta ævisögubrot nánar, þið skiljið eigi allan þann margfalda helvítis djöful, sem er á leið minni, og minna líka, á þessum tímum í þessum bæ. Styrjöldin hefur valdið miklum glundroða eða gerði fyrst. En smátt og smátt hafa allir náð sér niðri að lokum nema þeir sem einskis afla en alltaf kosta til, námsmennirnir.

Eg fór síðast suður nú á laugardaginn. Sunnudag kom Sterling og Þura fékk engar fregnir af mér hér. Þegar ég kom í gær var hún albúin uppeftir, en annars hefði okkur komið mjög vel að hafa hana meðan við vorum að setja okkur á laggirnar. Húsnæðið verður gott og mikið. Við ætlum auðvitað að búa smátt, enda gerir það sig sjálft. Óþægilegast er að óvissan um hvort húsnæðið yrði nokkurt hefur valdið því að enn er ókeypt margt, sem við þurfum. sláturtíð verður úti og illt til matfanga. Þessir tveir síðustu mánuðir farið til einskis, en peningalega höfum við þó komist vel út af þeim. Eg er að mestu skuldlaus, en nú vitanlega verst ég eigi lengur, enda fer maður nú að stíga í verði og verður hægra um vik að slá náungann.

Þetta er þá Reykjavíkursælan og gyllingin öll réttthverfu megin. Svo bið ég nú kærlega að heilsa fólkinu. Það mun mega skrifa okkur á Baldursgötu 15.

Þinn Jonni.

Anna á þetta bréf líka. Eg hef enga ánægju af að skrifa svona bréf tvisvar.

Ykkar Jonni.

Baldursgötu 15, 29. 11. 1919

Góða mamma.

Eg held ég muni það rétt að ég hafi skrifað þér með síðasta pósti. En svona er nú þvargið að ég þarf að hugsa mig um, en man það þó áreiðanlega. Ekki man ég vitund hvar þá var komið málunum. Þann 12. þ.m. fluttum við hingað í húsið. Efri hæð er fullgerð, en ómálað niðri og enginn þar og verður eigi fyrr en í febrúar að eigandinn, Helgi Hafliðason, kemur frá útlöndum. Leigan er 100 krónur á mánuði fyrir þessi 3 herbergi. Þau eru góð og skemmtileg. Innanstokksmuni og eldhúsgögn höfum við keypt fyrir 5 - 600 krónur. Með sparsemi munum við sleppa með 3.500 til 4.000 króna kostnað í vetur. En dyrt er að lifa í Vík. Suður í Keflavík leið þeim ágætlega og Önnu fór vel fram. Hér lifum við eins og í sveit, afskekkt upp í holti, getum aldrei farið út bæði í senn og höfum mikið að gera. Bótin að Anna er þæg, vitur kona og skemmtileg. Jæja, þetta verður auma bréfið, ég hef ekkert að skrifa og tek nærri mér að skrifa oft það sama. Eg þakka þér kærlega saltreiðarnar, en engu er ég farinn að skila af þeim og óvíst ég geri það. Hef nóg að gera með þær sjálfur. Eg veit ekki lifandi baun í fréttum og kem hvergi nema í skólann og spítalann og á báðum stöðum gengur allt sinn vanagang. Eg er óráðinn í því hvernig ég hef það í sumar og veit heldur ekki hvað upp kann að velta. Get fengið nóg að gera strax í febrúar því 4 lækna fara á þing og allir þurfa að fá menn, en ég vil sitja sem fastast og reyna að ljúka þessu af. Það ætti að vera hitt vorið eða í febrúar 1921 ef ég get lesið í allt sumar. Vel getur verið að ég hafi verið beðinn einhvers að heiman, t.d. fyrir pabba. En mér hættir við að gleyma þessháttar, ef ég get ekki framkvæmt það strax. Af tilviljun fór ég að rýna í bréf Arnþórs í gær og sá þá að þú baðst mig um plástur. Eg set hann í þetta bréf, ekki veitir af. Betra næst. Þær mæðgur biðja kærlega að heilsa.

Gleðirík jól og gott nytt ár ykkur öllum.

Jonni.

Kæra tengdamóðir.

Sendu nú Jonna þínum eina laufabrauðsköku og eitt hangikjötslari á jölnum. Bið að heilsa pabba og mögum og mögkonum. Kveð þig og oska ykkur öllum gleðilegra jóla með kossi. Þín tengdadóttir.

Valgerður

Baldursgötu 15. 5. 1. 1920

Góða mamma.

Ekkert í fréttum nema að frænka þín og sonardóttir er búin að hafa kighósta í 5 - 6 vikur - sög í mánuð. Hefur aldrei verið afleit, alltaf hitalaus og á fótum en lagt af vegna uppsölu. Er nú mikið betri og smábatnar. Etur eins og hestur og skrafar margt, farin að tala talsvert og kann graut í vísun. Virðist gefin fyrir skáldskap!!

Þessi kighosti fer líklega út um landið. Þá er að minnast þess að engin veiki fer mannlaust milli bæja ef hann kemur í Mývatns-sveit, og að hann er hættulegur börnum á fyrsta ári. Þið þurfið nú að segja mér hvernig bróðursonur lítur út, hvort hann heitir Þorgrímur eða Árni og hvort hann hefur grenjað út af því að fá ekki að vera með að lúra á morgnana. Mér er í minni sú gleði og svo atburðirnir í lambhúsdýrunum, þegar við biðum með með öndina í hálsinum upp á tóftardýrum eftir feimna krússa eða afrekum hans og ljósmóðursvipur þabba, krjúpandi til aðstoðar hinni fórnanði rollu - og kannski þjáðu! Ó, þú undirokun! Ó, þú kvenfrelsi!

Semsagt eru fréttir engar eða minna en það. Við förum aldrei út nema í nauðsynja erindum og aldrei bæði í senn og hingað koma fáir. Ráðskonan og frökenin á bænum ræður öllu smáu og stóru og ferst það vel.

Við biðjum nú öll kærlega að heilsa ykkur öllum.

Þinn Jonni

Baldursgötu 15, 30 jan. 1920

Góða mamma,

Heldur þykja mér þunn bréf þín móðir sæl svona yfirleitt upp á síðkastið. Einkum fréttirnar ógreinilegar. Hér á Baldursgötu 15 gerist fátt og út förum við ekki nema ég í skóla og spítala. Hér við borðendann situr frænka þín á stól og sypur mjólk úr rjóma-könnu og segir "nei" þegar tæmist, þar er líka tómt sykurker, hálf kleina, tómt hoffmannsdropaglas, mynd af mér og lambshorn, partur úr brauðsneið. Eg held hún ætli að lofa mér að skrifa. Hún er nú að hlaupa í spik aftur, hóstinn er að hverfa og uppsala engin. Nú segir hún: "gólla - uss", því hún hefur misst niður mjólk og svo þrífur hún í mig og segir: "búa - búið", svo ég á víst að hætta.

Mjög þrengir nú að Agústi Bjarnasyni. Þórður á Kleppi mun upp rífa þá hundasúru íslenskra bókmennta. Þórður er "geni" og eins og aðrir slíkir dálítið skríttinn. Hann ræðst á Gústa í "Morgni," sá mann lítur í kringum sig, hver dirfist að fornerma sig og svarar reisulega í blaði. Þórður svarar aftur í Tímanum, en þykist þó eiga stóryrðin eftir, enda er kjaftur hans dæmafár. Mér þykir mjög vænt um þetta, því mér hefur ævinlega leiðst Agúst hræðilega, enda hefur hann daufara eyra fyrir íslensku máli en ég fyrir músík Bethovens. Þórður er annars þrumufleygur í öllu hér nú. Stendur einn í lækningaaðferðum, minnsta kosti framkvæmdinni, andatrúar-, guðspeki- og Yogamaður og hverjum manni mælskari og verri viðfangs í orðaskiptum. Oft minnir hann á Jón heitinn Tómasson, t.d. það sem hann sagði um - og við - þinn heittelskaða Sigurð Nordal: "Þér eruð eins og sápusleginn tinkoppur, sem alltaf er að kóketera við sjálfan sig". Þetta sýnist oss, er daglega sjáum Sigurð og þekkjum til hans, vera stórvel sagt. Nóg um þessi andans ljón.

Ekki hef ég séð hængsilung enn á borðum hjá mér. ótrúlegt mun þér þykja, en er þó satt að ég hef tvisvar. Þrisvar sinnum í viku borðað saltreiði í vetur á kvöldin og þó oft auk þess ofan á brauð og þó enn oftast einar þrjár enn. Anna er afar sólgin í þær.

Valgerður getur ekki skrifað þér í þetta sinn. Eg hef haft svo mikið að gera undanfarna daga og þá er hún bundin við þá stuttu. Við Anna höfum skrifað þetta bréf á hálfum þriðja tíma meðan Valgerður skrapp út eftir þriggja vikna innisetu. Þetta er búskapurinn. Við biðjum öll kærlega að heilsa Önnu og þær þér. Þið eigið báðar myndina og bréfið og ef þú heldur bréfinu á hún að hafa myndina, ef þið rífast út af henni.

Best kveðja til allra.

Jonni

Baldursgötu 15, 9. febr. 1920

Góða mamma,

Andi minn stígur sæll og silungsilmandi upp frá maganum og hefur sig til flugs. Regnið bylur á rúðunum að það hvín í ofninum. Á dývaninum sefur rjóður vangi við dropótt yfirsængurver. Fram í eldhúsi spilar frúin á könnur og katla.

Í fyrrakvöld kom pósturinn með bréfabunka úr Skagafirði og móraultt blað frá afgreiðslu Eimskipafélagsins. Eg þreif það og hjó á orðunum upphátt: "Sendandi Arni í Garði, kassi 35 kíló." Við stóðum upp og veifuðum höndunum og hrópuðum húrra. Það var gáfuleg samkoma. Og svo kysstumst við á eftir eins og bestu hjón.

Klukkan var nú reyndar 7 og auðvitað afgreiðslan lokuð, en hver veit, ég gekk svona hinsegin ofaneftir þó það sé eins langt og suður fyrir Brunnaklett. Nú, þar voru allar hurðir lokaðar þrem slagbröndum, vetrarmyrkur og spark í snjónum við dyrnar, ófennt í sporin. Já, þar inni var kassi.

Eg bar heim það kvöld nysaumaðan yfirfrakka, sem kostaði 270 krónur. Humm. Það er ekkert vit í því að setja sig á höfuðið fyrir eina flík, en það mátti ríða fylfullri meri gegn um götin á þeim gamla eins og Jón Tómasson sagði um netjaræflana og léttbæra-ara var það þegar ég átti kassa Í morgun fékk ég mér sleða og þaut eins og hlákuvindur ofan að sjó. Eg sló fast á öxlina á afgreiðslukarlinum einfætta og sagðist verða alvarlega vondur ef hann fyndi ekki kassann, og svo fann ég hann á undan honum. Það er ómögulegt að þetta séu 70 pund, sagði ég því ég var eitthvað svo sterkur í morgun.

Þegar heim kom þreif ég stóra öxi, en illa gekk að opna, ég var í þann veginn að fara að rústa kassann með axarskallanum, en frúin bað honum griða og svo loksins létu þessir 11 naglar undan, sem voru í þeim enda, sem ég hafði ráðist á. Eg var þá búinn að sjá í anda blasa við mér þessa rauðu kviði með hvítu uggana og brá í brún þegar ég svifti upp lokunni. Eg hef víst sagt eitthvað, því konan kom hlaupandi og ég rak í hana böggulinn fyrsta." Nei.

smjör," hljóðaði hún himinlifandi," og svo magáll og annar magáll og læri og þessi voða bringukollur. Mér þykir nú mikli vænna um þetta heldur en þó það hefði verið silungur," sagði frúin, en ég var sem þrumu lostinn. En þá minntist ég þess að ofan á höfðu verið tveir signir hausar miður gáfulegir og með skjálfandi höndum reif ég upp þrjár fjalir og bréf. Saltreiði! - hver andskotinn 1, 2, 3, 4, 5 og húrra. Þær blöstu þér við. Lifi Pústaragrunn!

"Vatnið syður," sagði frúin. Eg tók gætilega upp tvo hængi. "Er það ekki of mikið?". "Of mikið! - Þetta eru jólin", sagði frúin. Já, 16 komu þær upp. Það var ekki svo lítið. Eg fór upp á þurrkloft og hengdi upp, glennti sundur holið á þeim, svo þeir fengju gott loft og rak nagla fyrir hanginn mat. Bárður gamli á Búrfelli hefur nú ekki þurft að vera svo vitlaus karl. En hugfangnastur varð ég þó af einni lausri undirdráttarspyrðu, sem þreif í mig þegar ég kom ofan að hængjunum.

Sunnudagur 22. febr. Nú er ég búinn að hafa frí í 3 vikur. Fyrst stóð próf í hálfan mánuð, síðan var lokað skólum vegna influensu faraldurs. En þeir verða opnaðir á Þriðjudaginn, þar eð vissa þykir fyrir því að pestin sé ókomin til bæjarins, en hún er í Vestmannaeyjum. Nú á að reyna að verjast. Fréttir af okkur eru engar nema góðar. Anna orðin spikuð aftur en fær stundum kviður ef hún kvefast. Við fengum bréfin frá þér eitthvað viku eftir sendinguna. Þau voru nú góð og blessuð. Nú er Pétur Gauti að verða atvinnumálaráðherra og Magnús Guðmundsson fjármálaráðherra, en Jón kyrr, hvað sem um verður Sigurð gamla. Líklega fer hann hið fyrsta norður. Honum er mál á lausninni og hefur hnignað mikið, sem sagt, orðinn skar, sýnist mér. Mér þykir vænt um það hans vegna að hann losnar, en vandfundinn mun meiri sómamaður í hans sess, þó illa hafi verið látið. Eg gaf frú Auði eitt hængbandið og þóttist færa henni hvítabjörn, enda þáði hún vel.

Eg bið nú kærlega að heilsa Önnu og við öll, nafna hennar var að borða "namm, namm" og segir "búa". Svo biðjum við kærlega að heilsa í bæinn, þabba með þakklæti fyrir sendinguna.

Þinn Jonni.

Baldursgötu 15, 13. febr. 1920

Kæra tengdamóðir,

Nú get ég ekki lengur stillt mig um að skrifa. Bréf frá þér nú áðan, langt og gott, sem ég þakka nú ósköpin öll fyrir, en svo var það meira, sendingin góða. Mér finnst ég svo rík að ég vil helst ekkert sjóða eða borða af góðgætingu, bara horfa á það. Það er eftirsjá í því að éta jafn stóran bringukoll, geta ekki velt vöngum yfir honum og montast yfir búskapnum og ríkidæminu. Eg fer upp á loft á hverjum degi og þegar ég horfi yfir allt góðgætið, sem hangir þar, ja, þá verð ég bara skrambi upp með mér. Við fengum hálf tunnu af slátri, sviðum og lundaböggum að heiman, sem var nú gott líka, smjör álíka og fráykkur Valda, en tólginn gleymdist. Frú Jóhanna í Keflavík gaf mér tólgarskjöld dálítinn og nú er hann búinn í kleinubakningar, við erum mikið fyrir kleinurnar og Anna sofnar aldrei nema að vera með fullan gúlan af kleinum og halda um brjóstin, sem hún kallar bobb. Þegar þabbinn snertir hana þá verður hann að lofa henni að halda um sitt bobb og er það nú heldur skrítið.

18. Sæl og blessuð tengdamóðir. Nú fer póstur að fara og ég hef ekki snert þetta bréf í marga daga, Eg á þó eftir að segja margt, t.d. um búskapinn. Eg held að ég hafi reglulega gaman af öllum búskap þegar betur hagar til en nú. Erfiðleikar með Önnu litlu veika og það, að við búum hér ein langt upp í holti, gerir manni svo erfitt lífið, þó finnst mér nú þetta vera að lagast síðan henni fór að batna hóstinn, en það er nú orðinn langur tími, 11 vikur, sem hún hefur þjáðst. Sogið er að mestu horfið og hún er orðin spikfeit aftur, matarlystin er ágæt og ekki sparað það, sem best er handa henni. Silunginn er hún ógn gráðug í og líka þann reyktá, það er víst í blóðinu. Stelpan virðist vera skynsöm og fljót að læra, kann nú marga vísuparta, hún syngur oft í horni sínu, pabbi, mamma, afi, amma. Svo kann hún bí bí og blaka, álftirnar kvaka og margt fleira.

Ekki hugsa ég að við komum austur í vor, líklegt að við Anna förum heim og verðum þar, kannski þangað til Jón er búinn. Það er svo erfitt fyrir hann að þurfa að hugsa um heimili næsta vetur

Þegar hann þarf að lesa undir próf, enda óvíst um húsnæði og efnahagurinn ekki glæsilegur. Þetta verður áhyggjuminnst fyrir okkur og ég er nú vel til með að vera heima seinasta veturinn af þessum námsárum. Anna er svo ánægjulegt barn að ég get átt marga glaða stund með henni að vetri heima. Já, víst hefði nú verið gaman að sjá ykkur heima í Garði og fá fylli sína af eggjum og silungi í vor, en því er nú verr að það er víst ekki hægt.

Það er ekki alveg ráðið hvar Jón verður, en hann verður við lækningar einhversstaðar, kannski á Sauðárkróki hjá Jónasi, hann hefur verið að leggja drög fyrir að fá hann, það er nú nálægt okkur og mér þætti það nú best af öllu. Það er bara þetta að Jónas kannski borgar ekki eins hátt kaup og aðrir af því hann verður heima mest sjálfur. Samt veit ég það nú ekki. Annars hefði nú Jón átt að skrifa þetta allt, en hann bætir það upp í sínu bréfi. Við höfum mikið og gott að borða eftir því sem hér gerist og notalegra en að hafa það hjá öðrum.

Nú kalla húsverkin mig frá þessu svo að ég verð að kveðja í þetta sinn. Vertu blessuð og kysstu afa gamla frá okkur Önnu með þakklæti fyrir góðgætið úr kassanum.

Þín tengdadóttir,

Valgerður.

Þegar þetta bréf er skrifað er Valgerður komin þrjá mánuði á leið að næsta barni, Jórinni.

Baldursgötu 15, 20. mars 1920

Góða mamma,

Engin bréf fékk ég frá Myvatni síðast og ég heyri sagt að engin bréf hafi komið úr Þingeyjarsyslu. Héðan helstu fréttir afskapleg ótíð og mikill gauragangur og sóttvarnarráðstafanir út af influensu, sem víðast er nú í bænum. Hún er svipuð vondi kvefi og margir fá hana ekki. Eg held við séum búin með hana, en höfum eigi legið. Erum frísk og allt bærilegt af okkur að segja. Þetta var þá bréfsefnið.

Nú er besta hláka, nýtt tungl og jafndægur og vonir að vakna. Hér er ákaflega mikill snjór og sér varla á dökkan díl enn þó hlytt væri vel og hláka í gær og dag. Eg talaði við þuru í dag og var hún hress, en kemur líklega aldrei að finna okkur í vetur, enda eru sem stendur öll heimili landsins í sóttkví og aftur hver hreppur, sysla og landsfjórðungur. Þessi influensa er að verða ógurleg heimsplága. Þú talar um að ég sé við það að örmagnast á þeirri braut, sem ég geng og alltaf heldur þú mig óánægðan með valið. Þetta er hvortveggja fjarstæða. Eg er harðánægður með læknisfræðina þó mér þyki hún erfið og óalitleg hvað efni og afkomu síðar snertir. Eg verð henni samrymdari með hverju ári og synist hún eina viska, sem vert sé að helga sig af því sem hér er lært eða minnsta kosti sú helsta þeirra. Eg iðrast þess heldur eigi að hafa gengið menntavegin. Eg er óséður aflamaður á fé að ég held, þarf að vera á vissum föstum launum, enda ekki heppinn með skepnur og ekkert getur orðið öllu aumari söluvara en að ég hefði flækst í þrengslunum í Myvatnssveit. Eg er búinn að lifa meira og betur en ég hefði nokkur tíma lifað þar, hvað sem verður. - Hvað sem því líður þá játa ég það að mér hafa hrotið orð er bent gætu á það að ég mundi guggna, en rétt skilið eru það þó bara blótsyrði, hingað til hef ég tekið á móti öllum nýjum örðugleikum með nýju áhlaupi þó stundum hafi ég margt talað og þann hefur líka allt gengið reglulega vel og ég held það verði svo ég held heilsu.

Biðjum kærlega að heilsa,

Ykkar Jonni

Baldursgötu 15, 6. apríl 1920

Góða mamma,

Þökk fyrir bréf tvö, sem ég fékk nú fyrir þrem dögum. Ofláta norðan rok í dag og gær með miklu frosti, sem eigi klökknar sunnan undir húsum, en lítil hrið. Hér við sjóinn var orðið talsvert autt, enda mesta blíðuveður nú vikuna fyrir páska. Þá var Anna úti á hverjum degi og mjög gráðug í það, enda ekki komið út fyrr í vetur vegna veikinda og veðrahams. Hér í bæ er allt í djöfuls vitleysu eins og vant er. Það er þessi mikla heimsplága influensan, sem alla hrellir. Fyrst kom hún til Vestmannaeyja eftir nýárið. Í febrúar var grunur um að hún væri hér komin og skólum lokað í hálfan mánuð. Í mars kom hún svo fyrir alvöru. Skólum lokað enn í hálfan mánuð, en þá var hún komin í flest hús og er nú í rénun. Hefur verið væg og tiltölulega fáir fengið hana. Þó frekast og verst, er eigi voru hér í fyrra. Við höfum eigi fengið hana og þó eigi varast, ég t.d. mikið umgengist sjúka. Reyndar fengum við öll kvef svo það hefur líklega verið hún. Nú síðastliðinn laugardag 3. Þ.m. kom "Island" frá útlöndum með marga veika og þar eð veikin er illkynjaðri í Leith, þar sem þeir tóku hana, er skipið einangrað enn, veikir fluttir í sóttvörn og heilbrigðir í Kennaraskólann. Sjálfsagt atast hún yfir enn ef nokkur er meðtækilegur. Allt er þetta vitanlega sama veikin og sú spanska móðir þessa alls, en dæturnar hegða sér svo misjafnlega að hugsa má að þær skæðari vinni á þeim, er þetta grey, er við höfum nú, réðist ekki á. Og eitt er víst. Hræðsla fólksins er mikil. Vafalaust verður þessi fjandi að flækjast framvegis meðan heimur stendur. Það vita menn með vissu að nú í nokkur hundrað ár hefur þessi fjandi komið annað slagið í líki þeirrar spönsku austan úr uppsprettu allra pesta og trúarbragða, Asíu, og gengið um heim allan næstsíðast um 1890. Influensan okkar gamla var leyfar af henni. Þær voru orðnar útslitnar, þá kom þessi í fyrra og af leyfum hennar búum við þangað til ný kemur og meðöl þekkjust engin. - Er það ekki fróðlegur fyrirlestur, sem doktorinn heldur yfir kerlingunni?

Þetta er alvarlega bagalegt námsmönnum. Arin líða og við fáum

ekki yfirferð í námsgreinunum, en sumar er eigi hægt að lesa á eigin spytur.

Annars ekkert af okkur að fréttu nema gott, erum vel frísk. Síðasti hængur étinn á pálmásunnudag og skitið mánudaginn eftir með tárur. Hangikjöt og bringukollur á borðum nú um páska, en helmingur geymdur sumardegi fyrsta. Við heimsóttum ráðherrann fallna á skírdag, oss og þeim þar til gleði. Kristbjörg mjög tæg nú í vetur, síðast veikindi í gallblöðru. Og við höfum með meira móti hreyft okkur á þessum páskum af því Anna gat verið með.

Ekki byst ég við að við getum komið í vor. Fleyinu verður að styra laglega á þessum tímum. Helst er í ráði nú að við förum norður í maí og þær verði í Felli, en ég frá miðjum júní til miðs ágúst hjá Jónasi Kristjánssyni, sem ætlar að létta sér upp. Það er auðvitað bölvað allt. Skiljum þá enn að vetri og ég reyni að þvæla þessu af - að vori fyrst. Í gegn um brim og boða ætlum við að komast. Það vantar efni og húsnæði til þess að vera hér áfram í sumar. Það er ef til vill hugsanlegt að ég geti skroppið austur áður en ég fer í embættið í vor, en alveg óvíst og verður ekki ef mér synist ekki þörf, því þarfir eru fyrstar.

Þú talar óljóst um Halla og hans hugrenningar, en ég get mér til að þeim valdi annaðhvort ferðahugur eða ráðabreytni Bjögga og afleiðingar. En ég veit ekki hvort heldur er. Mig langar líka til að tala við hann því margt hef ég reynt, sem honum mætti að gagni koma. En hingsvegar er ég deigur á ráðleggingar, þykja þær ábyrgðarmiklar og er þó heigulsskapur - kannski. Góð ráð og ákveðin hef ég t.d. þegið af Di og hafa jafnan að bestu orðið og fyrir hans ráð og hvatningar mun Jón hans hafa hafist. En þó ég væri alvitur og hefði til þess valdið mundi ég hika við að stjórna framtíð bræðra minna. - Eg er reyndar allt annað en kunnugur orðinn heima og veit að gifting Bjögga hlytur óhjákvæmi-lega að breyta mörgu, en ég veit ekki hvernig. Það horfir við að um slíkt eru engar reglur. Eg veit ekki hvað á að segja um það að skipta reytunum. Þvæla er í Myvatnssveit, t.d. í Hlíð og Guðna- megin á Grænavatni og víðar. Ekkert heyrst um það. Í öðrum sveitum þekki ég til strangara reikningshalds. Einasta ráðið synist mér hjálpssemi systkyna lífið í gegn og ekkert þeirra má

vera sérdrægt eða beita sér illa.

Þetta er þó almennt um málið talað. Heima er litlu að skipta. Lausafé er lítið. Jörðin ekki handa mörgum. Hver á að fá hana og pryða bernskuheimilið okkar? Eg er úr sögunni. Um systurnar er óvissa, en ég á ekki von á því að þær búi þar. Arnþór er barn og líklegur til flugs. Tveir geta verið í Garði og þeir eru ótaldir. Björggi er byrjaður, en hvað vill Halli? Þú segir mér að skrifa, en ég veit ekki um hvað. Eg get mér til að hann geti fengið þar að vera ef hann vill – að hann og Björggi fái jörðina. – En vilji nú Halli það ekki, þá kannski önnur hvor systra. Kotið er mest-
allar eigurnar, því fylgið þið. Um arftöku okkar hinna og greiðslu þeirra, sem jörðina fá, er undir komið hvenær skipti verða. Þetta eru þá mínar getgátur og vilji, en ég veit ekki hvað ber segja. Reyndar finnst mér ekkert okkar eiga jafnmikinn rétt á að vera í Garði eins og Ása. Hún hefur slitið sér fyrir ykkur og okkur öll og er ekki sterk og á einhvern hátt ætti henni að vera þar alltaf heimil sjálfráð vist ef hún vildi.

9.4. Konan er alveg brjáluð í tannþínu og búin að vera í tvo daga og vill nú fara að láta draga úr sér. Hún ætlaði að skrifa Ásu, en treystir sér ekki til þess í þetta sinn. Eg verð því að hripa um þessar forretningar. Þessi sæta mér, sem sendi peningana, hefði víst mátt senda 100 krónur. Það vill jafnan ganga svo í svona útvegum að annaðhvort eru engir peningar sendir fyrir en þá löngu síðar, en ég er enginn banki, eða þá minnsta kosti ævinlega of litlir, ég tala nú ekki um burðargjald. Millur þær, sem ég útvegaði Ásu í fyrra kosta nú 36 krónur og engar eru ódyrari en 30 krónur og þær eru mun ljótari og getur munað að þær nái ekki tilgangi. Þá eru knipplingar á 6 krónur. Borðar kosta 22 – 30 krónur, Valgerður hefur unnið sér inn stórfé á smíði þeirra í vetur. Segjum að hún seldi þá á 23 krónur, þá eru komnar 65 krónur. Gott silki í bol kostar minnst 25 krónur og í skyrtu úr lélegu efni 10 – 12 krónur. Er þá komið fullt 100. Þá eru loks engar líkur til þess að þú komi hér í vor vegna flensunnar og alls ekki áður en við förum. Það er nú ætlun frúarinnar og kaupa millurnar, borðana og knipplingana og senda það en eigi meir, því kannski fæst hitt eins gott nær. Verði hinsvegar komin beiðni um hitt og peningar fyrir það áður en við förum, sem hvorugt mun

koma í tíma öðruvísi en símlíðis, þá verður annast um það líka og svo punktum og basta með þann kvið.

Bið að heilsa Stefáni bróður þínum og segðu honum að ekkert sé gerandi fyrir þá hölvaða gáluhausa, vetrarmenn. Get ekki skrifað honum nú. Við biðjum öll kærlega að heilsa ykkur öllum.

Jonni.

Baldursgötu 15, 29. maí 1920

Góði pabbi.

Reyndar nenni ég ekki að skrifa neitt nú og er ráðinn í að hafa það ekki fleira með þessum pósti. Eg þakka þér þó kærlega fyrir sendinguna. Auðvitað kom hún sér vel og svo fyrir bréfið. Þar var margt sem ég hafði gaman af að heyra. Eg sé að búskapurinn er í góðu horfi þó eigi verðir þú talinn með maurapúkum. Það eru annars lagleg skildingaráð þarna í Skútadeild. Hvað ætla þeir að gera með alla þessa peninga? Eða er takmarkið það eitt að safna? Nógar eru gjótur fyrir piparkarlana til þess að grafa það í þegar þeir eru orðnir ærir og örvasa. Kannski annars þeir stofni sinn sjóðinn hver á banadægri með 50 auru verðlaunum fyrir þetta og það - t.d. það að safna fé.

Hvað er annars langt síðan þú seldir Grænum melana? Eg vil ekki að þeir gangi undan Garði og 500 krónur eru ekki mikið fé. Eg kaupi þá heldur undir jörðina en að það farist fyrir. Fasteign er besta eignin. Og ég hef líka góðan vilja á því að hlaðið sé upp í syðstahlið áður en Helgi frændi deyr.

Þá er nú svo komið að við ætlum að vera hér í sumar. Eg ætla að lesa og taka svo próf í febrúar. Í haust verð ég að fara norður með konu og krakka. Eg ætla að sigla strax að loknu prófi. Það kom upp að ég get fengið að halda húsnæðinu í sumar og ég vil að tíminn sé sem stýstur, sem ég þarf að kjálka konuna niður annarsstaðar. Mér er heldur ekki um að þiggja meira en ég þarf. Þetta er djarft siglt að ymsu leyti, því óvíst hvað mikið ég get lesið hér í sumar og þetta próf er ekkert barnagaman. Með mér taka líka próf tvær voðamiklar námsmaskínur, en ég er tossi og orðið erfitt um þululærdóminn. Það er ekkert hressandi að setjast nú niður með vordögum og lesa eftir allan vetrarlesturinn, en það er heldur ekki hægt að njóta neinnar gleði meðan maður á þennan fjanda yfir höfði sér og því er best að renna sér beint á hann. Eg hef alltaf mikið að gera, er t.d. oft 3 - 5 tíma á spítalanum á dag. Þar er mikið um skurði. Oftast er það botnlangi af öllu, líklega þó nærri eins oft lagfæring á stórutá kvenna. Þær vilja vera fótlitlar allar og fá sér þrönga skó.. Svo koma stórir beihnútar og líkþorn og aðrar skelfingar og allt endar á skurðarborðinu.

enda eru þá fætarnir orðnir svo að engir skór taka þá. Sullir eru nú orðnir mjög sjaldgæfir.

Hér í bæ eru tún að verða græn og búið að vinna á. Nú munu menn vera úr mesta voðanum um land allt. Gaman hefði ég að frétta hvernig reiddi af í Myvatnssveit. Líklega hefur lambadauði orðið víða. Það eru slæmar fréttir að kíghósti skuli vera kominn í sveitina til ykkar. Reynslan sýnir að það eru oftast fullorðnir sem bera hann, þó eigi verði séð að þeir hafi hann sjálfir. Þura læst ætla að finna okkur, en enginn asi er á henni, líklega er hún trúlofuð þarna efra. Hún bað mig að líta eftir hnakk handa Arnþóri. Það hef ég gert og líst okkur sérlega vel á þá. Verðið er frá 100 - 170, flestir mitt á milli. Ódyrast hef ég séð þyskan hermannahnakk mjög undarlegan í sniðum. Hann kostar 100 krónur með ístöðum og gjörðum, en á hinum fylgir það ekki. Það er annars ljóta plágan hvað fólk heldur allt gott í Reykjavík og býst við að það hugsí að hér sé úrval mest og samkeppni lækki verðið. Sannleikurinn er, að hvergi á landinu er bölvæðri verslun er hér, úrval er auðvitað mikið af sumu, þó ekki innlendum iðnaði. En ekki verður séð að samkeppni lækki verðið. Tvö höfuðeinkenni bæjarbúa eru peningagræðgi og löngun til þess að fá þá fyrir ekki neitt. Mjög heilbrigð skoðun. Afleiðingin er sú að verslun er í öðruhvoru húsi og í sumum margar. Samtök eru engin meðal kaupenda. Það er hlaupið í næstu búð eftir hálfu pundi af sykri einu sinni, tvisvar eða þrisvar á dag þegar á liggur og það dyrasta er best. Fólk þarf heldur ekki að spara við sig því nálega hver maður prangar og svíkur á vinnu sinni ef ekki er einhverskonar verslun. En hver er það svo að lokum, sem elur þennan gráðuga og graða prangarahóp? Að sumu leyti eru það þær þúsundir manna, sem hingað flykkjast á haustin úr sveitum og kauptúnum, fullvissar um sælu og göfgi höfuðborgarinnar. Hvað skyldu það vera mörg hundruð þúsundir eða margar milljónir, sem þeir skipsfarmar manna, er nú fara héðan norður og annað hafa goldið fyrir vetrarsetuna? Og hvað hafa þeir öðlast? Soltið hjá ágjörnum refjakerlingum. Og heim er farið í hæsta lagi með barn í kviðnum. Biðjum kærlega að heilsa.

Þinn son Jonni /

Baldursgötu 15, 10. júlí 1920

Góða mamma,

Eg þarf að minnsta kosti að þakka þér fyrir tvö bréf, fróðleg og skemmtileg, meðtekin nú síðast. Það er furða hvað þú hittir stundum á það, sem mig fýsir að heyra, reyndar eru mér allt fréttir þegar þú ein skrifar. Og mest er ég hrifinn af því hvað þú skrifar fjandi vel um búskap og fénaðarhöld heima og í nær-sveitum, rétt eins og þú hefðir dregið að þér gangnakofa and-rúmsloft alla ævi. Þetta þykir mér líka bragðbest. Nú dettur þér í hug að mér finnist fretalykt af frásögnunum, en ég átti ekki við svo líkamlega hluti. Annars minnst ég með ánægju fretalyktar í Rauðaborgarkofa.

Hér sit ég og hugsa um bjartar nætur, sund og voga, kletta og nes, unghópa og hávellusteggi, lambær, njóla og húsandaregg og vænar gálu urriðabröndur. Sólin er að koma upp við Hlíðarfjall, vatnið er blikandi og Bláfall roða slegið. - Eg sit við ljós, úti er rigning og það grillir í nyreista húsgrind austur í urðinni. Bærinn er hræðilega leiðinlegur, varla nokkur almennilegur maður eftir, bara sperrtar búðalokur af hvata kyninu og öskugráar silkiflennur af því blauða. Það var eins og færi um mig einhver órói þegar byrjaði að grænka og mig langaði til fjalla. En sú vorhvöt er drepin og horfin. Nóttin er líka farin að lengjast og ég bið með óþreyju vetrarins sanna. Eg vil þurrka þetta sumar út úr ævisögunni og lifa nú einn þriggja missera vetur. Það er hægt að vita hvað sumar er með þessu móti. - Það er annars bysna sumarfallegt hérna ef ég bara gæti látið það njóta sannmælis svona í kaupstað.

Lesturinn gengur ekki sem best. Í júní var ég svo mikið á spítalanum að ég las varla helming af því sem ég hafði ætlað mér. Svo fór "karlinn" upp í Borgarfjörð að drepa lax og síðan hefur gengið þolanlega og ég fitna daglega.

Við "sátum fyrir" fyrir nærri þrem vikum, en myndirnar eru engar enn svo við getum ekki sent þær í þetta sinn. Eftir lappa að dæma

var ágæt mynd af Önnu einni, en lakari af fjölskyldunni saman. Þó fremur góð af dótturinni, en slæm af frúnni. Eins og þú veist ætlum við að eiga dreng í sumar, bráðum, ég man ekki hvenær, svo nóg er að gera og ekki gott að segja fyrir um framtíðina óðar en líður, en reynt að halda í horfinu og á réttum kili, þó margt sverfi nú að á þessum misserum. Tekur nú fast að ganga til þurrðar auðurinn. En ek gerisk nú maðr dyr ok heldr slægr í mér peningamönnunum.

Eg get ekki verið að skrifa meira núna. Það er 15. júlí. Bið þuru að gera svo vel að senda mér ferðasögu sína. Mun hún hafa ort allmikið. Við biðjum öll kærlega að heilsa, Önnu og ykkur.

Jonni

Baldursgötu 15, 6. okt. 1920

Góða mamma,

Líklega hef ég ekki skrifað síðan þessar fáu línur þegar sú litla var nýfædd. Það heilsaðist vel og þann 10. september, fimmtán dögum eftir að hún fæddist fórum við norður með Kóru. Þær höfðu ágætt pláss og voru lítið sjóveikar, okkur gaf vel og ferðin var fljót, komum bara á Isafjörð og sátum þar dag í landi í góðum fagnaði. Frá Siglufirði fengum við fljótt mótorbátsferð (4 tíma ferð þannig) heim í landið í Felli og þar biðu hestar á bakkanum. Eg var þar í 3 daga og fór síðan landveg til Siglufjarðar og suður með trollara og fékk hvasst. Kom hér 23. sept. eftir 13 daga ferð. Eg fékk að halda einu herberginu handa mér í vetur og fæ ræstingu á því hér úr húsinu. Eg borða hér í næsta húsi hjá einhverjum Guðlaugi, er fæði selur. Það kostar 135 krónur og er gott enn. Eg hef talað við frúna síðan og leið öllum vel. Sú litla hefur alltaf verið hraust og ekki látið um sig vita að fyrrabragði fremur en hún væri ekki til.

Svo kom nú Asa í gær. Henni hefur sjálfsagt ekki veitt af hvíld, andlegri og líkamlegri og sennilega heldur ekki verið misráðið sjúkleika hennar vegna innvortis, en það er órannsakað enn. Halldór Hansen er erlendis og hún vill helst snúa sér til Guðmundar Magnússonar og mér líkar það vel.

31. okt. Eg var heppinn að eiga þessa byrjun. Nú er ekki tími né löngun til skrifta. Eg var lasinn þegar síðasti póstur fór og lauk þessvegna ekki við þetta. Nú er Asa austur komin og ég hef fengið frá henni tvö bréf. Henni líst þar vel á sig. Það er ekki gott að segja um sjúkdóm hennar, að hve miklu leyti hann er á taugakerfinu og hvað innvortis. Það fannst ekkert það er heimtaði uppskurð, þó ekki sé hægt að vera viss um að hún sé heilbrigð í botnlanga og jafnvel gallblöðru. Það er nú svona hér að Guðmundur Magnússon þorir að segja frá því ef hann er ekki viss og það kemur sannarlega oft fyrir, líklega besti læknir landsins. Fólk er að byrja að venjast þessu af læknum hér. En vei þeim lækni úti á landinu, sem ekki veit allt og þekkir. Þá voru þeir gömlu

betri, sem þekktu sjúkdóminn ef þeim var sent eitt hár af sjúklingi úr öðrum landsfjórðungi!!!

Eg skekkst við að lesa og fer nú að verða sæmilega vitlaus og ruglaður bráðum. Ekki veit ég hvað ég geri að loknu prófi, nóg get ég fengið að gera í bráð, líklega. En helst vil ég sigla. Þetta er allt óvíst. Það er yfir tómar kreppur að fara, en ég vil komast sem fyrst í Hvannalindir hins fyrirheitna lands. Líkingunni er kannski rétt haldið þó ég kalli það Ódáðahraun.

3. nóv. Þú skrifar mér hvernig Anna berst af og hvernig henni líður. Eg skrifa henni ekki nú með þessum pósti.

Svo bið ég að heilsa í bæinn og kunningjunum. Valda fyrst.

Þinn Jonni.

Baldursgötu 15, 28. nóv. 1920

Elsku mamma,

Ég verð víst að láta það eitthvað heita fyrst þetta er jólapósturinn ykkar. En ekki er ég upplagður, allur hálfvitlaus. Þá fyrst þakkir fyrir ágætt bréf, er ég um síðir heimti úr brunarústunum í Borgarnesi. Þú hefur víst heyrt að þar brann allur norðan- og vestanpóstur inni síðast nema eitthvað 100 bréfræflar og 20 - 30 þusund krónur í peningum, en yfir 100.000 krónur brunnu. Ekki fékk ég önnur bréf en þetta, það var gult og svart og datt sundur í brotunum, en ég gat þó lesið það að mestu. Ég er búinn að fá þrjú eða fjögur bréf frá Asu, sem er vel ánægð. Hún var galin af fréttaleysi síðast, svo ég sendi henni þessi brunaslitur.

Ekki þykja mér góðar fréttir af Hermanni. Þú hefur nú alltaf síðsöm verið, en gerist nú bara ströng í elli þinni. Ég er ekki á sömu skoðun og þú um spillingu Hermanns. Það er ekkert um það að segja þó hann fari uppá kerlingardjöfulinn, strákar eru nú heimskir og ógurlega kvensamir á þessu reki, en hún kæn eins og þú segir. Og af ofurlitlu, sem ég komst einu sinni að viðvíkjandi kvenmanni einum góðum og gildum í Myvatnssveit, held ég að slíkt hefði getað hent flesta Myvetninga, skólagengna og ekki. En svo er annað, sem tekur af skarið um það hvað mikið barn hann er og óspilltur og það er að hann skyldi giftast kerlingunni. Það hefði enginn spilltur gert, ég vil segja enginn með opin augu gert. Ekki hefur hann nokkra tryggingu fyrir því að hann eigi brot í krakkanum. Sú er ætlun manna að Sigurður faðir hans hafi eitthvað gómað hana, fór víst ekki lágt. Hermann hefur sjálfsagt verið of mikið barn til að gruna það. Því það er varla hugsanlegt að hann hafi þá gert þetta. Ekki má Sigurði gamla vera rótt í brjósti ef skrafið er rétt. Var það ekki Atli konungur, sem át hjörtu sona sinna og drakk úr höfuðbeinum þeirra óafvitandi? Það er heldur ekki tilgangur minn að kasta steini að Sigurði þó hann hefði nú eitthvað gamnað sér við hrossið. Þessi löngu ár, dæmin eru alltof mörg um holdsins veikleika. Ég er alveg á móti framhjátektum svo þú þarft ekki að óttast um mig. Jórunn hefur verið fallett dyr, fallett tík og slíkar eru hættulegar þeim, sem ekkert heldur uppi.

Ja, þú mátt segja að þú hafir eitthvað að lesa á hátíðinni, móðir mín góð. Nei, ég varpa ekki steini að þeim feögum. En hvað á að gera? Það er erfitt að dæma svona mál, í þeim er alltaf fjöldi atvika smárra, sem ef til vill ráða gerðunum og hafa sinn rétt. Um þau spyrst ekkert. Svo er það útkoman ein, sem fólkið hefur fyrir sér þegar það dæmir. Mér sýnist ekki gott að Hermann fari að basla með kerlingunni, t.d. í vinnu á Akureyri. Það lítur helst út fyrir að það hafi verið farið illa með hann og að hann hafi siðferðislegan rétt til þess að brjóta af sér fjötrana. Mér sýnist sem bræðrum hans að hann ætti að stinga af. Fá skilnað og fara helst til Ameríku. Eg sé ekki að honum farist illa þó hann geri svo, ef þetta er eins og trúlegt er. Gefur svo með krakkanum hvort hann á hann eða ekki. Svona getur þetta lagast mikið. Það er ekki eins og menn þurfi endilega að vera verri en dauðir þó þeir fari út Myvatnssveit. Það fer margur góður maður út í buskann.

Þú verður að hlífa mér við að skrifa meira í þetta sinn. Eg hef verið að rembast við dálítið, sem þurfti að ljúka í þessum mánuði í dag og á morgun, ég er skipaður til að telja í nokkrum húsum hér í bænum, mér til lítillar ánægju.

(Það er 30.11.) Eg er ekki ánægður með þetta jólabréf. Gleðileg jól og farsælt nýtt ár ykkur öllum inni og frammi.

Þinn son,

Jonni

Baldursgötu 15, 21 . febr. 1921

Góða mamma,

Það stendur til að ég fari með Gullfossi á morgun, viku eftir að próf eru úti. Eg var mikið eftir mig af því að ég fékk líka vonsku kvefpest í prófunum, sem ekki mátti sinna. Eg hef því ekki haft fyrir skriftum og nú fer skipið mikið fyrir en ráð var gert fyrir og ég hef afar mikið að gera. Verklega prófið gekk vel, en það skriflega svona og svona. Ritgerðir mínar hneyksluðu dómara og þeir ljúka upp einum munninum um það að þeir hafi aldrei séð slíkt. Fyrirlitning mín á skriflega prófinu var mikil. Það er mjög heimskulegt eftir því sem kennslu er hátt að og gerði prófið ófært ef ekki voru höfð svik. En þey, þey. Það má ekki komast upp því margur á eftir að nota þau. Eg kvað hafa kryddað málið með gríni og útúrdúrum. Það munnlega gekk upp og niður og það verst sem stærst var og ég bestur í. Dró mér þar mjög vondar spurningar. Eg fékk góða aðra betri einkunn, enda var fyrri hluti minn þannig að ég gat ekki fengið fyrstu. Þennan síðari hluta gerði ég mun betur en margur, sem hefur fengið fyrstu af því hann hafði háan fyrrihluta. Eg er harðánægður bæði með mig og við kennarana. Nú þarf maður aldrei frammar að rífa sig upp í myrkri, þvo sér úr frosnu vatni til þess að röltu í skóla og sitja þar langa tíma á bekkjarskriflum og þjáður af "gatskrekki". Burt með það. Framundan er tætingur og sviptingar við kvalir og dauða, margskonar áhyggjur og erfiði bíða manns í slíkri stöðu. Þá það. Það verður gert í góðu skyni hvernig sem gengur. Starfinu fylgja innilegar, dyrmæt- ar gleðistundir þegar maður getur lotið að moldinni og kysst hana og svo aðrar eins og lifandi lík. Þá segir maður: "Svona gengur það" og hugsar um hinar. Það er um að gera að vera rólegur.

Eg bið að heilsa þabba með þakklæti fyrir sendinguna.

Þinn Jonni.

Kaupmannahöfn, yngismannadag 1921

Góða mamma,

Ykkur mun trúlega þykja að ég hafi nóg að skrifa um og svo er nú líka. En sá er galli að ég hef verið svo afbragðs latur síðan að ég kom hér að ég nenni engu. Er það líka eðlilegt að svo fari að loknum berserksgangi. Eg tek líka lífið með ró nú og reyni að hvíla mig. Svefnleysið hvarf líka strax og ég háttu og sofna feginn á kvöldin, enda er afarþreytandi að ganga á þessu slétta grjóti. Reyndar nenni ég því ekki heldur og fer oftast í sporvögnum það sem ég þarf.

Í gærkvöldi var íslendingasamkoma og ég fór þangað. Íslendingar koma hér saman mánaðarlega, þó misjafnlega gangi víst með skemmtanir. Þeir eru líka fjölmennir hér, sennilega 1 - 2 þúsund, þó ekki viti ég neitt um það með vissu. Á samkomum þessum er sagt að séu stundum 500 manns, enda oft danaslæðingur með.

Þetta var hér langt vestur í bæ á þeim hluta, er heitir Fredriksberg og í svonefndum Gullaldarsal. Hann er fagur mjög. Í hvelfingunni eru myndir málaðar af öllum helstu skáldum dana á 18. og fyrri hluta 19. aldar og ymislegt annað. Síðan hliðarsalir til veitinga. Til skemmtana var að Emil Thoroddsen (Þórðarson) spilaði á píanó og kvað hafa komið frá Berlín til að skemmta og Kristján Albertsson talaði um Matthías Jochumsson. Meina ég það hafi verið best af því, sem ég hef heyrt talað um Matthías síðan hann féll frá. Í Reykjavík var nefnilega allt fullt af Matthíasar mönnum. Þessir herrar eru ungir listamenn, skólabræður og félagsbræður mínir. Kristján vill verða leikritahöfundur. Emil er listhneigður mjög og einkennilegur, en nokkuð skiptur. Hann spilaði tóm þysk lög, enda er það fínast og best og mun hafa tekist vel.

Eg er nú heldur þunnur á því sviði þó í söngflokk væri ég settur í Menntó og sé ekki raddlaus. Eg hef líka verið mikið innan um slíkt, því aðalfélagi minn, Eggert, er músíkalskur mjög og spilar ágætlega á orgel, en að oss safnaðist söngvaraklíka mikil. Eg hef líka mikla ánægju af músík og er orðin hún eins konar tóbak, þó ekki skilji ég hið þyngra, t.d. Beethoven, sem kvað birta

háleitar lífsstefnur og heimspekikerfi í hljómunum sínu. Sú Marconistöð, er tekur við slíku viti er enn óreist í höfði mér, en ég reyni. En svo mikið veit ég að fleiri þykjast heyra og skilja en gera það, enda er Beethoven svo viðurkenndur að nauðsyn er að látast fyrir þá sem það iðka. Upphaflega þótti mér ekkert fallett nema gömlu lögin, sem ég hafði heyrt heima, ég varð eins og karlarnir í Eyjafirðinum, sem vildu láta Benedikt Arnason syngja "Fanna skautar faldi háum." Það var eðlilegt, hvernig í fjandanum var hægt að ætlast til þess að þeir yfirleitt nytu Wagners, hve mikið sem blundaði í brjósti þeirra og gat vaknað við æfingu. Eg hef líka þá skoðun að ekkert lag sé fallett fyrr en heil þjóð er búin að leggja í það raunir sínar og gleði. Þessvegna hlyði ég betur á vinnukonu með góða rödd og söngnæman hug, heldur en á einhvern bylmingshljóðabelg lærðan, sem syngur eftir nótum. Noh, auðvitað er fagurt lag fagurt í tilfinningahita tónskáldsins af guðs náð, en það fer nú fyrst á prent og af prentinu syngja svo stóru mennirnir það oftast. Og hananú og nóg með þessa heimspeki.

Að loknum þessum skemmtunum var dansað til kl. 1. Það var fremur fámennt, enda óheppilegur dagur. Lítil íslenskubragur var á fólki, einkum kvenþjóðinni, sem var í meirihluta. Ein eða tvær í peysufötum, nokkrar á upphlut, hinar hefðu helst viljað vera berar og voru það hérumbil. Fer illa á því ef bólar og útbrot eru í bak og fyrir, en ég sé slíkt nú þaræð ég geng á húð- og kynsjúkdómadeild Ríkisspítalans. Mér sýnist mikið þarna af "tvívil-somme damer", ég þekki nefnilega þarna fjölda flaka heiman úr Reykjavík. Það er oft besta efnið, sem fer í sorpið og úr sorpinu var bróðurparturinn af kvenþjóðinni, sem þarna var í gær. Varla fer þeim fram hér.

Eg er búinn að skrifa of mikið um þessa samkundu, því mér leiddist og kem þar varla. Eg uppgötvaði sem sé nokkuð, sem ekki kvað eiga sinn líka hér og það er knæpa þarna í þessu húsi, gengið um sömu útidyr, og heitir Drachmanns Kro. Húsið er fornt og einkennilegt í því hafði Drachmann búið einhversstaðar og enn er þar búslóð hans óhreyfð til minja að sagt er. Þessi krá hafði verið uppáhaldsstaður hans og svo lét hann útbúa hana eftir sínu höfði og þannig er hún enn. Eg hef aldrei haft stakar mætur á

honum fremur en öðrum dönskum skáldum. en ég hef það nú, það sem ég þekki hann. Eg var bara alveg andskotans hissa þegar ég kom þarna inn. Lágt er undir loft, veggir sumsstaðar úr grjóti, sumsstaðar eru málaðar myndir á þilin og hefur Drachmann gert sumt sjálfur, sumsstaðar eru þeir tjaldaðir fornum dúkum, sumsstaðar kalkaðir. Gríðarmikil tré með berki og greinum og blöðum standa upp úr gólfinu og er sem maður sé kominn út í skóg því ætla mætti að þau yxu þarna og upp í gegnum loftið. Stólar og borð eru um öll skot og bekkir, allt mjög fornfálegt og í fornum stíl. Mjög er þarna eldhúslegt, en líka heimilislegt og viðkunn- anlegra en á þessum þessum glerfínu kaffihúsum, sem alltaf eru kuldaleg í allri sinni dyrð. Þarna inni sat múgur manns og ekki var síður einkennilegt það sem til skemmtana var haft. Kerlingarskötubarð úfin og ógreidd á rauðri treyju og ég held millipilsinu, hamaðist á píanó og feitur, góðlegur, snoðrakaður karl spilaði á fiölu. Hann var á skyrtunni og hún gráröndótt, í vesti með mörgum silfurhnöppum og rauða húfu á höfði. Tvær stelpur komu fram og sungu grínvísur og dönsuðu. Mjög voru þær kátar að sjá, en ekki er ég viss um að þeim hafi verið hlátur í hjarta, en sitja menn þar til að gleðja sig við það sem líðandi stund býður. Þá var og karl annar á ferli um salinn með gítar og söng með sprettum. Hann var útlits sem hinn, en öllu feitari og skyrtan rauðröndótt. Þessir karlar voru bráðviðkunnanlegir, rétt eins og þeir væru þarna á vökunni heima hjá sér. Í einu horninu sat fjöldi karlmannna og tóku þeir undir lögin, sungu viðlögin og gerðist glaumur mikill, enda voru lófaskellir miklir og húrrahróp. Það er langt frá því að þetta sé illræmdur staður. Hann sækir allskonar fólk kinnroðalaust, líklega til þess að fá sér góðan hlátur og skemmtun án alls undirferlis. Eg sé þar meir af hreinum svip en á öðrum kaffihúsum.

Svona stað eigum við ekki á Islandi. Þar er öllu gömlu sparkað vægðarlaust. Hornrétt erlend menning og þrjál stæld hugsunarlaust. Islenskar krár eru gisnir sykirkassar, þar sem hver rembist við að elta það sem hann heldur að sé fínt. Það er skóggangssök að gefa yfirborðinu og lyginni olnbogaskot. Höfundar "Upp við fossa" og "Ólafar í Asi" auðnuleysingjar og útigangshross í heimi andans. Það yrði víst skítkast á Islandi í þá menn, sem töluðu jafn hispurslaust og Strindberg og Hamsun.

Við fórum þrír þarna inn og fengum okkur sæti undir einu trénu og fengum okkur öl. Einn var Lárus Jóhannesson cand. jur. Síðan komu fleiri og Lárus hrúgaði að borðinu öllum íslenskum stelpum, sem inn komu þangað til við urðum og hrökklast frá sjálfir. Þessi íslenski flokkur tók náttúrulega strax sinn þátt í gleðinni með hrópum og söng. Samt fóru nú dömurnar brátt í dansinn, en við nokkrir strákar sátum yfir ölinu. Allir Íslendingar, sem hingað koma ættu að sjá Drachmanns Kro, hvað sem öllum leikhúsum líður.

Mér dettur í hug að hrúga því ofaná að það er góð mynd af okkar núverandi menningarstigi að jafnrammfalskur húsköttur og Einar Kvaran skuli vera meira metinn en Guðmundur Friðjónsson. Báðir eru víst gallaðir. En gallar Guðmundar eru svo þjóðlegir að mér liggur við að kalla þá þjóðargáfu. En því viðurkennum við hann þá ekki fremur en Einar? Af því að við erum ekki þjóðlegir sem stendur. Við erum í millibilsástandi, hvernig sem okkur reiðir af og hvað sem úr okkur verður. Fyrir 50 árum vorum við á líku stigi og við höfðum verið á í mörg hundruð ár. En svo kom flóðið og öldur byltinganna, sem alltaf fara vaxandi. Fáar þjóðir hafa breyst eins mikið á skömmum tíma og við á síðustu tímum. Náttúrulega er mikið af því framfarir. En það er svo mikill ruglingur á öllu að við erum ekki eins þjóðlegir eins og við vorum. Við glötum meir og meir okkar séreinkennum og mörgum góðum siðum og háttum, sem vel eiga við íslenska náttúru. Hið nýja hefur hrint hinu gamla en er flest óþjóðlegt enn. Við höfum gleypst við því hugsunarlítið í stað þess að taka það eitt sem átti vel við hjá okkur. Þetta sést á flestum sviðum, best í búningi og byggingum. Við þurfum að reisa við aftur hið þjóðlega á heilbrigðum grundvelli. Ekki að hverfa aftur á það stig sem við vorum á fyrir 50 árum eins og helst lítur út fyrir að Guðmundur Friðjónsson vilji. Við eigum að gera okkur ljóst hvað geti átt við á okkar landi og skapa okkur þjóðareinkenni í samræmi við náttúrufar landsins. Sem stendur lifum við og látum eins og við værum hundruðum mílna sunnar á hnettinum.

30. marz. Þetta er ljóti helvítis þvættingurinn, sem ég hef þarað niður síðast, enda var ég syfjaður. Eg fékk bréf frá þér með góðum skilum laugardaginn fyrir páska og þakka það þó ógreini-

legt væri sumt. Þér hættir við að drepa á stórtíðindi rétt eins og ég væri í næsta húsi til þess að afla mér upplýsinga, og æsir með því forvitnina. Slíkt eru aumu bréfin. Hið helsta sem á dagama hefur drifið - ég tala náttúrulega ekki um spítalastarfið og alvarleg efni - er að ég ruddist hér út á landsbyggðina á skírdag ásamt tveim félögum. Við fórum til Fredensborgar, sem er Þorp og konungshöll samnefnd rúma 40 km. héðan. Í höll þessari er kóngur á jólunum með hyski sitt, en annars er hún auð. Það eru þó 400 herbergi í henni. Þá skoðuðum við Slotshaven, sem er pryddur háum, þéttum skógi og hallar ofan að vatni miklu. Þaðan gengum við á einum og hálfum tíma til Þorps, er heitir Hillerød. Við það er Fredriksborg, mikil höll og fögur, nú er aldrei búið í henni, en geymd í henni söfn, aðallega málverk. Hún er í hólma í stórrí tjörn og hefur verið vígi gott áður fyrr. Stærsta salinn stíkaði ég og reyndist 90 alnir á lengd. Svo fórum við með járnbrautarlest heim, líka um morguninn í því fargagni. Skemmtilegast þótti mér göngulagið milli Þorpanna. Vegurinn lá um skóga og sást til vatna. Landið er afbragðs snoturt í einfeldni sinni og svipleysi. En hugurinn hrópar á eitthvað sem hrífur, en þarna getur ekki verið til. Landið er hvergi flatkökuflett, heldur kollóttar bungur sem hólur í túni. Miklu mun þetta fegurra á sumrin. Nú sést hvergi blað á tré. Hinsvegar er jörð þyð og ber eins mikið á grænu grasi og sinu, það er einskonar gott haust. Hití hefur verið þennan mánuð frá 0 upp í 10 - 12 stig og litlar úrkomur. Krapaslettingur nú um páskana, en festi ekki snjó.

Í fyrrakvöld kom ég á finasta kaffihús borgarinnar, sem heitir Wivel og íslendingar kalla Vífil. Við giskuðum á að þar sætu inni 1000 manns og mun of lítið. Ef gískað er á að út- og innstreymi sé þannig að 2000 komi þar á kvöldi, sem líka er allt of lítið, þó við biðum í klukkutíma eftir góðgerðum og hver maður eyði 5 krónum að meðaltali þá er eytt þarna 20.000 á kvöldstund fyrir að koma heim jafnsvangur. Auðvitað er grenið opið allan daginn. Þó mest sé aðsókn á kvöldin. Það er ekki svo vitlaust að koma þarna einu sinni.

Stofnuninni 2. apríl. Hingað flutti ég kl. 8 í gærmorgun. Ríkisspítalinn er heilt Þorp, sérstakt hús fyrir hverja tegund sjúkdóma. Þetta er eitt, Rigshospitalets Födselsafdeling. Þetta er

mikið hús, 100 rúm fyrir sængurkonur. Neðst er Föðselsgangen. Þar fæðast börnin. Þá er Barselsgangur. Þar liggja konurnar. Sumsstaðar 10 í stofu og vaggja við hvern fótagafl með organdi krakka í og er næsta kátlegt að koma þar inn. Það er lítið skipt sér af greyjunum, bara tekin upp að sjúga með föstu millibili. Á einni stofunni var Þögn, öll að sjúga á vinstra brjósti, sjá má að þetta gengur eins og í maskínu. Efst liggja konur með sjúkdóma í kynfærum, óléttar og þar er skurðstofa. Yfirlæknirinn heitir og er prófessor Gammeltoft (36 ára). Þá eru 1. og 2. Reservelæknar, Þ.e. auka eða undirlæknar. Nr. 1 heitir Petersen og nr. 2 frá Fjeldborg og hún kvað stjórna okkur mest og skal nú reyna pilsveldið í nýrri mynd. Þá eru fastakandidatar og loks við 8 lausakandidatar, Þ.e. við erum bara mánuð hér. Svo er hálfannað helvíti af kvenfólki til hjúkrunar í svipuðum tignarstiga og svo ráðskona og eldabuskur, Þvottakonur, dyraverðir o.s.frv. Því margs þarf búið með. Eg bý með öðrum lækni í herbergi milli borðstofu og ráðskonunnar og svelt væntanlega ekki. Félagi minn heitir John Lorentzen og er Þjóðverji sem Danir fengu í kaupbæti með Suður-Jótlendi. Hann er öllu verri en ég í dönsku og er það því fremur undarlegt mál sem við tölum saman. Hann vill tala við mig dönsku og læra hana á því !!! Eg vil tala Þysku, sem ég kann talsvert í en hef ekki talað fyrr. Hann var 4 ár í stríðinu, bæði óbreyttur hermaður (2 ár) og læknir. Eg segi að hann muni hafa drepið marga menn, en hann segist ekkert um það vita. Sverðin voru aflögð fyrsta árið og byssustingirnir svo og seinast handbyssur og bara notaðar vélbyssur og fallbyssur, því óvinirnir sáust sjaldan. Það var því bara skotið í áttina. Hann hefur séð stærri borgir en ég, en þó ekki nema ljósbjarmann upp af París. Það var við Marue þegar Þjóðverjar voru nærri búnir að ná París, en yfirförlinginn á vesturstöðvunum spilaði sigrinum úr hendi Þjóðverja.

6. apríl. Island fer kl. 8 og mér þykir vissara að ljúka við þetta. Þetta er enginn letigarður, ég hef sofið 4 - 5 tíma að meðaltali á sólarhring hér, stundum ekkert. Maður má ekki reka nefið út nema í mesta lagi 4 hálfu daga. Engin kona kemur hér fyrr en hún er búin að taka léttasóttina, það hafa komið 14 hverja nótt nú, Þ.e.a.s. aðra hverja nótt því aðra nóttina fara þær í B-hluta stofnunarinnar, en þar erum við ekki. Nóg að gera

samt, það mun þó hægt að sleppa lifandi hédan ef hver stund er
fellur er notuð til svefns og og hægt að nota hana.

Eg skrifa Önnu ekki, en ætlast til að hún eigi þetta líka. Mér er
mesta raun að skrifa mörgum það sama og ekki veit ég hvað Asa
segir því ég hef eiginlega ekki skrifað henni hédan. Eg ráðgeri
að halda heim með fyrstu ferð í maí.

Með bestu kveðju í bæinn,

Jonni

Jón Arnason var skipaður héraðslæknir í Óxarfjarðar læknishéraði og fluttist til Kópaskers í júlí 1921 ásamt fjölskyldu sinni konu, tveimur dætrum og fósturu sinni Önnu. Sigurður fósturi hans, sem hann kallaði Di, drukknaði á Siglufirði.

Asi, 13. okt. 1921

Góða mamma.

Anna fékk bréf frá þér í dag og biður mig að skrifa þér strax fyrir sig með Gunnlaugi Kristjánssyni, er fer inn í dali. Eg ætla líka að skrifa ögn frá eigin brjósti. Eg er nú farinn að trúá því að fréttir berist ekki öllu fljóttara en frá Reykjavík þó skammt sé á milli og eitthvað verði að skrifa.

Sláturtíðin endaði í gær og í dag kom "Villemoes" í fegursta veðri og tók allt ketið sem til útlanda fer 438 tonn, nærri helmingur er seldur innanlands. Það endaði vel hér í hafnleysinu. Slátrað var 5553 kindum. Eg hafði 12 auru á skrokkinn eða 666 krónur rúmar, en ber allan ferðakostnað frá í sumar sjálfur þ.e. Akureyrarferð. Eg hef haft mjög mikið að gera þessa sláturtíð, varla matar né svefnfrið. Til landsins var ég ekki sóttur nema þrisvar meðan á henni stóð því annars hefði slátrun tafist, ég er svo lengi í ferðunum, allt er svo langt að fara. M.a. var ég sóttur úr Hafursstöðum til manns sem dó sólarhring síðar. Það er fyrsti maður sem deyr hjá mér, enda hefði honum hvergi orðið bjargað. Þangað er 7 tíma reið. Þá sá ég Jökulsárgljúfur í sinni dýrð. Hafurstaðir eru litlu norðar eða beint á móti Svínadal.

Eg keypti 8 kindur á fæti til slátrunar og auk þess 14 slátur og ennfremur 9 svið, mestallt af Kobba á Skinnastað. svo er ég búinn að kaupa 5 ær til lífs, er Ingimundur fóðrar fyrir mig og ætla að græða á þeim. Kúna og 200 krónur í fénu er ég búinn að borga og í kaupfélaginu stend ég mig þolanlega, en launin setjast öll að í skuldir syðra og hér og þar um heim. Margt þarf að kaupa sá sem með engu byrjar, en ég byst við að nota það allt og komast úr mestu kreppunni á tveim árum. Sjálfur ég og innbúið er váttryggt fyrir fimmtán þúsund.

Vel gekk ferðin í sumar, ég var ó tíma af Skarðselli á Svínadal, villtist þó í þokunni út Hvannslóð upp á Neðri Hágöngin, en fékk bara lauslegan þokuruðning á Hálsinum og fann vörðurnar og sá hvar Halli hafði farið út af réttri leið með Önnu, of mikið til austurs. Mér þótti of snemmt að setjast að í Svínadal, símaklukka 5, og náði háttum í myrkri í Ás og sömuleiðis á Skinnastöðum. Nokkru síðar var ég sóttur hér austan úr heiðinni frá koti er heitir Háls og þangað úr Ormalóni, sem er við sjóinn, Þistilfjörð við enda Þistilfjarðarfjalla og ekki í mínu éraði. Þau eru áframhald af Dimmafjallgarði. Á Ormalóni gisti ég hjá Þorgrími gamla frænda Kristjánssyni frá Leirhöfn, hann sótti mig og fór með mig fyrir mann á Raufarhöfn morguninn eftir og hingað um kveldið. Karlinn er hálfáttæður, en sprækur mjög og einhver mesti bölvaður skrófnagli á hesti sem ég hef verið með. Þótti honum ég aldrei fara nógu hart og lá þó ekkert á, en vegur vondur. Karlinn hefur verið mesti hreysti og dugnaðarforkur, setti t.d. ekki upp vettlinga fyrr en í fyrra við húsaverk. Dálítið gerist hann raupsamur. Mesti myndarkarl.

Anna biður mig að segja þér að þú verðir að taka það eins og hún skrifi þér með hverri ferð, svo vænt þyki sér um bréfin frá þér, en þú þekkir að hún geti ekki skrifað. Hún biður þúru eða ykkur að taka ofan af ullinni sinni og senda hana ef að Guðrún á Geirastöðum geri það ekki, en hún hefur lofað því. Kunningja segist hún eiga fáa hér nema Kristján gamla frænda sinn frá Víkingavatni á Kópaskeri. Hann biður að heilsa Jóni á Grænavatni (það geri ég líka) og þeim Helga og Kristínu og segist ætla að heimsækja þau í næsta sinn. Heilsa Önnu er þolanleg, en hún biður að segja að hún finni að allt sé í hrönnun. Hún vinnur mikið og of mikið nú í sláturtíðinni því þrekið er alveg þrotið. Hún er líka orðin íhlaupasöm og fær hita ef hún verður lasin, en ekki hefur það verið nema dag í einu tvisvar í sumar. Hún hefur ofan af fyrir Jórunni og gefur og brynnir kúnni og hirðir hana nema taka heyið og mjólka.

Það gengur stirt með þetta bréf, ég varð að fara ofan á Sker til konu sem kannski ætlar að fara að eiga barn og svo hafa 4 komið, tíminn tættist sundur í tóma óvænta snúninga, andinn fer sína leið

og það sem átti að skrifa.. Eg hefði aldrei trúað að það yrði eins ónæðissamt að vera læknir í svo fámennu héraði. Jú, það er satt, ég er búinn að fá veitingu fyrir því og orðinn kóngsins maður.

Gunnlaugur er að fara. Við biðjum öll kærlega að heilsa.

Jonni

Ási, 3. des. 1921

Góða mamma,

Það er eitthvað leiðinlegt og fráhrindandi við það að skrifa bréf, sem verður á annan mánuð á leiðinni þó ekki sé nema rúm dagleið til viðtakanda. Auk þess verður nokkuð þangað til að Njáll kemur og bréfið fer. Það er líka svo að ég finn ekki að ég hafi mikið að skrifa, berserksgangur síðustu ára er runninn af og logn komið á eftir. Hugsun öll að jafnaði á ruglingi, læknisstarf er líklega líkast því að vera barnfóstra og fá aldrei frið. Þegar búið er þurrka migu eins skítur annað og þriðja orgar. Reyndar koma dagar sem enginn kemur, þó eru þeir ekki orðnir nema tveir eða þrír, en oft fáir og lítið að gera. En ætli maður svo að taka sig til og fara að hugsa eða þvílíkt, þá er barið. Mér er það í minni í haust eitt sinn hafði ég stolið mér lambsfót á undirskál og var að setjast fram í apóteki og ætlaði nú að njóta lífsins (!). Þá var barið. Ekki tapaði ég lambsfætinum, en hið rétta skap til þess að éta hann var farið þegar tími vannst. Sama væri þó ég vildi skrifa bréf eða annað viturlagt.

Og svo leiðist mér þegar enginn kemur af því ég er alltaf við því búinn að einhver komi. Annars kemur fólk helst í hópum eða þegar ég er að éta og öllum liggur fjaska mikið á. En það er slæmt í fámennu héraði að ekki er gerandi að eiga mikið af tilbúnum lyfjum, það er fátt sem oft er látið úti. Annars er ég ánægður hér, líkar vel við fólkið og furðu mikið að gera.

Nýlega fór ég í heimskautuferð til þess að skoða barnaskóla á Rífi og kom þá á flesta bæi á Sléttu. Var þrjá daga með því að sofa lítið. Fór fyrst út í Leirhöfn, þá í Grjótnes, hljóp yfir Núp-skötlu og tafði á Oddsstöðum. Þar er kararkerling sem þú þekkir. Fór um tún á Sigurðarstöðum og gisti á Blikalóni. Morguninn eftir í Ríf, þá í Skinnalón, Harðbak og Ásmundarstaði og gisti á Raufarhöfn. Eg hafði aldrei komið á það svæði, sem ég fór um þann dag og var því snúningasamt því margar voru kvartanirnar. Var því í 14 tíma í stað 5 - 6. Manni verður á að spyrja hvernig á því stendur að byggð skuli vera í slíkum helvítis

vatnslausu í sæti. Þannig stóð það í nokkrar vikur í úrkomulitlum þurrkleysum, en á laugardaginn var fórum við frameftir og voru sáturnar afbragð. Dreifðum einu sinni, tókum saman og þá rigndi á eftir. Drukkum kaffi og bundum síðan allt í 32 reipi og svo átti nú að fara að smala hestum og flytja að morgni, en þá kom maður að sækja mig utan af Sléttu. Björn Kristjánsson átti þarna líka hey og nú smöluðum við hestum út Núpasveit um kveldið og fengum 28. Um nóttina reið ég út á Sléttu og kom daginn eftir áður en fyrri ferðin, mitt hey og sumt Björns kom, enda heylestin 4 tíma að framan.

Eftir áætlun kostar mig þetta hey 180 krónur og er það minna en ef ég hefði keypt það, enda líklega illt að fá hey í vetur. Af þessu er flutningskostnaður kr. 2.80 á baggann. Kyrfóðrið kostaði mig í vetur 700 kr. og alls keypti ég á ári sveitabúa afurðir fyrir nær hálft þriðja þúsund, hluti er bændur taka þegjandi við af jörðum sínum og bölvu þeim fyrir og þykjast aldrei hafa neitt í aðra hönd annað en ullarhárið á vorin og fáeinar kindur á haustin í kaupstaðinn. Þetta er nú handa strákum til íhugunar og fróðleiks þó þeir ef til vill segist vita slíkt, en ekki vissi ég það svo vel fyrr en ég reyndi.

Bið svo kærlega að heilsa í bæinn.

Jonni.

Asi. 4. nóv. 1922

Elsku mamma,

"Og með því nú er næði til", segir í mínu gamla uppáhaldskvæði Kolnef. Þakka bréfið síðasta, alltaf eru þau góð. Sem bréfitari átt þú varla þinn líka í veröldinni að undantekinni skriftinnilíklega. Fréttir eru fáar, ég hef setið í reikningum mínum undanfarið því margt trassaðist í sláturtíðinni. Þá er alltof mikið að gera því þá eru allir í kaupstað og svo kjötskoðunin. Í þetta sinn voru líka ýmsir örðugleikar. Eg hafði hér bónda framan úr Axarfirði, Gunnar í Akurseli, er ég síðar sendi til Akureyrar til erfiðrar aðgerðar á spítala og svo veiktist einn maðurinn á sláturhúsinu af afarsvæsinni lungnabólgu og lá sama sem úti fyrst því enginn vildi taka hann uns ég varð til þess. Hann lá hér rænulaus í 10 daga og dó hér hjá mér. Eg varð að búa um hann sjálfur og vaka yfir honum þegar dóttir hans, er fylgdi, tók að örmagnast. Þetta var Sigvaldi á Gilsbakka, 11 barna faðir, margdrepinn maður af þrælkun og heilsuveill. Annars hef ég verið mjög heppinn með lungnabólgu sjúklingana mína, sem nú eru orðnir margir.

Nýlega kom ég á bæ er Grashóll heitir hér austur í heiðinni að kveldi dags og settist inn í stofu og lenti í kjaftæði miklu við kerlingu þá er Pálína heitir, kölluð saumakona, og alið hefur aldur sinn hér í þessum sveitum. Barst talið að eyðibylum og síðan að sagnagerð Jóns Trausta. Taldi hún sig kannast við efni- viðinn í mörgum sögum hans, enda mun hann héðan vera. Flest sögu- skáld hafa eitthvað sérstakt í huga er þeir svo yrkja um. Sjálfum þótti mér þetta gaman því ég var nybúinn að lesa mestöll verk Jóns Trausta, fengin hjá bróður hans Jóni, er nú er húsmennsku- maður hér á Snartarstöðum. Dettur í hug að segja þér.

Móðir Jóns Trausta hét Guðbjörg, atgjörfiskona til sálar og líkama (Halla). Maður hét Gísli, síðar bóndi og hreppstjóri á Hóli á Sléttu (presturinn). Hann var trúlofaður tveimur í senn og átti báðar óléttar, Guðbjörgu þessa og Þórdísi er síðar varð kona hans. Hann giftist nú Þórdísi án þess Guðbjörg hefði hugmynd um. Fór hún þá í Daðastaði í Núpasveit og ól þar sveinbarn, er dó ungt. Þá bjó á Daðastöðum maður er Magnus hét og átti Magnús fyrir son. Þeir feðgar voru taldir í alnum. Ekki segir Pálína tvo

menn geta verið líkari en Magnús yngri og Ólaf sauðamann í Höllu. Felldi hann hug til Guðbjargar og giftust þau. Trúlegt er að Magnúsi sauðamanni hafi þótt landkostir góðir í Hrauntungu (Heiðarhvammi). Það er kot byggt úr Arnarstaðalandi, en tún liggja saman á Arnar- og Daðastöðum. Í Hrauntungu lentu þau hjón. Rétt hjá Hrauntungu var þá byggð á koti því er Múli heitir (Bollagarðar), en nú er í eyði. Þar voru þá Björg dóttir Rífs-Jóku og Jón nokkur "læða" kallaður. Á þeim lék ófrómleikaorð, einkunn Björgu (Finnur og Setta). Magnús dó í Hrauntungu og náði Guðbjörg í ferðamenn er fóru um heiðina og fékk hjálp frá byggð. Þá voru hjá henni tvö börnin Jón og stúlka, en Guðmundur (Jón Trausti) var þá í Skinnalóni.

Þó ymsu sé vikið eru þó þessir atburðir svo líkir Höllu og Heiðarbylinu að ég get varla efast um fyrirmyndina. Þessi dóttir Magnúsar og Guðbjargar sagði Pálínu að væri Jóhanna í Heiðarbylinu þó hennar saga gerðist síðar. Hún átti barn með Siggeiri gamla á Oddsstöðum, er síðar giftist Borghildi Pálsdóttur, hann var þá grenjaskytta um allar sveitir. Það barn er Friðgeir, nú á Oddsstöðum, giftur maður. En Jóhanna þessi varð skammlíf. (Eg man ekki hvað hún hét). Guðbjörg giftist aftur en átti ekki börn með þeim manni. Aðrar getgátur Pálínu um persónur í Heiðarbylinu voru meira á reiki og ótrúlegri. Ekki hef ég heyrt aðra tala um þessi efni, en áður hafði ég spurt Jón gamla Magnússon. Hann minnir helst á Bensa Hall og þykir tilhlyðilegast að klökkna er talað er um bróður hans skáldið. (Mundu nú að skammt er norðuryfir og að læknar þurfa að vera orðvarari um fólk en það um þá).

20. nóv. Ég hef nú verið á stöðugum ferðalögum meira en viku. Fór fyrra sunnudag út á Sléttu, var sóttur úr Skinnalóni og skoðaði skólabörn um leið. Var 3 daga. Miðvikudaginn fór ég smáferð. Fimmtudag heima og svo í þriggja daga túr fram um Axarfjörð. Mætti Geira Strandar í fyrrakvöld sunnan við Skinnastaði með 5 klyfjar af silungi og borðaði í gær 5 silungsstykki á Skinnastað og reiddi 6 smábönd heim. Hann sagði mér bræðrabyltu-visu þuru. Kom heim í myrkri, rakaði mig og tók til meðöl fram á nótt og nú þegar ég er að rísa úr morgunrotinu kemur póstur svo þetta verður að vera búið.

Bið því að heilsa.

Þinn Jonni

Asi. 15. 1. 1923

Elsku mamma,

Það er orðið langt síðan líklega að ég hef skrifað ykkur. Ekki höfum við heldur fengið bréf frá ykkur nú lengi. Af okkur er gott eitt að fréttu, við erum vel frísk. Þó fékk Anna gamla vont íhlaup nú úr nyárinu, en er nú hress. Við Láru líkar okkur afbragðsvel og vitum ekki annað en hún unni sér sæmilega.

Vetur þessi hefur verið mér það sem af er að sumu leyti erfiður, mikil ferðalög, ymis veikindi fólks á stangli skæð, en farsóttir engar. Frá 12. nóv. til 28. des. var ég alls 29 daga að heiman, þar af eitt sinn 10 daga að heiman í röð, en í flestum ferðum 3 daga hverri og var þó oft á ferð 13 tíma á dag, þá mjög í myrkri og vegleysu, en það sem verst var eða jafnvel það eina sem að var, voru andskotans húðarbykkjurnar, sem ég hafði til reiðar. Mun óhætt að segja að það sé víðar en hér sem farið er með lækni verr en nokkra skepnu. Tók ég þá að gerast illur viðskiptis og óblíður í máli.

Þennan tíma mestallan er fyrr um getur var Þórhallur læknir á Þórshöfn í Reykjavíkurförð og vildi svo illa til að ymis erfið sjúkdómstilfelli komu fyrir í héraði hans á meðan er við Ingólfur á Vopnafirði höfðum lofað að líta eftir, ég Þistilfirði, en Ingólfur Langanesi og Ströndum. Fór ég eitt sinn á tæpum 13 tímum að heiman austur í Syðri Lón á Langanesi til konu í barnsnauð, sjóleiðis yfir Þistilfjörð til mikils flytis og vakti síðan mestalla nóttina og náðist krakkinn tvöfaldur út og snarlífandi. Síðan til baka daginn eftir í stórhriðarveðri, sumt gangandi, en sumt á húðarjálk, sem við þrír hrintum út í vatnsföll afturábak, því þannig var hann bestur. Gisti í Garði í Þistilfirði og síðan þriðja dag yfir heiðina heim. Er þar Hrauntunga byggð á miðri heiði til mikillar leiðarbotar.

14. des. var símað til mín úr þrem attum: 1. Beðinn að koma austur í Þistilfjörð. 2. Upp í Hólsel. 3. Austur í Ormalón til kerlingar Þorgríms gamla frænda. Do hún svo að ég komst aldrei

til hennar, enda ekkert við hana að gera.

Fór ég morguninn eftir austur en lofaði Hólselsferð strax á eftir og tiltók dag. Komst ég eftir 11 tíma látlaust ferðalag á áfangstaðinn, Heiðarsel, en veikur var Tryggvi bróðir sr. Hermanns af afar vondri lungnabólgu, enda lítt heill fyrir. Aður en ég hafði verkað af mér snjó var rekin þar í mig orðsending frá Ingólfi að hann vildi tala við mig frá Garði í Þistilfirði og ég komi þangað. Morguninn eftir upplýstist að hann hafði ætlað að mig til liðs við sig austur á Langanesstrendur til konu í barnsnauð. Þangað sagði Tryggvi, sem er ólyginn, að væri helmingi lengra en til Kópaskers eða 20 - 24 tíma ferð í slíku færi er þá var. Þóttist ég eigi geta lagt í slíkt mest vegna konu í Kelduhverfi er ég átti von á þá á hverjum degi og nú hefur alið 3 börn andvana af 6 vegna erfiðra fæðinga. Konan á Ströndunum dó 12 tímum áður en ég hefði getað komist þangað, enda hafði Ingólfur álitnið vonlaust um hana frá fyrstu byrjun, en eigi að síður er ég mjög affluttur í almenningsmunnnum og víst kennt um dauða hennar.

Fór ég nú heim og síðan upp á Fjöll og var þar dag um kyrrt sökum þreyttra hesta og hrakninga, en þá í hvellinum ofan í Kelduhverfi á 9 tímum til fyrrnefndar konu og hefði ég varla verið kominn heim hefði ég austur farið á Strendurnar. Í Hverfinu hafði konunni blætt mikið en barnið dáið og fæðing ekki byrjuð. Þareð sæmilega leið þar en óvíst þótti mér og Þórhalli, er þingudum um málið í síma, að barnið væri dáið fór ég heim og var heima nokkra klukkutíma á aðfangadagskvöld, en þareð konan tók þá sótt að nafni til fór ég um nóttina ofan eftir aftur og náði loks hinu dauða barni að morgni annars í jólum, en konan lifði með naumindum og er það argvítugasta fæðing er ég hef enn séð. Kom loks heim 28. des. og hef að mestu haft frið síðan.

Eg skrifa þessar hrottasögur bæði af því það er nú það helsta sem á dagana hefur drifið og svo af því að ég veit að til ykkar berst oft ymislegur afbakaður þvættingur, sem ykkur kann að falla illa, en ekki er þetta ætlað öðrum til leiðréttingar.

Fréttir héðan er ekki til mikils að skrifa. Helgi í Leirhöfn.

Ási 25. 2. 1924

Elsku mamma,

Bréf þitt skrifað 13. þ.m. meðtók ég og þakka fyrir. Þér mun þykja ég latur að skrifa orðinn. Það einhvern veginn ferst svona fyrir síðan ég kom hingað, því um aðalstarfið get ég ekki fjölyrt, en í það ganga mestar hugsanir og af hinu er svo fátt að segja. Eg er líka hundleiður á penna og bleki. Fæ mörg hundruð bréf á ári, flest kvabb og lysingar innanhéraðs og skrifa annað eins. Svo eru skyrslugerðir, ég er nýbúinn að losa mig við árs- skyrslur til landlæknis þund að þyngd og svo allt reikningshald og skriftir, sem ég þó þyki latur á.

Arnbór skrifaði mér fyrir jólin og lysti sjúkdómi sínum og bað mig ráða. Eg skrifaði honum strax og réði honum að fara til Reykjavíkur í vor að loknu prófi og láta athuga sig og koma svo til mín. Það má alls ekki trassa þetta hótí lengur, búið nógu lengi. Þú hefur ekki trú á sérfræðingum. En ég tel ekki á betra vól en þeim. Þeir hafa þekkingu, reynslu og áhöld fram yfir aðra og vænstu menn bæðir. Eg sé um að hann geti klofið þetta, og skrifa læknunum. Eg vil að þeir rannsaki hann og hefji meðferð, en svo komi hann til mín og komi við heima um leið. Þetta álit ég tryggast og vonast til þess að þið spillið ekki fyrir því að hann hafi þetta svona. Að öðru leyti mátt þú vera róleg út af þessu.

Það er sagt jarðlaust á Tjörnesi og hart hjá ykkur. Hér hlánaði 21. janúar og voru rosar miklir fyrst, en þennan mánuð besta tíð og mjög autt hér við sjóinn, en því verra sem hærra dregur yfir sjávarmál. Annars er einkennilegt hve breytilegt getur verið á litlu svæði. Hér vestan í Sléttu ganga fram núpar margir og eru hvörf á milli og mjög misjafnt í þeim bæði átt og snjólag í vetur. Í Leirhöfn hefur veturinn t.d. verið afbragðsgóður en mun lakari í Snartarstaðalandi, næsta bæ við, en Reistargnúpur á milli. Veitir og frændum vorum ekki af með allt það fé á tónum gaddinum. Þar hefur stundum verið hláka þó her tæki ekki. Eg var í Leirhöfn í nótt. Sigurður smíðaði tannhjól í vindmyllu, sem þeir nota til áveitu. Kristinn lamdi utan Þórólfsvagn. Helgi bætti hnakktösku. en Guðmundur var með móð á ristunum. Það var

yngsti bróðirinn opinberaði nýlega, er hans fljóð Andrea Jóns-
dóttir frá Ásmundarstöðum, hin yngsta og eina ógefna af þeim
fögru og feitu systurum.

Segðu þuru að ég þakki henni fyrir bréfið og muni áreiðanlega
reyna að skrifa henni á þessu ári. Segðu Halla að mig langi í
bréf frá honum um búskapinn. Hvað skrifar Arnþór?

Með ósk um farsælt ár. Bið kærlega að heilsa í bæinn.

Þinn Jonni.

símað til min frá Raufarhöfn (Röverhavn á norsku) í gærkveldi og ég beðinn að fara út í Leirhöfn og vera þar til taks handa konu nyrst á Sléttu er var að ala barn. En ljósmóðirin sat á fundi á Raufarhöfn um spunavélarkaup og var þá notað ser að orga í mig og fá mig áleiðis ef á lægi. Eg lofaði þessu og kvaðst skyldi bíða til hádegis í dag í Leirhöfn, en fara þá heim ef enginn kæmi, sem ég gerði. Reið í nótt úteftir og enginn kom, svo þetta hefur líklega gengið þolanlega. Annars er læknis leitað hér ákaflega oft í litlu tilefni, en ég fæ margar ljótar sveiflur fyrir. Hér um daginn lá ég í tvo daga í kvefi og var þá heimtaður til konu að næturlagi, en var sveittur í bælinu. Eg kvaðst eigi fara mundu því tiltölulega auðvelt var að fá lækni á Húsavík. En konunni gekk ágætlega og hætt var við að fá lækni. Í sumar ætlaði ég að liggja einn dag, en varð þá að fara í ferð og fór. Svona er nú lífið. Þó ég sé ekki búinn að vera hér full þrjú ár þá er þó búið að sækja mig á jólum, gamlárskveld, nýársdag, páskadag og hvítasunnu. Heilsufar hefur verið sérlega gott hér í vetur og ég hef haft óvanalega lítið að gera. Þó verið sottur sjö sinnum á þessu ári, sem er við meðallag. Eg hef haft óskaplegt stríð nú í 7 vikur við mann með meinsemd í auga, bláfátækan barnamann og einyrkja, sem hefur mjög léleg augu. Vildi ég ekki láta hann verða einsynan, en þó er trúlegast að ég verði að láta í minni pokann, því við ramman reip er að draga, en aldrei hef ég haft eins mikið fyrir manni. Hann liggur nú hér hjá mér.

Nú fer læknirinn á Þórshöfn alfarinn næstu daga og bætist þá sjálfsagt eitthvað á mig ef ekki fæst þangað maður strax, en ekki getur það orðið nema nafnið að Þjóna Þistilfirði héðan, Þ.e.a.s. fyrir fólkið.

Eg slæ botninn í þetta með bestu kveðju í bæinn.

Jonni

Asi 8. 9. 1924

Elsku mamma.

Þakka stúf úr bréfi til konunnar meðteknu í dag. Eg hef ekki hugsað um skriftir til ykkar og búist við að þið væruð e.t.v. hrædd við bréf héðan. En nú eru víst stúlkur þúnar að senda bréf, einnig óvíst þau smiti og ekki líklegt. Þá ætti ég og ekki að smita lengur og loks hef ég enga trú á því að Myvatnssveit takist að verjast - því miður. En gott væri að hún gæti sloppið fram yfir sláturtíð. Erlendis er það reynsla að mest sé um þessa veiki í ágúst - október. Öreynt er hvort svo er hér. En trúað gæti ég því að dragi úr veikinni eða jafnvel hún virtist deyja út er fram á vetur komi. En ég held hún komi aftur og aftur og það er í reyndinni alveg ómögulegt að verjast henni eins og þekking manna er enn á henni.

Hér gekk í júní faraldur er mjög líktist þessari pest og ég var í vafa um hvort væri hún. Við fengum hana öll. Það sagði ég Asu er hún talaði við mig frá Reykjavík. Daginn eftir lagðist ég. Var búinn að vera lasinn í þrjá daga, en hélt væri slen því ég var í ferð í hitum. Fékk mér það og versnaði. Ætlaði þó ekki að liggja lengi en lakaðist heldur aftur, er ég fór að prófa mig og fékk þá það ráð frá Steingrími Matthiassyni að liggja 2 - 3 vikur og gerði það. Þó leið mér margs vegna illa í bælinu. Og þó bætti nokkuð úr að Olafur Jónsson dvaldi um tíma í héraðinu og fleiri lækna fóru um. Samt varð ég að segja konunni fyrir um lyfjaútlát daglega o.fl. rex. Nú er ég búinn að vera á fótum í nærri mánuð, en þó varla jafngóður.

Það er ekki um annað talað við mig en þessa pest, svo ég hef ekki um annað að hugsa eða skrifa. En er hún þá svo voðaleg? Ekki er nú hægt að segja að margir deyi eftir því sem gerist í farsóttum, en það eru örkumlín, sem allir óttast. Vörn er nokkur í málinu þó veikin komi til ykkar. Fari menn vel með sig frá byrjun er hættan ekki mikil. Hérumbil allir, sem illa hafa farið, hafa farið illa með sig fyrstu dagana, enda oft veikst hægt. Hinir virðast sleppa betur, sem illa veikjast strax, því þeir fara betur með sig. Fáir maður bakverk, rig aftan í halsi, ónot í fótum (kálfum), hófuðverk, máttleysi, niðurgang, velgju, þá er vissara að fara að láta sér detta þessi veiki í hug.

Niðurlag þessa bréfs vantar. Veikin sem rætt er um í þessu bréfi var mænuveiki eða lömunarveiki. Björg, dóttir Jóns, sem fædd var 4. janúar 1924 veiktist illa og lamaðist. Hún dó 17. maí 1926.

Ási, 28. 11. 1924

Elsku mamma,

Okkur flaug í hug það snjallræði í gærkvöldi að skrifa með Esju, er komi bréfum í veg fyrir jólapóst. En nú er Einar á Ærlæk búinn að sitja svo lengi hjá mér að tími er farinn og ég truflaður, en Esja kemur í kveld. Með henni fer Jórunn, mágkona, sem hér er búin að vera í mánuð og með henni kemur kona héðan með mislinga og eru nú stórar ráðagerðir og umsvif hvað við hana skuli gera. Líklega berum við hana seinast út af akrinum eins og Molbúarnir storkinn. En annars er búið að leitast við að verjast þeim síðan í vor. Nú eru þeir sagði í Myvatnssveit.

Heilsufar hefur verið hér gott í haust og ég ekki mikið á ferðinni. Rauður minn á gaddinum enn. Tíðin góð nema nú um tíma dálítið kast og talsverður snjór en þó nægar jarðir. Var ég í þeim hretum þrjá daga í Sléttuferð og kom í fyrradag.

Jakob á Skinnastað kom hér fyrir æði löngu í mesta flyti og með honum sendi ég gleraugun og vona að þú sért búin að fá þau.

Þú spyrð eftir álitum voru á Arnþóri í bréfi í sumar. Hann er indælasti strákur, greindur og skemmtilegur, sem öllum hlýtur að þykja vænt um. Mér þykja óþarflega miklar skáldagrillur í honum. Bræður þínir eins og Stefán hafa farið vel með sína ljóðagáfu, haft hana til þess að hlæja að henni og láta aðra hlæja að, en kært sig bölvaðan um alla viðurkenningu, sem þeir líka áttu ekki mikla skilið. Mér finnst Arnþór líta fullstórt á sína, en annars er það barnaskapur og fer líklega af honum, enda er hann að vissu leyti milli vita og ræður ekki við fjörið. Svona var ég í Mennta-skólanum seinast. Rétt að segja farinn að halda ég ég væri "Geni" og skáld í óbundnu máli. Arnþór er hagorður, en ekki snjall eins og Þura. Mér fellur best að líkja andlegum gáfum við gæði hesta. Og þá er Þura bráðrösk klármeri svo glæringarnar sindra í grjótiinu, en dintótt og þver. Arnþór vakur dúllari og ólatur, en ég Kerruhestur, sem var þó einu sinni að nafninu til reitt!!!

En svo er nú hvað úr Arnþóri verði. Eg er hræddur um að hann verði að "skit og engu" eins og kallað var á minum skólaárum, heima í sveit og það er ekki gott um hann svo góðan og glæsileg-

legan í mörgu. Afburðagáfur í sértsaka eina átt hefur hann ekki fremur en við aðrir ættmenn og bóndi er hann þá ekki heldur af lífi og sál að sagt er. Og ærin eru þrengslin heima í sveitinni. Eg talaði um þetta allt við Arnþór en hann sá ekkert nema sól og sumar og hólana heima. Mikið hafði ég illt af mínu seinlæti og ópraktisku. En við frændur Jónatans erum heldur seinþroska andlega. Við hlið mína stóð þó maður, sem margt hafði séð og á hyggilegan hátt reyndi að vekja mig til kapps og framsóknar. Smátt og smátt sá ég þann klaka, hið þunna gæruskinn hálfu Geirastaði. En féð var fallet á haustin og heyin uppsett, og fögur hliðin og ég fór hvergi. Og loks fór ég hikandi lengi fyrst til að læra og falla inn í skólakreddur og námið gekk þyngra en annars, og það hefur áhrif til endaloka. En hver veit annars hvernig allt hefði farið best. En rökvísi aldarinnar segir mér að ég hafi verið flón.

Eg hefði óskað að Arnþór hefði lagt út á einhverja beina braut, eins og ég er á nú. Ráði það við sig hvað hann ætlaði að verða og unnið að því strax. Skólar eins og Eiðaskóli eru einskonar þjófalyklar að öllu og engu og ónyttir til alls einir saman. Þeir eru afkvæmi þeirrar menningarstefnu, sem kennir sig við vakningu og lætur sér nægja að segja að hundurinn hafi rófu og fjórar lappir. En ekkert þroskar mann andlega nema mikið erfiði við einhvern sérstakan hlut og þá eru þó sérskólarnir skárri.

Öll skynsamleg rök benda á að Arnþóri sé lítil framtíð búin heima í sveit. En hann getur enn með dugnaði brotið sér aðrir leiðir. Líklega yrði hann þó kaupstaðarmatur. En hvað um það. Það er leið svo margra og óumflyjanlegt meðan jarðræktin er ekki komin lengra. Bestu bændur bæta jörðina sína um helming, en flestir eiga fleiri börn og því hafa kauptúnin orðið griðastaður þeirra, sem hafa viljað eiga með sig sjálfir, sem er eðlileg þrá fólks.

Þetta bréf er allt í molum því oft hef ég orðið að fara frá. Ætlaði að skrifa Ásu og e.t.v. fleirum. Það er annars vitlaust að vera að rausa þetta við þig því þú ert svo opin þó þú segist geta þagað, sem sjálfsagt er satt. Gleðileg jól og gott ár í bæinn.

Þinn Jonni.

))C))0

Asi. 15. 5. 1925

Elsku mamma,

Það er orðið langt síðan ég hef skrifað þér og þú átt vist mörg bréf hjá mér. Það gengur svo, að við hverja ferð þarf ég að skrifa svo mörg "Forretningsbréf" að annað verður útundan.

Veturinn hefur mátt heita góður hér, en veðraillur og aldrei hef ég fengið eins vond veður í ferðum. Í vikunni fyrir páska hlánaði og síðan hefur ekki snjóað teljandi hér í sveit og við sjóinn, en verra miklu til landsins. Hér eru ekki nema stórfenni eftir, tjarnir auðar og flestir fuglar komnir fyrir nokkru. Krían fyrir þremur dögum. En gróðurlaust er alveg og jörð sinuhvít. Fé öllu búið að sleppa og hestum sumsstaðar. Eg er að láta slétta dálítið, en grunnt er í klaka og tefur fyrir. Köld austanátt alltaf.

Eg skrapp til Akureyrar um sumarmálin og var viku. Við fórum um 30 héðan því ferð var hentug. Eg átti mörg erindi og hafði lengi þurft. Var fjóra daga á Akureyri og sá ymsa kunningja. Gafst upp við að finna Stebba og Imba. En seinasta kvöldið rétt áður en við fórum var ég á samsöng í Gúttó og þegar ég kom út ur myrkrinu var slegið á öxlina á mér og þar var Dóri og þau öll. Hann hafði komið þá um kvöldið með Esju að vestan. Stebbi er mesti rumur, stór að verða og Imba svo hnausfeit og frúarleg að ég þekkti hana varla, en Dóri syndist mér magur, en ekki að marka hann eftir ferðina. Þau hjálpuðu mér um borð með dót og við vorum dálitla stund saman. Imba hafði setið rétt við tærnar á mér tveimur dögum áður á skemmtisamkomu og ég ekki þekkt hana. Og við hliðina á mér Jósefína frá Hlíð með Þórunni Lúðviksdóttur og ég þekkti þær ekki. Mér finnst það einkennilega óviðkunnanlegt og ótrúlegt að ég skuli ekki þekkja Myvetninga. Og hugsa sér helvítis heiminn hvað hann er vitlaus að þær skyldu ekki heilsa mér. Annars get ég ekki heimsótt helminginn af þeim sem buðu mér til sín. Kom snöggvast til Ingibjargar Ben. sem syndi mér krakka þrjá, en Steinþór hittir ég ekki. Okkur þótti skítt að Friða Gauta var ekki viðstödd, en hún hafði ætlað inneftir. Við áttum semse marga osvikna hláturstund saman þessi hér á árunum.

20.5. Sólskin í tvo daga og tún að byrja að litka. Konan fór með Esju vestur 11. þ.m. og gekk ferðin vel vestur. Ætlar að koma með henni þann 24. Bakkasystur annast bú og börn. Eg fór um borð í Esju og var sagt að Baldvin væri með og varð ekki litið hissa. En af því viðvöl varð mjög stutt gat ég ekkert talað við Baldvin. Hann var allan tímann að éta og sat við borðenda eins og höfðingi og heimamannlegur eins hann hefði verið turisti á strandbátum frá fermingu. En ég spurði sr. Helga á Grenjaðarstað, sem var með. Hann kvaðst tvisvar hafa hitt Sæmund. Hann hafði eytt málinu og snúið sig af presti í fyrra sinn, en sr. Helgi kvaðst ekki hafa ætlað að láta hann sleppa svo billega og náði í hann aftur. Sæmundur sagði Baldvin ekki smita, hefði ekki þurft annað en taka fingurinn og til þess hefði hann ekki þurft suður. Eg kvað ekki venju að sleppa þessum sjúklingum úr því þeir væru komnir suður. Hann sagði sannleikann vera mundi þann að Baldvin hefði ekki unað sér og strokið hvað eftir annað af spítalanum, verið sem sé óviðráðanlegur. Samt sem áður er ég viss um að Sæmundur hefði ekki sleppt honum ef hann álití Baldvin smita. En að vonum mun hann ekki þykja góð sending heim og sjálfsagt er að biðja lækni að skoða hann oft á ári, ekki minna en 3 - 4 sinnum. Má segja að vér frændur séum ekki aldæla.

Nú er Sæli farinn úr Snartarstöðum, fór í vinnumennsku vestur í Fell til Sveins. Þorgrímur Ármannsson frá Hraunkoti, sem verið hefur hér um skeið er trúlofaður Guðrúnu Guðmundsdóttur, bónda í Garði hér við bæjarvegg. Hún er einbirni, stendur til að eignast gott hús og tún í Garði og einn þriðja úr Brekku. Besta stúlka en hölt, sem ekki ætti að saka. telja allir hann heppinn, en líka eiga gott skilið og óvíst Guðrún hefði fengið betra. Eg er mjög ánægður með þetta.

Sæmundur í Leirhöfn er að flytja suður á Stóru Vatnsleysu á Vatnsleysuströnd og líklega kaupa hana alla á svo sem 30 þúsund. Þeir Leirhafnarmenn hinir standa í stórræðum aldrei þessu vant. Ætla að halda úti mótorbát, byggja nu stórhysi undir fisk og líka bryggju. Hef ég heldur bölvun á því fyrirtæki. Líka byggja þeir fjarborg í vor yfir sex til átta hundruð kindur. Nýkomin hingað nær 50 tonn af trjavið í ymsar byggingar í héraðinu. Semsé mörg

stórræði á ferðinni og líklega heldur ogætílega farið þó hagar kaupfélagsins útá við sé góður. Allt er nú byggt úr steini að veggjum til.

Inflúensa var hér, en annars heilbrigði nema andskotans berklarnir, sem eru hér mjög miklir og erfiðir viðfangs.

Eg á ekki til gleraugu handa þabba, en fæ þau í júlí.

Þið kærlega að heilsa í bæinn.

segir Jonni.